FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

236. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 7. OKTÓBER 2017


# Hársbreidd frá HM

Ísland er einum sigri frá því að tryggja sér farseðilinn til Rússlands. ➜ 24



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Haldinn ævintýraþrá** Rúnar Kristinsson er nýtekinn við sem þjálfari KR. ➜ 34



**Hindranir vegna húðlitar** Hafsteinn, Tinna og Jónmundur takast á við fordóma. ➜ 30



**Lifir af krafti** Vilborg Davíðsdóttir leiðbeinir fólki í sorg og skrifar um sterkar konur. ➜ 86







## Veður




Suðlæg átt, 5-13 m/s en hvassara á Snæfellsnesi fyrripart dags. Víða rigning eða skúrir en hangir yfirleitt þurrt á norðaustanverðu landinu þó lítið sjáist til sólar þar. SJÁ SÍÐU 50

# Vilja bjóða betri forystu



Landsfundur Vinstri grænna var settur á Grand hóteli í Reykjavík í gær og flutti Katrín Jakobsdóttir, formaður flokksins, setningarávarp. Flokkurinn mælist með mest fylgi allra flokka, alls 28,6 prósent í könnun fréttastofu 365 sem birt var í vikunni. Ef Vinstri græn halda því fylgi verður flokkurinn í lykilstöðu í stjórnarmyndunarviðræðum og því ekki ólíklegt að formaðurinn verði næsti forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Valdís hagnast um 24 milljónir

**VIÐSKIPTI** Ísbúðin vinsæla Valdís seldi sínar ískúlur fyrir ríflega 145 milljónir króna á síðasta ári. Hagnaður Valdísar, sem er í eigu Gylfa Þórs Valdimarssonar og Önnu Svövu Knútsdóttur, nam 24,3 milljónum króna samkvæmt nýjum ársreikningi félagsins.

Hagnaðurinn dregst nokkuð saman frá fyrra ári þegar hann nam 38,6 milljónum árið 2015 og 40,2 milljónum árið þar áður.

Minni hagnaður skýrist að mestu leyti af mun hærri launakostnaði en árin á undan. Árið 2016 nam launakostnaður 67 milljónum króna samanborið við rúmar 55 milljónir árið 2015.

Skuldir félagsins nema tæpum 19 milljónum króna en eigið fé félagsins rúmum 25 milljónum. Eigendur félagsins greiddu sér 38,5 milljónir króna í arð á síðasta ári. – smj

## Jón Gnarr gengur í Samfylkinguna

**STJÓRNMÁL** Jón Gnarr, fyrrverandi borgarstjóri í Reykjavík, hefur gengið í raðir Samfylkingarinnar. Jón stofnaði Besta flokkinn árið 2009 sem síðar rann saman við Bjarta framtíð. Hann hefur tekið að sér ráðgjafarstörf fyrir flokkinn og hélt erindi á flokksfundi Samfylkingarinnar í gær.

Í viðtali við fréttir Stöðvar 2 í gær sagði Jón að hann útilokaði ekki endurkomu í pólitík. Hann verður þó ekki á framboðslista Samfylkingarinnar að þessu sinni. „Ef það er gaman og ég tala nú ekki um ef það gengur vel, þá sé ég ekkert því til fyrirstöðu að halda áfram að starfa með Samfylkingunni.“



> Ég veit ekki hver er hugmyndafræðilegur munur á þessum flokkum.
>
> Jón Gnarr

Þrátt fyrir að hafa sagt skilið við Bjarta framtíð telur hann áherslur flokkanna svipaðar. „Er þetta ekki bara fólkið sem er í flokknum sem hefur mest afgerandi áhrif á útlit þeirra? Ég veit ekki hver er hugmyndafræðilegur munur á þessum flokkum,“ segir Jón. – ss




# Leikkona vill fá týndan sauð á Bergstaðastræti

Hjónin Vigdís Hrefna Pálsdóttir leikkona og Örn Úlfar Höskuldsson húsasmiður vilja fá auða lóð á Bergstaðastræti til að flytja þangað 115 ára hús sem stóð áður við götuna en hefur verið í Hvassahrauni á Vatnsleysuströnd í hálfa öld.

**SKIPULAGSMÁL** „Gaman væri að færa götunni aftur týndan sauð, koma lóð sem hefur verið í órækt og óstandi um árabil í fallegt horf,“ segir Vigdís Hrefna Pálsdóttir leikkona í bréfi til til borgaryfirvalda þar sem hún óskar eftir að fá lóð á Bergstaðastræti 18 undir gamalt hús sem nú stendur á Vatnsleysuströnd.

Vigdís sendir bréfið jafnframt fyrir hönd eiginmanns síns, Arnar Úlfars Höskuldssonar húsasmiðs. Hún segir þau hjón hafa fest kaup á húsi sem byggt var 1902 á Bergstaðastræti 7 en flutt í Hvassahraun fyrir hálfri öld. Þau hafi keypt húsið og vilji færa það í upprunalega mynd. Þótt það líti ekki vel út sé margt mjög heillegt í því.

„Allt sem fólk elskar gömul hús heillast af er meira og minna heilt. Hlutir sem fást ekki keyptir úti í búð eða endurgerðir,“ útskýrir Vigdís í bréfi sínu. „Við hefðum ekki áhuga á að byggja við húsið heldur gera það upp í upprunalegri mynd, halda öllu sem heillegt er og endursmíða það sem er ónýtt.“

Vigdís segir lóðina á Bergstaðastræti 18 henta sérlega vel fyrir húsið sem sé 58 fermetrar að grunnfleti og samtals 156 fermetrar. Lóðin sé á forræði Minjaverndar sem hafi ekkert hús í hentugri stærð til að setja á lóðina. Því sé óskað eftir því við borgina, sem eigi stóran hlut í Minjavernd, að semja um að fá lóðina til sín. Minjavernd gæti þá til dæmis fengið lóð á Bergstaðastræti 31 í staðinn.

Þá kemur fram að Örn hafi unnið að því undanfarin ár að gera upp gömul hús, meðal annars hús sem þau hjón hafi keypt við Bergstaðastræti 20 fyrir sex árum og fært í upprunalegt horf. Nú í sumar hafi Örn verið að gera upp hús á Bergstaðastræti 40 sem sé nánast alveg eins og húsið sem nú sé í Hvassahrauni.

„Vigdís er ritari Torfusamtakanna og áhugamanneskja um uppgerð, varðveislu og menningargildi gamalla húsa að ógleymdu aðdáandi Bergstaðastrætis sjálfs þar sem hún er fædd, uppalin og býr í dag,“ segir enn fremur í bréfi Vigdísar sem nú er til meðferðar hjá eigna- og atvinnuþróunarsviði Reykjavíkur.

„Vonandi endar þetta hús við Bergstaðastræti. Það stóð hér í 65 ár og mér finnst það eiga heima hér,“ segir Vigdís við Fréttablaðið.

gar@frettabladid.is



Bergstaðastræti 18 er í höndum Minjaverndar sem Vigdís Hrefna Pálsdóttir segir ekki vera með hús í hentugri stærð fyrir lóðina. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



Hérna má sjá mynd af húsinu en það stóð áður við Bergstaðarstræti 7.

> Vonandi endar þetta hús við Bergstaðastræti. Það stóð hér í 65 ár og mér finnst það eiga heima hér.
>
> Vigdís Hrefna Pálsdóttir, leikkona




5.-9. OKT.
FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS
KRINGLU
KAST
Kringlan
LAUGARDAGUR
10 – 18
SUNNUDAGUR
13 – 18
20–50%
AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM
Af öllu hjarta
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

**TÖLUR VIKUNNAR** 01. 10. 2017 TIL 07. 10. 2017

**1.214 km**
eða hringferð um landið þurftu Ásdís Gunnarsdóttir og sonur hennar að aka til að komast heim að Hofi í Öræfum eftir verslunarferð til Hafnar í Hornafirði. Þjóðveginum hafði verið lokað við Hólmsá á Mýrum vegna vatnavaxta.

**150%**
var hækkun meðallauna starfsmanna Stefnis á átta árum. Meðallaunin voru 820 þúsund árið 2009 en 2.070 þúsund krónur fyrstu sex mánuði þessa árs. Stefnir er sjóðastýringarfélag.

**25.850**
bílaleigubílar voru á skrá í byrjun septembermánaðar.

**8,4%**
var hlutur ferðaþjónustu í landsframleiðslu árið 2016. Hlutur ferðaþjónustunnar var 6,7% árið 2015 og 5,6% árið 2014.

**49%**
vilja að nýr Landspítali verði annars staðar en við Hringbraut. Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis.

**44%**
kvenna en 17 prósent karla nefna heilbrigðismálin það málefni sem skiptir mestu máli í kosningabaráttunni, að því er skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis sýnir.

## Þrjú í fréttum
### Búvara, bækur og réttarvernd

**Brynhildur Pétursdóttir**
*framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna*



sagði samtökin ekki hafa sóst eftir tilnefningarrétti í verðlagsnefnd búvöru. „Ástæðan er fyrst og fremst sú að nefndin vinnur eftir fyrirfram gefnum forsendum sem nefndarmenn hafa lítið um að segja.“ Neytendasamtökin hafi oft gagnrýnt landbúnaðarkerfið því ekki sé nægilegt tillit tekið til hagsmuna neytenda.

**Gunnar Helgason**
*leikari og rithöfundur*



sagði það vandamál hversu barnabækur kæmust illa til þeirra sem þær væru ætlaðar. Það seldust kannski 3.000 bækur en markhópurinn væri 25.000. „Það er bara einn áttundi sem fær bók, hinir þurfa að nálgast þær á bókasafni.“ Söfnin væru hins vegar svo fjársvelt að þau gætu ekki keypt bækur nema á bókamörkuðum. Þar væru ekki nýjustu bækurnar.

**Reimar Pétursson**
*formaður Lögmannafélagsins*



kvaðst leiður að heyra að einhverjir væru ósammála ályktun félagsins þar sem segir að málsmeðferð umsókna um alþjóðlega vernd hér á landi kunni að brjóta gegn grundvallarréttindum hælisleitenda. Í ályktuninni er meðal annars skorað á dómsmálaráðherra að tryggja hælisleitendum raunhæf réttarúrræði.

# Hugmyndir á lofti um að OR kaupi höfuðstöðvarnar aftur

**Forsvarsmenn Orkuveitu Reykjavíkur hafa rætt hugmyndir þess efnis að kaupa höfuðstöðvar fyrirtækisins aftur af fasteignafélaginu Fossi. Endurkaup gætu verið forsenda einhverra þeirra sex möguleika sem kynntir hafa verið til úrbóta á vesturhúsi höfuðstöðvanna. Gæti kostað allt að 5,5 milljarða að kaupa húsið aftur.**



**Orkuveita Reykjavíkur seldi höfuðstöðvarnar á 5,1 milljarð árið 2013 og leigja þær af Fossi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**REYKJAVÍK** Ein þeirra hugmynda sem forsvarsmenn Orkuveitu Reykjavíkur hafa velt upp í tengslum við vandann sem blasir við vegna skemmda á vesturhúsi höfuðstöðva fyrirtækisins er að kaupa húsið aftur. Endurkaup gætu verið forsenda þess að hrinda sumum valkostanna sem í boði eru til endurbóta í framkvæmd.

Á stjórnarfundi Orkuveitu Reykjavíkur (OR) þann 24. ágúst síðastliðinn kynnti Ingvar Stefánsson, fjármálastjóri fyrirtækisins, m.a. hugmyndir um möguleg endurkaup OR á fasteigninni að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík.

Daginn eftir stjórnarfundinn, þann 25. ágúst, hélt Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, blaðamannafund þar sem hann greindi frá því að vesturhús höfuðstöðvanna væri afar illa farið vegna rakaskemmda. Á fundinum voru kynntir sex valkostir að úrbótum sem áætlað er að kosti frá 1,5 upp í allt að þrjá milljarða króna. Þetta eru leiðir sem skipta má í lagfæringu, endurbyggingu útveggja eða að rífa húsið að hluta. Á fundinum var þó ekki minnst á möguleikann á að kaupa húsið aftur. Þess kann þó að vera þörf.

OR seldi höfuðstöðvar sínar árið 2013 á 5,1 milljarð króna til Foss fasteignafélags slhf. sem stofnað var sérstaklega utan um fasteignirnar að Bæjarhálsi og er að stærstum hluta í eigu lífeyrissjóða. Salan var hluti af Planinu til að bregðast við fjárhagsvandræðum OR sem síðan leigir höfuðstöðvarnar af Fossi til 20 ára. Í samkomulaginu er kveðið á um þann möguleika að kaupa fasteignirnar aftur eftir 10 ár af samningstímanum og aftur eftir 20 ár.

> **Í lausnunum felst að við erum ekki að fara að gera mikið fyrir hús sem við eigum ekki.**
>
> Ingvar Stefánsson, fjármálastjóri OR



Nú hafa þær hugmyndir verið til skoðunar hvort hægt væri að kaupa húsið jafnvel fyrr.

„OR hefur endurkauparétt á húseignunum við Bæjarháls. Hann hefur komið til umræðu í tengslum við þann vanda sem blasir við,“ segir Ingvar. Hann segir að ákvörðun um aðgerðir vegna galla og skemmda á vesturhúsinu verði ekki teknar nema í nánu samráði við eigendur húsanna. Engin tillaga hafi þó verið lögð fram né ákvarðanir teknar.

„Í lausnunum felst að við erum ekki að fara að gera mikið fyrir hús sem við eigum ekki. Því höfum við varpað því fram hvort skynsamlegt sé að kaupa húsið en þetta er algjörlega á hugmyndastigi enn þá,“ segir Ingvar. Aðspurður telur hann að gróflega megi áætla að það gæti kostað um 5,5 milljarða að kaupa húsið aftur. **mikael@frettabladid.is**





SJÓÐANDI HEITT LAVAZZA KAFFI Á KÖNNUNNI. LION OG APPELSÍN FYRIR BÖRNIN.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

BETRI NOTAÐIR BÍLAR

# betra verð

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

## HÉR ERU NOKKUR DÆMI:

UB



Toyota Yaris Sol
Dísel, sjálfsk/mm.
Á götuna 7/07 ekinn 158.00km
Verð 890.000,- Rn. 440659
betra verð 690.000,-

BNB



Toyota RAV4 GX Hybrid
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 8/16 ekinn 25.000 km
Verð 4.750.000,- Rn. 991381
betra verð 4.450.000,-

BNB



Lexus IS300h Hybrid EXE
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 8/16 ekinn 15.000 km
Verð 5.890.000,- Rn. 991040
betra verð 5.390.000,-

UB



Toyota Land Cruiser 150 GX
Dísel, sjálsk.
Á götuna 1/16 ekinn 72.000 km
Verð 7.550.000,- Rn. 410839
betra verð 6.790.000,-

BNB



Toyota Corolla Live
Dísel, beinsk.
Á götuna 5/15 ekinn 34.000 km
Verð 2.650.000,- Rn. 991098
betra verð 2.390.000,-

UB



Toyota Land Cruiser 150 VX
Dísel, sjálfsk.
Á götuna 1/16 ekinn 69.000 km
Verð 9.080.000,- Rn. 410842
betra verð 8.350.000,-

BNB



Toyota Land Cruiser 200 Luxury
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 12/16 ekinn 14.000 km
Verð 16.490.000,- Rn. 991304
betra verð 15.890.000,-

BNB



Toyota Auris Live
Bensín, beinsk.
Á götuna 5/13 ekinn 67.000 km
Verð 1.970.000,- Rn. 991280
betra verð 1.730.000,-

BNB



Toyota Avenis Live
Bensín, beinsk.
Á götuna 5/14 ekinn 53.000 km
Verð 2.380.000,- Rn. 991198
betra verð 1.990.000,-

UB



Toyota RAV4 GX
Dísel, sjálfsk.
Á götuna 5/15 ekinn 71.000 km
Verð 4.700.000,- Rn. 440637
betra verð 3.790.000,-

BNB



Lexus NX300h Hybrid Luxury
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 4/15 ekinn 25.000 km
Verð 7.950.000.- Rn. 991161
betra verð 7.390.000.-

BNB



Toyota Yaris Live
Dísel, beinsk.
Á götuna 4/17 ekinn 30.000 km
Verð 2.250.000,- Rn. 991388
betra verð 2.030.000,-

## BETRI NOTAÐIR BÍLAR VEITA ÞÉR HUGARRÓ

Þeir hafa staðist okkar ströngustu kröfur í 125 punkta gæðaskoðun og eru í fullri verksmiðjuábyrgð hjá Toyota eða Lexus.

Betri notaðir bílar eru á útisvæði okkar og í sýningarsal Toyota Kauptúni.
Renndu við og veldu draumabílinn.

Framúrskarandi Toyota þjónusta. Örugg og áhyggjulaus bílaviðskipti.

Þú getur alltaf selt okkur bílinn þinn aftur.

ergo

SÖLUMENN OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR OG STJANA VIÐ ÞIG

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070
www.toyotakauptuni.is

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

BNB
Betri notaðir bílar

UB
Umboðssölu-bílar







Bjarni Benediktsson segist ekki hafa haft neinar innherjaupplýsingar. Öllum Íslendingum hafi verið ljóst að eitthvað alvarlegt væri að gerast í bankakerfinu. „Ég bjó ekki yfir neinum trúnaðarupplýsingum," segir Bjarni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Segist ekki hafa haft innherjaupplýsingar

**Héraðssaksóknari segir sönnunarfærslu í innherjasvikamálum erfiða. Það þurfi að liggja fyrir hvaða innherjaupplýsingar viðkomandi hafði. Bjarni Benediktsson segist ekki hafa haft neinar innherjaupplýsingar þegar hann seldi í Sjóði 9.**

**STJÓRNMÁL** Allt frá bankahruni hafa einungis fjórar ákærur verið gefnar út vegna innherjasvika. Tvær þeirra enduðu með því að hinir ákærðu voru dæmdir í Hæstarétti, ein var afturkölluð vegna formgalla og enn ein er til meðferðar fyrir dómstólum.

Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari (áður sérstakur saksóknari efnahagsbrotamála) segir sönnunarfærslu í innherjasvikamálum erfiða. „Þá þarftu að vera með upplýsingar um tiltekin atriði sem snúa að beitingu innherjaupplýsinga," segir Ólafur. Ekki sé nægjanlegt að hafa upplýsingar um að viðkomandi aðili hafi selt tilteknar eignir. Ólafur segist ekkert geta tjáð sig um mál Bjarna eða að hvaða marki það hafi verið rannsakað.

Í þættinum Víglínunni í desember í fyrra gekkst Bjarni Benediktsson við því að hafa átt eignir í sjóðnum og selt eitthvað dagana fyrir bankahrunið. Hann sagði þó að sig ræki ekki minni til að það

> **Bjarni gekkst við því að hafa selt í sjóðnum dagana fyrir bankahrunið. Þetta hefðu ekki verið upphæðir sem hafi „skipt einhverju máli".**

hefðu verið upphæðir sem hafi „skipt einhverju máli". Stundin greindi svo frá því í ítarlegri fréttaskýringu í gær að upphæðin næmi 50 milljónum króna og Bjarni hefði selt á fyrstu dögum í október 2008.

Þá er rifjað upp í Stundinni að Bjarni hafi setið fund með stjórnendum Glitnis kvöldið áður en tilkynnt var að íslenska ríkið hygðist taka yfir 75 prósent hlut í Glitni. Jafnframt að Bjarni hafi átt sæti í efnahags- og skattanefnd Alþingis þar sem erfið staða Glitnis var rædd. Stundin fullyrðir þó ekkert um það hvaða upplýsingar Bjarni átti nákvæmlega að hafa fengið á þessum fundum.

Bjarni segist ekki hafa haft neinar innherjaupplýsingar. „Þegar ég óska eftir því að bréf séu seld úr sjóði 9 og færð yfir í sjóði 7 og 5 í bankanum – allt áfram geymt í bankanum – þá liggur fyrir að ríkið hugðist taka 75% stöðu í bankanum. Öllum Íslendingum var ljóst að það var eitthvað mjög alvarlegt að gerast í bankakerfinu og ég bjó ekki yfir neinum trúnaðarupplýsingum. Hvorki höfðu þær komið fram á þessum fundi né hafði ég fengið þær eftir neinum öðrum leiðum," segir Bjarni.

Umfjöllun Stundarinnar og Reykjavík Media er unnin í samstarfi við breska blaðið The Guardian. Blaðamaðurinn Jon Henley hefur séð skjölin sem sýna hvernig viðskiptin gengu fyrir sig. Í grein hans segir að ekkert bendi til þess að lög hafi verið brotin. **jonhakon@frettabladid.is**

# Brotið á réttindum norsks blaðamanns

**NOREGUR** Cecilie Becker, norskur blaðamaður á vefmiðli dagblaðsins Dagens Næringsliv, vann á fimmtudag tjáningarfrelsismál gegn norska ríkinu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Henni hafði verið gert að bera vitni í markaðsmisnotkunarmáli sem höfðað var gegn heimildarmanni hennar.

Ágreiningi um vitnisburð hennar lauk með dómsúrskurði þar sem henni var gert skylt að bera vitni. Í úrskurðinum var sérstaklega bent á að engin ástæða væri lengur til að halda heimildarmanninum leyndum þar sem heimildarmaðurinn hafði þegar greint lögreglu frá samskiptum sínum við blaðamanninn. Þegar úrskurðurinn féll var hins vegar þegar búið að sakfella manninn fyrir markaðsmisnotkun og því kom aldrei til vitnisburðarins.

Í niðurstöðu Mannréttindadómstólsins var bent á að neitun hennar á að gefa upp heimildarmann sinn, hindraði á engan hátt rannsókn málsins enda tókst að upplýsa það án vitnisburðar hennar.



Mannréttindadómstóll Evrópu í Strassborg. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Mannréttindadómstóllinn taldi að brotið hefði verið gegn rétti blaðamannsins til að halda heimildarmanni sínum leyndum í andstöðu við 10. gr. Mannréttindasáttmálans um tjáningarfrelsi. Þennan rétt blaðamanna mætti hvorki skerða með vísan til háttsemi heimildarmannsins sjálfs eða þess að upp hefði komist hver hann væri. **– aá**

# GÓÐGÆTI MEÐ HELGARKAFFINU

BAK
ARÍ
IÐ



Kökurnar fást einungis í Bakaríinu í Hagkaup Smáralind og Skeifunni.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir fundaröðinni
BORGIN – HEIMKYNNI OKKAR um þróun og mótun borgarinnar

Til hvers eru borgir?

Þriðjudagurinn 10. október 2017 kl. 20 á Kjarvalsstöðum


Hjálmar Sveinsson


Ágústa Kristófersdóttir


Gunnar Haraldsson


Edda Ívarsdóttir

Spurningin vekur fólk til umhugsunar m.a. um tilgang og markmið borga.
Hvaða áhrif hafa borgir á samskipti?
Hvernig má breyta hegðun og líðan borgarbúa?
Hvað ýtir undir sköpunarkraft borgarbúa?
Hvers vegna vill fólk búa í borgum?
Er hægt að skapa sína eigin borg daglega?
Hvert er gildi þess óvænta í borgarhverfum?

Fram koma á fundinum: **Hjálmar Sveinsson,** formaður umhverfis- og skipulagsráðs, **Ágústa Kristófersdóttir,** forstöðumaður Hafnarborgar, menningar- og listamiðstöðvar Hafnarfjarðar, **Gunnar Haraldsson,** hagfræðingur og **Edda Ívarsdóttir,** borgarhönnuður.
Þau verða hvert með sitt sjónarhorn á svarið.

Fundurinn er í kaffihúsinu á Kjarvalsstöðum þriðjudaginn 10. október 2017 kl. 20.

**Allir velkomnir. Heitt á könnunni.**

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

Styrkir úr Lýðheilsusjóði 2018

Lýðheilsusjóður óskar eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til heilsueflingar og forvarna á sviði **geðræktar**, **næringar**, **hreyfingar** og **tannverndar** auk **áfengis-, vímu- og tóbaksvarna**.

Áhersla er lögð á eftirfarandi:
- *Aðgerðir sem miða að því að efla geðheilsu.*
- *Árangursríkar áfengis, vímu- og tóbaksvarnir.*
- *Árangursríkar forvarnir sem tengjast kynheilbrigði.*
- *Aðgerðir sem miða að heilbrigðu mataræði svefni og hreyfingu.*
- *Verkefni sem beinast að minnihlutahópum til að stuðla að jöfnuði til heilsu.*
- *Verkefni sem tengjast nýsköpun á sviði forvarna og heilsueflingar.*

Við úthlutun verður tekið mið af lýðheilsustefnu velferðarráðuneytisins, sbr. skjalið *Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi – með sérstakri áherslu á börn og ungmenni að 18 ára aldri*. (Útg. 2016)

Verkefni sem uppfylla eftirtalin skilyrði hafa forgang:
- Verkefni sem unnin eru í víðtæku samstarfi hagsmunaaðila í samfélaginu.
- Verkefni með eigin fjármögnun og/eða aðra fjármögnun.

Verkefnin eiga að byggja á faglegum grunni og hafa raunhæf og skýr markmið. Gera þarf grein fyrir því hvernig árangur verkefnis verður metinn og skal skila framvinduskýrslu að verkefni loknu.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember 2017 og skal sótt um á vefsvæði Lýðheilsusjóðs,** http://lydheilsusjodur.sidan.is/pages/.

Nánari upplýsingar í síma 510 1900 eða á vef Embættis landlæknis.
Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum vefsvæði sjóðsins.

Embætti landlæknis - Barónsstíg 47 - 101 Reykjavík - Sími 5101900 - lydheilsusjodur@landlaeknir.is - www.landlaeknir.is



**Það er yfirlýst markmið í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar að flugvöllurinn í Vatnsmýrinni fari. Meirihluti fólks vill hafa hann áfram.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Næstum 74 prósent vilja hafa völlinn í Vatnsmýrinni

**Stuðningsmönnum flugvallar í Vatnsmýrinni hefur fækkað lítillega frá árinu 2013. Mikill meirihluti vill þó enn hafa flugvöllinn þar. Þingmaður Norðausturkjördæmis segir niðurstöðuna ekki koma sér á óvart.**

**STJÓRNMÁL** „Þessi skoðun þjóðarinnar á þessu mikilvæga máli kemur mér ekki á óvart. Ég hef alltaf haft sterka sannfæringu fyrir því að mikill meirihluti þjóðarinnar væri á því að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni,“ segir Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og annar formanna félagsins Hjartað í Vatnsmýrinni.

Þrír af hverjum fjórum sem afstöðu taka, eða 74 prósent, vilja að miðstöð innanlandsflugs verði áfram í Vatnsmýrinni. Þetta sýna niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Þá vilja 13 prósent færa innanlandsflugvöllinn til Keflavíkur. Þrettán prósent vilja hafa hann annars staðar.

Hlutfall þeirra sem vilja hafa flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni hefur lækkað svolítið, miðað við kannanir Fréttablaðsins. Í apríl 2013 var sömu spurningar spurt og þá sögðust 83 prósent þeirra sem afstöðu tóku vilja hafa flugvöllinn í Vatnsmýrinni. Munurinn er vel umfram vikmörk sem eru 2,35 prósent. Í apríl 2013 vildu 11 prósent hafa innanlandsflugið í Keflavík og sex prósent annars staðar.

Áform Reykjavíkurborgar um að færa flugvöllinn eru skýr. Í samkomulagi sem Hanna Birna Kristjánsdóttir, þáverandi innanríkisráðherra, Jón Gnarr, fyrrverandi borgarstjóri, og Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair, undirrituðu árið 2013 var fallist á að fullkannaðir yrðu aðrir kostir til rekstrar innanlandsflugs en framtíðarflugvöllur í Vatnsmýri. Fyrsti kosturinn fyrir nýjan flugvöll væri ávallt á höfuðborgarsvæðinu. Í samkomulaginu var líka ákveðið að nefnd skyldi kanna möguleg flugvallarstæði. Nefndin komst að því að vænlegasti kosturinn til að byggja flugvöll á höfuðborgarsvæðinu væri í Hvassahrauni.

Nú þegar hefur norðaustur-suðvestur flugbrautinni á Reykjavíkurflugvelli, sem stundum er kölluð neyðarbraut, verið lokað. Það gerðist í fyrrasumar eftir að niðurstaða þess efnis fékkst í Hæstarétti. Þá er gert ráð fyrir í fyrrnefndu samkomulagi að norður-suðurbrautin verði á aðalskipulagi til ársins 2022.

Könnunin var gerð þannig að hringt var í 1.354 manns þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki 2. og 3. október. Svarhlutfallið var 59,1 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá.

Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvar vilt þú að miðstöð innanlandsflugs verði staðsett? Alls tóku 84 prósent afstöðu, 14 prósent sögðust óákveðin en eitt prósent svaraði ekki. **jonhakon@frettabladid.is**

## Könnun Fréttablaðsins






**Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins**

SMÁRALIND




**ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM**

SKOÐAÐU TILBOÐIN Á SMARALIND.IS

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT



**Olíuborpallur í Noregshafi.** NORDICPHOTOS/AFP

## Gætu misst olíusjóð sinn

**NOREGUR** Fórnarlömb náttúruhamfara af völdum loftslagsbreytinga munu í framtíðinni örugglega höfða mál gegn norska ríkinu vegna þátttöku þess í olíuvinnslu verði þróunin ekki stöðvuð. Þetta er mat prófessors við lagadeild háskólans í Bergen í Noregi, Jørn Øyrehagen Sunde.

Hann segir norska ríkið hafa stutt við uppbyggingu olíuvinnslu og eiga sjálft hlut í olíuvinnslufyrirtækjum. Það er mat Sunde að bótakröfurnar geti orðið svo háar að Norðmenn missi olíusjóð sinn en í honum eru nú nær átta þúsund milljarðar norskra króna.

Greint er frá því á vef norska ríkisútvarpsins að bæði San Francisco og Oakland í Bandaríkjunum hafi höfðað mál gegn fimm stærstu olíufyrirtækjunum vegna kostnaðarins af völdum loftslagsbreytinga í borgunum. **– ibs**

# Kanna hagsmunaskráningu dómara á Norðurlöndum

**Dómsmálaráðuneytið hefur óskað eftir upplýsingum frá Norðurlöndum um hvernig hagsmunir dómara séu skráðir. Hafin er vinna við að breyta lögum um hagsmunaskráningu dómara hér á landi.**



**Markmið breytinga á hagsmunaskrá dómara er að auka gagnsæi og aðgengi að upplýsingunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**STJÓRNSÝSLA** Dómsmálaráðuneytið hefur sent fyrirspurn til dómstólaráða hinna Norðurlandanna um hvernig þau hagi hagsmunaskráningum dómara við rétti sína og hvernig þeim skráningum sé komið á framfæri við almenning.

Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson, lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu, sendi þann 12. september umrædda upplýsingabeiðni í fjórum liðum. Spurt er um hvort fjárhagslegir hagsmunir séu skráðir og þá hvaða hagsmunir, hvort um sé að ræða skuldir eða aðrar skuldbindingar. Í annan stað er spurt um hvort eignarhlutir í fyrirtækjum séu skráðir, í þriðja lagi hvort þátttaka dómara í stjórnmálaflokkum eða öðrum félagasamtökum sé skráð.

Í fjórða lagi er svo spurt hvort þessar upplýsingar, séu þær á annað borð skráðar, séu gerðar opinberar og aðgengilegar almenningi. „Sérstaklega höfum við áhuga á að vita hvort fjárhagslegar upplýsingar dómara séu birtar á vefsvæði dómstóla og hversu oft þær upplýsingar séu uppfærðar,“ segir í bréfi dómsmálaráðuneytisins til dómstólaráðs Norðmanna.

> **Í frumvarpi Sigríðar Á. Andersen dómsmálaráðherra eru lagðar til breytingar á hagsmunaskrá dómara.**

Sagt var frá því í desember á síðasta ári að Markús Sigurbjörnsson, forseti Hæstaréttar, hefði átt í umfangsmiklum viðskiptum við Glitni. Hann átti í umfangsmiklum hlutabréfaviðskiptum á árunum fyrir hrun en vék ekki sæti í svokölluðum hrunmálum. Hann var meðal dómara í þremur málum sem voru höfðuð gegn Glitni fyrir hrun en þá var hann hluthafi í bankanum. Málunum var öllum vísað frá. Fjórir dómarar við Hæstarétt áttu fyrir hrun samanlagt 487 þúsund hluti í Glitni og töpuðu þeir umtalsverðum fjárhæðum á falli Glitnis.

Í þingmálaskrá Sigríðar Á. Andersen dómsmálaráðherra er að finna frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á reglum um skráningu og birtingu upplýsinga um aukastörf dómara og eignarhald á hlutum í félögum og atvinnufyrirtækjum með það að markmiði að auka gegnsæi og aðgengi að upplýsingunum, eins og segir í þingmálaskrá. **sveinn@frettabladid.is**



4. - 9. október

# Kauphlaupstilboð

## Allar aðrar vörur á 10% afslætti



LE CREUSET

Allar vörur frá LE CREUSET á
20% AFSLÆTTI




GEORG JENSEN
**Jólaóróinn 2017**
~~Verð áður: kr. 6.780~~
**Tax Free verð: kr. 5.468***
*19,35% afsláttur

Tax Free



3 fyrir 2

iittala
**Múmínkrús** - Allar gerðir
~~Verð áður: kr. 3.180 stk.~~
**Nú: kr. 2.120 stk.**
Við kaup á 3 könnum

**33%** AFSLÁTTUR



GEORG JENSEN
**Season - Aðventustjaki**
Gylltur eða glansandi stál
~~Verð áður: kr. 13.540~~
**Nú: kr. 10.830**

**20%** AFSLÁTTUR



GEORG JENSEN
**Bloom skál - 34cm**
Glansandi stál
~~Verð áður: kr. 24.990~~
**Nú: kr. 14.990**

**40%** AFSLÁTTUR



GEORG JENSEN
**Jólatréstoppur - Stjarna**
Gyllt eða hvítagyllt
~~Verð áður: kr. 14.950~~
**Nú: kr. 9.960**

**33%** AFSLÁTTUR



GEORG JENSEN
**Cobra kertastjakar**
Glansandi stál - 3 stk.
~~Verð áður: kr. 24.990~~
**Nú: kr. 17.490**

**30%** AFSLÁTTUR



normann
COPENHAGEN

**Shorebird**
eftir Sigurjón Pálsson
6 litir

**20%** AFSLÁTTUR

**Stór** - 14cm
~~Verð áður: kr. 8.250~~
**Nú: kr. 6.600**

**Miðstærð** - 11cm
~~Verð áður: kr. 5.650~~
**Nú: kr. 4.520**

**Lítill** - 7,5cm
~~Verð áður: kr. 4.650~~
**Nú: kr. 3.720**

WMF

**Pottasett** - Provence Plus
5 pottar
~~Verð áður: kr. 55.550~~
**Nú: kr. 33.330**

**40%** AFSLÁTTUR





iittala
**Kastehelmi**
Allar vörur

**20%** AFSLÁTTUR

Enn fleiri frábær tilboð í versluninni.

Skoðið úrvalið á **lifoglist.is**

Sími. 544-2140

Líf&List
SMÁRALIND

Átak til atvinnusköpunar

**Á markað með snjallt nýsköpunarverkefni?**



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir **umsóknum um styrki** úr verkefninu **Átaki til atvinnusköpunar.** Veittir eru styrkir til **nýsköpunarverkefna og markaðsaðgerða** starfandi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja.

**Markmið verkefnisins:**

- Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta
- Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða frumkvöðla og fyrirtækja
- Að styðja við verkefni sem eru nýjung og skapa ný störf

Nánari upplýsingar og rafræn umsóknareyðublöð eru á ***www.nmi.is***

Beiðni um upplýsingar og aðstoð má senda á netfangið: hildur@nmi.is

**Umsóknarfrestur til kl. 12:00 á hádegi þann 1. nóvember 2017**

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Átak til atvinnusköpunar



**Bólusetning gegn árlegri inflúensu**

HEILSUGÆSLAN

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins vill vekja athygli á því að skipulögð bólusetning gegn inflúensu hefst á heilsugæslustöðvum mánudaginn 9. október 2017. Bóluefnið myndar mótefni gegn þremur inflúensuveirustofnum þ.á.m. svonefndri svínainflúensu.

**Hverjum er einkum ráðlagt að láta bólusetja sig?**

- Öllum sem orðnir eru 60 ára
- Öllum, bæði börnum og fullorðnum, sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum
- Heilbrigðisstarfsmönnum sem daglega annast fólk með aukna áhættu, sbr. ofantalið
- Þunguðum konum

Þeir sem tilheyra ofangreindum hópum fá bóluefnið sér að kostnaðarlausu en greiða komugjald samkvæmt reglugerð nr. 314 / 2017. Fyrirkomulag bólusetningar getur verið mismunandi milli heilsugæslustöðva. Vinsamlegast leitið upplýsinga á vef Heilsugæslunnar www.heilsugaeslan.is, eða hafið samband við hlutaðeigandi heilsugæslustöð.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Heilsugæslan Árbæ, Reykjavík | s: 585 7800 | Heilsugæslan Hvammi, Kópavogi | s: 594 0400 |
| Heilsugæslan Efra-Breiðholti, Reykjavík | s: 513 1550 | Heilsugæslan Miðbæ, Reykjavík | s: 585 2600 |
| Heilsugæslan Efstaleiti, Reykjavík | s: 585 1800 | Heilsugæslan Mjódd, Reykjavík | s: 513 1500 |
| Heilsugæslan Fjörður, Hafnarfirði | s: 540 9400 | Heilsugæslan Mosfellsumdæmi | s: 510 0700 |
| Heilsugæslan Garðabæ | s: 520 1800 | Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ | s: 513 2100 |
| Heilsugæslan Glæsibæ, Reykjavík | s: 599 1300 | Heilsugæslan Sólvangi, Hafnarfirði | s: 550 2600 |
| Heilsugæslan Grafarvogi, Reykjavík | s: 585 7600 | Heilsugæslan Höfða, Reykjavík | s. 591 7000 |
| Heilsugæslan Hamraborg, Kópavogi | s: 594 0500 | Heilsugæslan Lágmúla 4, Reykjavík | s. 595 1300 |
| Heilsugæslan Hlíðum, Reykjavík | s: 585 2300 | Heilsugæslan Salahverfi, Kópavogi | s: 590 3900 |
| | | Heilsugæslan Urðarhvarfi, Kópavogi | s: 510 6500 |

Búast má við að bólusetning geti veitt a.m.k. 60-70% vörn gegn sjúkdómnum auk þess sem hann verður vægari hjá þeim í hópi bólusettra sem veikjast. Þeim sem leita vilja ráðgjafar er bent á sína heilsugæslustöð.

Frekari upplýsingar er að finna á vef Heilsugæslunnar, www.heilsugaeslan.is
Fræðsluefni um inflúensu má finna á vef Embættis landlæknis, www.landlaeknir.is

*Reykjavík, 6. október 2017*
*Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins*
*Álfabakka 16, 109 Reykjavík sími 585 1300 www.heilsugaeslan.is*

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**




Arnar Þór Jónsson lektor í lögfræði gagnrýndi harkalega breytingar á lagaákvæðum í almennum hegningarlögum um uppreist æru. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Lektor varar við meiri áhrifum lýðskrums

**Stjórnmálamenn og embættismenn verða að taka því alvarlega að hér á landi er merkjanleg undiralda lýðskrums, segir lektor í lögfræði. Hefur valdið stjórnarslitum og breytingum á hegningarlögum.**

**STJÓRNSÝSLA** Það er merkjanleg undiralda einhvers konar lýðskrums í samfélaginu, segir Arnar Þór Jónsson, lektor í lögfræði við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Hann segir þetta ekki bara bundið við Ísland heldur líka Evrópu og Bandaríkin. Þetta kom fram í erindi sem hann hélt á málfundi sem fór fram í tilefni af sjötugsafmæli Jóns Steinars Gunnlaugssonar, fyrrverandi hæstaréttardómara.

„Þetta er umræða sem við verðum að taka mjög alvarlega í lagadeildinni. Þetta er umræða sem lögfræðingar, þingmenn, ráðherrar og virðulegir embættismenn þjóðarinnar eins og forsetinn þurfa að taka alvarlega. Það er stutt skref frá stjórnmálum til lagasetningar,“ segir Arnar Þór.

„Það hefur margt verið sagt í sumar. Valdamönnum hefur verið borið á brýn að iðka samtryggingu, yfirhylmingu, alls konar þöggun og að það hafi orðið trúnaðarbrestur. Þetta hefur valdið ríkisstjórnarskiptum og að þing hefur verið rofið. Síðast en ekki síst að almennum hegningarlögum og alvarlegum lagabálkum hefur verið breytt.“

Arnar Þór gagnrýndi mikið breytingar á lagaákvæðum í almennum hegningarlögum um uppreist æru. „Eftir stendur sú staðreynd að þeir sem sitja uppi með refsidóm og hafa ekki hlotið uppreist æru eru ekki með úrræði til að fá úr því bætt. Spurning mín til ykkar og okkar til löggjafarþingsins nýja er þá hvort við þetta verði unað.“

Hann sagði að réttarríkinu væri ætlað að standa vörð um þá sem verst standa. Í þann flokk falli vissulega þeir sem dæmdir hafa verið fyrir afbrot en eiga erfitt uppdráttar, þrátt fyrir að kunna hafa haft einlægan vilja til þess að bæta ráð sitt. „Lög réttarríkis eiga vart að standa í vegi fyrir því að menn geti fótað sig að nýju, lært af mistökum og unnið úr þeim á uppbyggilegan hátt.“

> Lög réttarríkis eiga vart að standa í vegi fyrir því að menn geti fótað sig að nýju.
>
> Arnar Þór Jónsson, lektor í lögfræði



Arnar Þór benti á að umræðan hefði mikið snúist um einn hóp brotamanna.

„Málið hins vegar snýr að alls konar fólki sem hefur hlotið dóm fyrir alls konar verknað og þeir eru ekki allir barnaníðingar. Spurningin sem við stöndum frammi fyrir sem samfélag er ekki bara það hvort við viljum úthýsa barnaníðingum heldur hvað við viljum gera við þá ólánssömu eða dómgreindarlausu einstaklinga sem hafa brotið af sér. Til dæmis fársjúka eiturlyfjasjúklinga sem hafa flutt fíkniefni til landsins eða fólk sem á unga aldri hefur framið auðgunarbrot og situr uppi með þungan dóm. Þær lagabreytingar sem hér hafa verið gerðar á síðustu dögum færa þetta á engan hátt í það horf sem réttarríki er sæmandi,“ segir Arnar Þór.

jonhakon@frettabladid.is







# LAGERSALA!

## 50-70% afsláttur af húsgögnum og gjafavöru

(Lagersalan er í verslun okkar að Ármúla 8)

-50%



**HTL 9801** hornsófi í leðri

Stærð: 290 x 215 cm. Litir: ljósgátt (aðeins á lagersölu í þessum lit)

Verð kr. 545.000,-, nú kr. **272.500,-**

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18 og laugardaga 11 -16.**




# Við opnum Suðurlandið

Það er alltaf betra og betra að vera rafbílaeigandi enda fjölgar hraðhleðslunum ört við hringveginn. Nú kynnum við tvær nýjar hlöður á Suðurlandi: Í Vík í Mýrdal og á Kirkjubæjarklaustri. Það þýðir til dæmis að nú er mögulegt að ferðast á innlendum orkugjafa allt frá höfuðborgarsvæðinu austur að Klaustri og til baka. Til hamingju rafbílaeigendur og til hamingju Sunnlendingar.

Góða ferð!




**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR

# Ástand heimsins







**1.** Veiðimenn á Gandi-vatni nærri indversku borginni Hyderabad þurftu ekki mikið að hafa fyrir veiðinni enda flaut dauður fiskur á yfirborði vatnsins í gær. Samkvæmt indverskum yfirvöldum drápust um áttatíu prósent alls fisks í Gandi-vatni eftir að úrgangur úr efnaverksmiðju rataði í vatnið. NORDICPHOTOS/AFP

**2.** Rohingjakonur þvoðu þvott í skítugu vatni í einskismannslandinu sem finna má á milli landamæra Mjanmar og Bangladess. Um 800.000 flóttamenn af þjóðflokki Rohingja hafa flúið til Bangladess frá Mjanmar en þar sætir Rohingjafólk ofsóknum. NORDICPHOTOS/AFP

**3.** Ungar konur mótmæltu kynferðisofbeldi og kynferðislegri áreitni í Pristina, höfuðborg Kósóvó í gær. Framkvæmdu þær gjörning, svartklæddar undir svartri slæðu. NORDICPHOTOS/AFP

**4.** Ellilífeyrisþegar marseruðu að vinnumálaráðuneyti Grikklands í höfuðborginni Aþenu í gær til að mótmæla fyrirhuguðum breytingum á lögum um ellilífeyri. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA











ÖRUGGT START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þrautreynda vöru frá gæðaframleiðanda.




EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION

Exide fæst í verslun Rekstrarlands, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt. Sími 515 1100 • pontun@olis.is • olis.is

olís

REKSTRARLAND

PIPAR\TBWA • SÍA • 173446




brimborg
Öruggur staður til að vera á
Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík
Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri
mazda.is




## Málstofa um Smugudeiluna

**Haldin í Sjávarútvegshúsinu, Skúlagötu 4, mánudaginn 9. október milli kl. 12 og 13.30**

Í tilefni af útgáfu bókar Arnórs Snæbjörnssonar sagnfræðings um Smugudeiluna gangast Hafréttarstofnun Íslands og Bókaútgáfan Sæmundur fyrir málstofu í Sjávarútvegshúsinu að Skúlagötu 4, Reykjavík, fyrirlestrasal á 1. hæð, mánudaginn 9. október 2017 kl. 12 - 13.30.

Í upphafi málstofunnar flytur forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson, stutt ávarp en Arnór Snæbjörnsson flytur síðan erindi og kynnir bók sína.

Að loknum fyrirspurnum og umræðum áritar höfundur bók sína og boðið verður upp á léttar veitingar.

Málstofustjóri er Tómas H. Heiðar, forstöðumaður Hafréttarstofnunar Íslands.

Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

Sæmundur



Tryggðu þér áskrift
*9.990.- á mánuði.
365.is | Sími 1817




333 kr á dag*
365


# Fengu Nóbelsverðlaun fyrir baráttuna gegn kjarnorkuvopnum

**ICAN fær friðarverðlaun Nóbels fyrir baráttu fyrir eyðingu kjarnorkuvopna. Framkvæmdastjóri átaksins segir verðlaunin sýna nauðsyn baráttunnar. Fimm af sex Nóbelsverðlaunum hafa verið veitt í ár og hafa þau öll farið til karlmanna eða samtaka. Stuðningsmenn Murakami ósáttir við bókmenntaverðlaunin.**

**NOREGUR** Samtökin ICAN, eða Alþjóðlegt átak um eyðingu kjarnorkuvopna, hlutu í gær friðarverðlaun Nóbels. Berit Reiss-Andersen, formaður norsku Nóbelsnefndarinnar, sagði við tilkynninguna að það væri vegna vinnu samtakanna að samþykkt sáttmála um bann og eyðingu kjarnavopna.

ICAN var drifkraftur á bak við samkomulag sem 122 ríki undirrituðu í júlí. Samkomulagið er hins vegar ekki líklegt til að hafa mikil áhrif á stöðu mála enda skrifaði ekkert kjarnorkuveldi undir það.

„Við búum í heimi þar sem beiting kjarnorkuvopna er líklegri en hún hefur verið lengi,“ sagði Reiss-Andersen og vísaði til ástandsins á Kóreuskaga. Kallaði hún jafnframt eftir því að kjarnorkuveldi heims kæmu að borðinu og ræddu um að eyða vopnunum með tíð og tíma.

ICAN samanstendur af hundruðum samtaka víða um heim og er með höfuðstöðvar í Sviss. Beatrice Fihn, framkvæmdastjóri ICAN, sagði við blaðamenn í gær að verðlaunin hefðu komið á óvart en að þau sýndu að vinna hópsins væri nauðsynleg.

„Stríðslög kveða á um að ekki megi beina spjótum að almennum borgurum. Kjarnorkuvopn eru hins vegar gerð til að drepa almenna borgara, þau eiga að eyða heilu borgunum. Það er óásættanlegt,“ sagði Fihn enn fremur.

Það kom fleiri en Fihn á óvart að fá Nóbelsverðlaun í vikunni. BBC kom breska rithöfundinum Kazuo Ishiguro til dæmis algjörlega í opna skjöldu þegar blaðamaður spurði hann um viðbrögð við því að hafa fengið bókmenntaverðlaun Nóbels.

„Ég held ég hafi gefið þér nokkuð raunveruleg viðbrögð. Þau viðbrögð að ég spyr þig hvort þú getir sannað að þetta sé satt. Við umboðsmaður minn höfðum heyrt að ég gæti hafa unnið og vorum að fara að gá hvort þetta væru nokkuð falsfréttir. En greinilega ekki. Þetta er gríðarlegur heiður,“ sagði Ishiguro. Hann hefur meðal annars skrifað bækur á borð við Dreggjar dagsins og Veröld hinna vandalausu.

Ishiguro er fæddur í Japan en fluttist til Bretlands þegar hann var fimm ára. Fjölmargir Japanir brugðust hins vegar reiðir við ákvörðuninni en dyggir aðdáendur hins japanska Haruki Murakami bíða þess enn að hann fái verðlaunin. Hefur hann lengi verið talinn einna líklegastur í veðbönkum, ár eftir ár.

Fyrr í vikunni fengu Jeffrey C. Hall, Michael Rosbash og Michael W. Young læknisfræðiverðlaunin fyrir rannsóknir á líkamsklukkunni. Eðlisfræðiverðlaunin fengu þeir Rainer Weiss, Barry C. Barish og Kip S. Thorne fyrir mælingar á þyngdarbylgjum. Þá féllu efnafræðiverðlaunin í hlut Jacques Dubochet, Joachims Frank og Richards Henderson fyrir að einfalda ferlið við að mynda lífrænar sameindir.

Enn á eftir að tilkynna hver hlýtur hagfræðiverðlaunin. Það verður gert á mánudaginn.

**thorgnyr@frettabladid.is**




**ICAN-liðar voru einkar ánægðir með verðlaunin.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Kjarnorkuvopn eru hins vegar gerð til að drepa almenna borgara, þau eiga að eyða heilu borgunum.**
>
> Beatrice Fihn, framkvæmdastjóri ICAN




Martin Lúther
10. nóv.1483 – 18. feb.1546

## 500 ára siðbótarafmæli 1517 - 2017

**Þrír fyrirlestrar og tvær kvikmyndir verða í boði á þriðjudögum í Loftsalnum, Hólshrauni 3, Hafnarfirði í október 2017.**

**Fyrirlesturinn 10. október kl. 20:00** verður um persónu, uppeldi, menntun og hina innri baráttu hins unga Lúthers í leit að friði og hamingju, hér og nú, og um alla eilífð.
**Fyrirlesturinn 17. október kl. 20:00** fjallar um umbyltinguna miklu í huga og lífi Lúthers þegar hann finnur fagnaðarerindi Jesú Krists og loforð hans um eilíft líf þar sem réttlæti býr.
**Fyrirlesturinn 24. október kl. 20:00** greinir frá Lúther sem „uppgötvara samviskufrelsisins“, sem er undirstaða allra mannréttinda. Við það breyttist framtíð mannkynsins svo um munaði.
**Fyrri myndin verður sýnd 31. okt. kl. 20:00** og ber heitið ***LÚTHER***. Þetta er afar vel leikin mynd með Joseph Fiennes í aðalhlutverki og Sir Peter Ustinov í aukahlutverki.
**Seinni myndin verður sýnd 7. nóv. kl. 20:00**. Titill hennar er: ***Martin Lúther***. Hún fjallar um ævi Lúthers í stórum dráttum, en aðallega um hann sem boðbera samviskufrelsisins og áhrif þess á framvindu mannréttinda og lýðræðis. Viðmælendur eru þekktir prófessorar svo sem Oxford-prófessorinn Alister McGrath.

**Björgvin Snorrason PhD í guðfræði flytur fyrirlestrana. Ókeypis aðgangur. Aðgengi fyrir hreyfihamlaða.**


# Biðst afsökunar á framgöngu lögreglu Spánar

**SPÁNN** Talsmaður spænsku ríkisstjórnarinnar í Katalóníu bað þau hundruð sem spænska lögreglan slasaði um síðustu helgi afsökunar í gær. Lögregla reyndi á sunnudag að koma í veg fyrir kosningar um sjálfstæði héraðsins sem spænski stjórnlagadómstóllinn taldi ólöglegar.

Enric Millo, talsmaðurinn sem um ræðir, sagði ekki annað hægt en að sjá eftir atvikinu og baðst afsökunar fyrir hönd lögreglu. Hann sagði sökina þó liggja hjá héraðsstjórn Katalóníu sem hafi boðað til ólöglegra kosninga.

Nú er búist við því að katalónska þingið lýsi yfir sjálfstæði á þingfundi á þriðjudag. Til stóð að gera það á mánudag en stjórnlagadómstóllinn setti lögbann á þann fund. „Allar tilraunir spænsku ríkisstjórnarinnar til að hindra framgang mála hafa reynst tilgangslausar og í raun gert stöðuna verri,“ sagði Raul Romeva, utanríkismálastjóri héraðsins, í gær. – **þea**

> **Lögreglan á Spáni slasaði hundruð Katalóna þegar kosið var um sjálfstæði héraðsins á sunnudaginn.**




**Nýr Hyundai Tucson** er einstaklega fallegur, sjálfskiptur, framhjóladrifinn eða fjórhjóladrifinn með sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai Tucson með fimm ára ábyrgð. **Hyundai Tucson - 4wd, dísil, ssk. Verð frá 4.990.000 kr.**

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

HYUNDAI

Hyundai Tucson 2wd / Dísilvél 1,7 lítrar, 141 hestafl, eldsneytisnotkun 4,9 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM83722

# Hvar eru málefnin?



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Kosningaumræðan hefur hingað til snúist um menn frekar en málefni. Það sem þó hefur ratað í umræðuna hefur frekar verið í slagorða- eða stikkorðastíl og lítið kjöt á beinunum.

Sjálfstæðismenn virðast fyrst og fremst ætla að láta kosningarnar snúast um traust og stöðugleika, jafnvel þótt engum flokki hafi tekist jafn illa að halda ríkisstjórnum saman undanfarin ár. Öll barátta Framsóknar og Miðflokksins virðist ætla að snúast um persónur og leikendur.

Katrín Jakobsdóttir virðist ætla að halda uppteknum hætti og láta eins lítið til sín taka og mögulegt er. Þó lýsti hún því yfir á dögunum að hún ætlaði að taka fyrir bónusa í fjármálageiranum – vissulega er það líklegt til vinsælda, en á því máli hefur löngu verið tekið og hvergi annars staðar er fjármálafyrirtækjum jafn þröngur stakkur sniðinn í þessum efnum og hérlendis. Þetta getur varla verið forgangsmál.

Frambjóðendur Samfylkingarinnar í Reykjavík lýstu því yfir að aðalmálið væri baráttan gegn kynferðisofbeldi gegn börnum. Væntanlega geta allir flokkar sammælst um það.

Ekkert eitt mál hefur fengið nægjanlega vigt til að fanga umræðuna. Því var frískandi að heyra Benedikt Jóhannesson ræða efnahagsmál í vikunni. Hann benti á að stærsta kjaramál þjóðarinnar væri að lækka vexti í landinu. Hann benti á þá staðreynd að Íslendingar þurfa að vinna klukkustund lengur á dag en íbúar evruríkjanna til að mæta auknum kostnaði sem til fellur hér vegna hárra vaxta.

Benedikt fórnaði Evrópuhugsjón sinni að vísu til að komast í ríkisstjórn eftir síðustu kosningar, en batnandi mönnum er best að lifa.

Einfaldasta leiðin til að lækka vaxtastig er að skipta krónunni út fyrir annan gjaldmiðil. Í þeim efnum er evran langraunhæfasti kosturinn, enda er evrusvæðið okkar langstærsta viðskiptasvæði. Líkt og formaður Viðreisnar benti á væri eðlilegt fyrsta skref að festa gengi krónunnar við evruna, það mætti gera án fullrar aðildar að ESB.

Tveir þrautreyndir menn úr viðskiptalífinu skrifuðu greinar hér í blaðið um krónuna í vikunni. Þórður Magnússon benti á að skýra mætti þriggja til fjögurra prósenta mun í vaxtastigi einfaldlega með tilvísan í að gengisáhætta af íslensku krónunni væri verðlögð inn í vaxtakjörin. Hann benti jafnframt á að íslensk fyrirtæki og fjárfestar stæðu höllum fæti gagnvart erlendum keppinautum sem geta fjármagnað sig í erlendum gjaldmiðlum með tilheyrandi sparnaði. Afleiðingin af þessu er ekki bara sú að innlend fyrirtæki eiga bágt með að keppa við erlenda keppinauta, líkt og Costco, þegar kemur að verðlagningu, heldur einnig sú að erlendir fjárfestar eiga auðveldara með að fjármagna kaup á innlendum eignum. Þessi þróun leiðir til þess að íslenskar eignir falla erlendum aðilum í skaut með tilheyrandi útflæði á peningum.

> **Ekkert eitt mál hefur fengið nægjanlega vigt til að fanga umræðuna. Því var frískandi að heyra Benedikt Jóhannesson ræða efnahagsmál í vikunni. Hann benti á að stærsta kjaramál þjóðarinnar væri að lækka vexti í landinu.**

Í annarri aðsendri grein benti Ole Anton Bieltvedt á að sex ára bílalán á Íslandi sé fimmfalt dýrara á samningstímanum en sambærilegt lán í Þýskalandi. Hann hittir naglann á höfuðið: „Væntumþykja margra á krónunni er óskiljanleg. Þetta er einhver tilfinningasemi, nánast þjóðernisleg ofsatrú, sem ekkert hefur með skynsemi, rök eða staðreyndir að gera."

Gjaldmiðilsmál hafa hingað til ekki verið líkleg til vinsælda meðal kjósenda. Er skýringin kannski sú að stjórnmálamönnunum hefur mistekist að skýra hvers konar kjarabót lægra vaxtastig væri fyrir þjóðina?

Íbúðalánasjóður
Velferðarráðuneytið

HÚSNÆÐISÞING
16.10.2017

Þangað mæta allir sem koma
að húsnæðismálum á Íslandi
Skráning á ils.is/husnaedisthing



## Gunnar





## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Við erum það sem við kjósum

Ég hlaut einu sinni ákúrur fyrir að segja eftirfarandi sögu. Nýlegir atburðir hafa orðið til þess að ég sé mig knúna til að rifja hana upp.

**Rekin inn í lögreglubíl**

Þann 8. maí árið 1938 birtist í Morgunblaðinu hversdagslegur listi yfir farþega sem siglt höfðu með Brúarfossi til útlanda tveimur dögum fyrr. Upptalningin er sakleysisleg: Hörður Gunnarsson, Unnur Magnúsdóttir, Rottberger og frú með tvö börn. En bak við eitt þessara andlitslausu nafna er hrollvekjandi saga.

Rúmri viku fyrr hafði mátt lesa eftirfarandi frétt í Morgunblaðinu: „Lögreglan hefir vísað úr landi þýskum Gyðingi ... Það verður að fagna því, að yfirvöldin skuli hafa tekið rögg á sig gagnvart þeim landshornalýð, sem flækst hefir hingað til lands í þeirri von, að ekkert eftirlit væri haft með dvöl þeirra ... Vonandi sjá yfirvöldin til þess, að útlendingum verði sem minnst veitt hjer landvistarleyfi og að það fólk erlent, sem hjer er nú án landvistarleyfis, verði tafarlaust látið fara úr landi."

Hans Rottberger var þrjátíu og tveggja ára Berlínarbúi. Hann hafði flúið hingað til lands árið 1935 eftir að hafa verið fangelsaður og pyntaður í heimalandi sínu fyrir að vera gyðingur. Kona hans, Olga, og kornung dóttir þeirra fylgdu í kjölfarið. Rottberger-hjónin hófu hér leðuriðju.

En móttökur Íslendinga við flóttafólki sem leitaði undankomuleiða undan ofsóknum Hitlers voru að jafnaði óblíðar. Vorið 1938 bankaði lögreglan upp á hjá Rottberger-hjónunum. Hún lokaði leðurverkstæðinu. Hans, Olga og börnin þeirra sem þá voru orðin tvö voru rekin inn í lögreglubíl og þau flutt um borð í Brúarfoss.

**Að skýla sér bak við kerfi**

Fyrir þremur vikum stóð til að flytja nauðug af landi brott feðginin Haniye og Abrahim Maleki frá Afganistan. Geislandi bros hinnar tólf ára Haniye varð frægt er mikill mannfjöldi mætti í afmæli hennar á Klambratúni og fimmtán þúsund manns skrifuðu undir áskorun til stjórnvalda um að endurskoða ákvörðun sína um að vísa feðginunum úr landi.

Sumir settu sig þó upp á móti því að Haniye fengi einhvers konar „sérmeðferð". Útlendingastofnun vildi að „kerfið" yrði látið afskiptalaust því „jafnt ætti yfir alla að ganga". Sjálfstæðismenn höfðu fyrir átyllu að breytingar á útlendingalöggjöf kynnu að hvetja til mansals. Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sagði „flóttabörn ekki mikilvægari en sauðfjárbændur".

Það að menn reyni að bera af sér harðneskjulegt hugarfar með því að skýla sér bak við andlitslaust kerfi er ekki nýtt af nálinni. Á fjórða áratug tuttugustu aldar kvartaði Iðnráð Reykjavíkur yfir því við lögreglustjóra að Rottberger ræki hér atvinnu í heimildarleysi; hann hefði ekki iðnréttindi. Var þetta síður en svo í eina sinn sem verkalýðs- og iðngreinafélög reyndu að koma útlendingi úr landi sem þeim þótti skerða lífsviðurværi félagsmanna.

**Gálgafrestur**

Nú, tæpum áttatíu árum eftir að Rottberger fjölskyldan var rekin burt, hryllir okkur við meðferðinni sem hún fékk. Fyrirsláttur samtíðarmanna um iðnréttindi og aðrar leikreglur er síst til að milda dóm okkar.

Það varð Rottberger-hjónunum til lífs að Brúarfoss kom við í Danmörku þar sem þeim tókst að fá hæli.

Haniye og faðir hennar hafa fengið gálgafrest. Frumvarp um breytingar á útlendingalögum sem samþykkt var á Alþingi fyrir þinglok tryggir Haniye efnislega meðferð á máli sínu. En hvað svo?

Við getum rökrætt um kerfi, lög, reglur og amstur sútara og sauðfjárbænda. Það breytir þó engu um merg málsins: Að senda Haniye til Afganistan er engu minni hrottaskapur en að senda Rottberger fjölskylduna í gasklefann.

Dómur framtíðar er handan hornsins. Hver erum við í augum komandi kynslóða? Við erum það sem við kjósum. Gleymum því ekki 28. október.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*




Öruggur, fullkomið skipulag, nákvæmur frágangur og betri í alla staði. Honda HR-V er ekki bara fimm stjörnu bíll hvað varðar öryggi, í HR-V á hver hlutur sinn stað og hlutverk. Við hönnuðum nýjan Honda HR-V með þetta að leiðarljósi. Útkoman er fallegur borgarjeppi, með frábæra eiginleika innan sem utan.

**Nýr Honda HR-V, fullkominn fyrir þig.**

www.honda.is

BERNHARD

Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum




**Reykjavík**
Bíldshöfði 20
**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**
**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100




HÚSGAGNA
HÖLLIN

**Tyrkl. 0 – 3 Ísl.**

**0-1** Jóhann Berg Guðmundsson (32.), **0-2** Birkir Bjarnason (39.), **0-3** Kári Árnason (49.).

**Frammistaða Íslands (4-4-2)**

| | |
|---|---|
| Hannes Þór Halldórsson | 9 |
| Birkir Már Sævarsson | 9 |
| Kári Árnason | 9 |
| Ragnar Sigurðsson | 9 |
| Hörður Björgvin Magnússon | 9 |
| Jóhann Berg Guðmundsson | 9 |
| (82. Ari Freyr Skúlason | -) |
| Aron Einar Gunnarsson | 9 |
| (65. Sverrir Ingi Ingason | 7) |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 9 |
| Birkir Bjarnason | 9 |
| Alfreð Finnbogason | 9 |
| (78. Ólafur Ingi Skúlason | -) |
| Jón Daði Böðvarsson | **10** |

**Maður leiksins**

Jón Daði Böðvarsson lék einn sinn besta landsleik. Afar vinnusamur og lagði fyrstu tvö mörkin upp.



**Úrslit og staða í riðli Íslands**

| | |
|---|---|
| **Króatía - Finnland** | **1-1** |
| **Kósovó - Úkraína** | **0-2** |

| **Efri** | | **Neðri** | |
|---|---|---|---|
| Ísland | 19 | Tyrkland | 14 |
| Króatía | 17 | Finnland | 8 |
| Úkraína | 17 | Kósovó | 1 |




Birkir Bjarnason býr sig undir að þruma boltanum í þaknetið á marki Tyrklands og koma Íslandi í 0-2, sex mínútum fyrir hálfleik. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


KOMDU Á VÖLLINN!

OLÍSDEILD KVENNA

8. okt. Stjarnan - Valur (SPORT)
10. okt. Selfoss - Fram
10. okt. Fjölnir - Haukar
12. okt. ÍBV - Grótta

OLÍSDEILD KARLA

8. okt. Fjölnir - ÍBV
8. okt. Grótta - Stjarnan
9. okt. Haukar - Fram (SPORT)
10. okt. Afturelding - Selfoss (SPORT)
11. okt. Víkingur - FH
12. okt. Valur - ÍR

Olís er stoltur styrktaraðili úrvalsdeildar karla og kvenna á Íslandsmótinu í handbolta.

# Hetjur sem óttast ekkert

**Brjáluðu lætin og óvinveitta andrúmsloftið hafði engin áhrif á strákana okkar sem pökkuðu Tyrkjum saman enn og aftur. Ísland er einum sigri frá HM.**

Skrifar frá **Eskisehir**
Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is



**FÓTBOLTI** Strákarnir okkar í íslenska landsliðinu í fótbolta eru einu skrefi frá því að komast beint á HM 2018 eftir magnaðan 3-0 sigur gegn Tyrkjum í Eskisehir í gærkvöldi. Þökk sé jafntefli Finnlands og Króatíu er Ísland nú efst í riðlinum og er öruggt með farseðil til Rússlands vinni það Kósóvó á mánudaginn í Laugardalnum. Hverjum hefði dottið í hug að þetta yrði staðan eftir tapið gegn Finnlandi?

Sigur strákanna í gærkvöldi var algjörlega magnaður. Enn eina ferðina gekk Tyrkjum ekkert að brjóta niður fastmótað og vel útfært leikskipulag Íslands og fljótlega fór það að fara í taugarnar á þeim. Í síðustu fjórum leikjum gegn Tyrklandi er íslenska liðið aðeins búið að fá á sig eitt mark og það var draumamark, beint úr aukaspyrnu.

Ísland hélt sig við grunngildi sín og skipulag. Undirbúningurinn fyrir leikinn var augljóslega fullkominn bæði er varðar fótboltafræðin og eins varðandi undirbúninginn fyrir stemninguna sem var búist við að myndi ríkja á leiknum. Hún var svakaleg til að byrja með; ærandi læti og baul svo enginn heyrði mannsins mál.

Það er ekki nema mánuður síðan króatíska landsliðið mætti til Tyrklands og bognaði undan þessu andrúmslofti. Það gerðu okkar strákar ekki. Hetjur nefnilega óttast ekkert og þessir drengir eru ekkert annað en hetjur. Alltaf þegar maður heldur að þeir séu búnir að toppa sig draga þeir svona frammistöðu fram úr erminni og kemur íslensku þjóðinni, sem er nú þegar búin að fá að fagna með þeim, á óvart.

> **Ef Ísland vinnur Kósóvó á mánudaginn er liðið komið á HM í fyrsta sinn í sögunni. Breytir þá engu hvernig aðrir leikir í riðlinum fara.**

Hver einn og einasti maður vissi hvað hann átti að gera inn á vellinum og gerði það vel. Eins og alltaf er þó ein stjarna sem skín aðeins skærar og að þessu sinni var það Jón Daði Böðvarsson sem átti sviðið. Þó honum gangi illa að skora fyrir landsliðið er hann þyngdar sinnar virði í gulli með vinnusemi sinni og baráttu. En í gær lagði hann upp fyrstu tvö mörkin og var óskabarn þjóðarinnar í nokkrar klukkustundir.

Það er skammur tími fyrir Heimi til að vinna með strákana fyrir leikinn á mánudaginn en við vitum að þeir eru klárir. Kósóvó er klisja; sýnd veiði en ekki gefin. Við erum samt með betra lið og ef menn spila svona eins og í Tyrklandi verður mánudagurinn 9. október rauður dagur á dagatölum framtíðarinnar. HM-dagurinn.



Íslendingar fylgjast spenntir með stöðunni í leik Króatiu og Finnlands í símanum hjá liðsstjóranum Sigurði Þórðarsyni, Sigga Dúllu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Vinnusemin var ótrúleg

**FÓTBOLTI** Heimir Hallgrímsson brosti breitt eftir sigurinn frækna á Tyrkjum í Eskisehir í gær.

„Þetta var stór og mikill sigur, miðað við allt. Það var magnþrungið að vera á þessum velli og þetta var risa karaktersigur, að ganga frá þeim í fyrri hálfleik,“ sagði Heimir í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn.

Íslenska liðið var afar vel skipulagt í leiknum í gær og leikplanið gekk fullkomlega upp. Varnarleikurinn var þéttur, sóknarleikurinn beittur og vinnusemin í íslenska liðinu til mikillar fyrirmyndar.

„Við vissum að við þyrftum að spila góðan varnarleik gegn þeim. Við vorum varkárir í hálfleik og vissum að við myndum fá færi og við nýttum þau. Það skipti sköpum. Hrós til strákanna fyrir gott skipulag og ótrúlega vinnusemi. Alfreð og Jón Daði voru gríðarlega vinnusamir og lokuðu á margar af þeirra sóknum,“ sagði Heimir sem breytti aftur yfir í leikkerfið 4-4-2, eftir að hafa notað þriggja manna miðju í síðustu þremur landsleikjum.

„Það vantaði Emil og svo var Aron Einar tæpur. En það var þannig að annar framherjinn datt alltaf niður.“

> Við vorum varkárir í hálfleik og vissum að við myndum fá færi og við nýttum þau. Það skipti sköpum.
>
> Heimir Hallgrímsson

Úrslit gærdagsins þýða að Íslandi dugir að vinna Kósovó á Laugardalsvellinum á mánudaginn til að tryggja sér farseðilinn til Rússlands þar sem HM fer fram á næsta ári.

Heimir segir mikilvægt að íslensku leikmennirnir séu með báða fætur á jörðinni og einbeitingin sé til staðar.

„Nú er það okkar í kringum liðið og ykkar fjölmiðlanna að passa að menn fari ekki fram úr sér. Við áttum í erfiðleikum í fyrri leiknum gegn Kósovó og vitum hvað þeir geta gert. Við munum líka eftir leikjunum gegn Kasakstan og Lettlandi í síðustu keppni. Við áttum erfitt með að taka síðasta skrefið. Nú verðum að gíra okkur upp og einbeita okkur 100% að því að ná okkur fyrir næsta leik,“ sagði Heimir.

## Aron Einar eftir leik



„Það heppnaðist allt sem við gerðum. Leikaðferðin og allt sem við lögðum upp með heppnaðist í dag. Þeir urðu sjokkeraðir yfir hversu vel skipulagðir við vorum,“ sagði landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson eftir sigurinn í gær.

„Ég held að það sé ekkert skemmtilegt að spila á móti okkur og maður tekur eftir því sjálfur á æfingum þegar við erum að spila vörn gegn sókn. Það er ekkert auðvelt að brjóta okkur niður og í dag vorum við bara 100% í öllu saman; skipulagið, samvinna, vilji, barátta og gleði. Þetta heppnaðist allt og það eru ekkert mörg lið sem koma hingað og vinna 0-3,“ sagði Aron Einar sem hrósaði Jóni Daða Böðvarssyni sem lagði fyrstu tvö mörk Íslands upp.

„Mér gæti ekki verið meira sama þó hann skoraði ekki neitt. Þessi gæi er ótrúlegur og ég verð að hrósa honum. Þetta er gæi sem gerir bara það sem honum er sagt. Þetta er þannig töffari.“

LEIÐIR HEIMIS OG FH SKILJA

FH teflir fram nýjum þjálfara á næsta tímabili en félagið hefur látið Heimi Guðjónsson fara. Heimir var 17 ár hjá FH, sem leikmaður, fyrirliði, aðstoðarþjálfari og svo þjálfari í 10 ár. Undir hans stjórn vann FH sex stóra titla. Á síðasta tímabili endaði FH í 3. sæti Pepsi-deildarinnar. Í gær var einnig greint frá því að Ágúst Gylfason hefði verið ráðinn þjálfari Breiðabliks. Ágúst hafði stýrt Fjölni síðan 2012.



## Helgin

**Laugardagur:**
- 05.50 F1: Tímataka í Japan — Sport
- 12.00 Alfred Dunhill Links — Golfst.
- 15.50 Bosnía - Belgía — Sport 5
- 15.50 Svíþjóð - Lúxemborg — Sport 3
- 15.50 Færeyjar - Lettland — Sport 2
- 16.20 Stjarnan - Breiðablik — Sport 4
- 18.35 Búlgaría - Frakkland — Sport
- 18.35 H-Rússland - Holland — Sport
- 18.35 Andorra - Portúgal — Sport
- 20.45 HM Markasyrpa — Sport
- 02.00 UFC 216 — Sport

**Sunnudagur:**
- 04.30 Formúla í Japan — Sport 2
- 11.30 Alfred Dunhill Links — Golfst.
- 15.50 Slóvenía - Skotland — Sport 2
- 15.50 Litháen - England — Sport
- 15.50 Danmörk - Rúmenía — Sport 4
- 17.00 Steelers - Jaguars — Sport 2
- 17.50 Stjarnan - Valur — Sport 3
- 18.35 Tékkland - San Marínó — Sport
- 18.35 Þýskal. - Aserbaíd. — Golfst.
- 18.35 Noregur - N-Írland — Sport 3
- 20.20 Cowboys - Packers — Sport 2
- 20.45 HM Markasyrpa — Sport

**Domino's-deild karla í körfu:**
- S19.15 Grindavík - Þór Þorl.

**Domino's-deild kvenna í körfu:**
- L16.30 Keflavík - Valur
- L16.30 Stjarnan - Breiðablik
- L17.15 Haukar - Njarðvík
- S19.15 Skallagrímur - Snæfell

**Olís-deild karla í handbolta:**
- S17.00 Fjölnir - ÍBV
- S19.30 Grótta - Stjarnan

**Olís-deild kvenna í handvolta:**
- L18.00 Stjarnan - Valur

**Evrópukeppni karla í handbolta:**
- L17.00 FH - St. Petersburg HC



Málþing 2017

Íbúðir í Reykjavík - málþing

Hvar er verið að byggja nýjar íbúðir í Reykjavík?

Borgarstjórinn í Reykjavík býður til málþings um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík föstudaginn 13. október 2017 kl. 9-11 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8.30. Allir eru velkomnir.

Dregin verður upp heildstæð mynd af framkvæmdum og framkvæmdaáformum á húsnæðismarkaði í Reykjavík. Áhersla í kynningu borgarstjóra verður á samþykkt verkefni og framkvæmdir sem eru nýlega hafnar, en einnig verður gefin innsýn í verkefni á undirbúningsstigi.

Dagskrá:

kl. 08.30 Létt morgunhressing

kl. 09.00 Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri: Uppbygging íbúðarhúsnæðis í Reykjavík

kl. 10.00 Ýmis uppbyggingarverkefni:
Una Jónsdóttir, hagfræðingur hjá Íbúðalánasjóði: Staða og þróun á húsnæðismarkaði.
Borghildur Sölvey Sturludóttir, arkitekt hjá umhverfis- og skipulagssviði: Úlfarsárdalur - fjölgun íbúða
Sigurður Bessason, formaður Eflingar og varaforseti ASÍ: Leiguíbúðir á viðráðanlegu verði
Ásdís Helga Ágústsdóttir, arkitekt hjá Yrki: Íbúðir Bjargs við Móaveg

reykjavik.is/ibudir

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN



„Sum þessara fósturbarna segja einmitt að þau vildu að það hefði verið gripið fyrr inn í," segir Sindri Sindrason stjórnandi nýrrar þáttaráðar um tilveru fósturbarna á Íslandi. MYND/STÖÐ2

# Aldrei fleiri fósturbörn á Íslandi

**Sindri Sindrason fjallar um falinn heim fósturbarna og fósturforeldra í nýrri þáttaröð. Sjálfur kynntist hann kerfinu frá fyrstu hendi þegar hann ættleiddi dóttur sína fyrir fáum árum.**

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Þetta hefur verið falinn heimur sem lítið hefur verið fjallað um," segir Sindri Sindrason fjölmiðlamaður en hann frumsýnir þáttaröðina Fósturbörn á þriðjudag á Stöð 2. Um er að ræða sjö þátta seríu þar sem Sindri skyggnist inn í heim fósturbarna, fósturforeldra en einnig kynforeldra sem hafa þurft að láta börn sín af hendi. „Sögurnar sem þetta fólk hefur að segja eru margar hverjar átakanlegar, en um 400 börn eru í fóstri á Íslandi og hafa þau aldrei verið fleiri."

Sjálfur ættleiddi Sindri stúlku fyrir nokkrum árum ásamt eiginmanni sínum og kynntist þannig kerfinu frá fyrstu hendi. „Við tókum hana fyrst í tímabundið fóstur, síðar í varanlegt og gengum svo frá ættleiðingu stuttu síðar en fæst þessara barna eru ættleidd." Sindri segir sína reynslu bæði hafa auðveldað honum þáttagerðina og þvælst fyrir honum. „Ég þekki þetta kerfi mjög vel, barnaverndina og allt fósturkerfið. Það hjálpaði mér að sjálfsögðu, en mér fannst líka erfitt að halda fókus stundum. Þetta er svo viðamikið viðfangsefni, viðkvæmt og að svo mörgu að huga. Mig langaði til að fjalla um alla angana."

Færst hefur í aukana að samkynhneigð pör taki börn í fóstur. Sindri hefur eftir einum viðmælanda að slíkt fyrirkomulag mælist sérstaklega vel fyrir þegar um er að ræða samkynhneigða karlmenn sem taka að sér hlutverk fósturforeldra. „Það reynist oft blóðmæðrum þessara barna erfitt þegar barnið fer að kalla einhverja aðra konu mömmu. Einni sem ég ræddi við fannst gott að fósturforeldrar hennar barns væru tveir karlmenn og það skilur maður vel."



Sögur fólks eru margar átakanlegar að sögn Sindra.

**VIÐ 18 ÁRA ALDURINN ER EKKERT SEM TEKUR VIÐ FYRIR ÞESSA KRAKKA.**

Sindri segir kerfið oft fá ómaklega gagnrýni, en margt megi þó fara betur. „Eins og það að við 18 ára aldurinn er ekkert sem tekur við fyrir þessa krakka. Þau eru send út af stofnunum á átján ára afmælisdaginn og sum fósturheimili hafa sömu reglu. Þau fá lítið veganesti nema doðrant af gögnum um mál þeirra innan úr kerfinu. Mér finnst það algjörlega galið fyrirkomulag," segir Sindri. Hins vegar sé gagnrýni á kerfið um að það grípi of snemma inn í, gengið sé á rétt kynforeldra, úr lausu lofti gripin. „Sum þessara fósturbarna segja einmitt að þau vildu að það hefði verið gripið fyrr inn í."

Fósturbörn verða á dagskrá Stöðvar 2 á þriðjudögum klukkan 20.30.

## Um helgina

### SAFNAR UNDIRSKRIFTUM

Helgin mun litast af störfum fyrir Viðreisn. Ég er að fara að safna undirskriftum og við í ungliðahreyfingunni erum með viðburð á Dillon um laugardagskvöldið. Svo er flokkurinn sjálfur með kosningahátíð sama dag.



**Katrín Júlíu Steingrímsdóttir, frambjóðandi og nemi.**

### LESTU

Ósýnilega verndarann. Fyrsta bindi glæpasagnaþríleiks eftir Dolores Redondo. Gerð var bíómynd eftir bókinni sem er nú sýnd á Netflix við gríðarlegar vinsældir.




### TRÍTHELGI

„Ég ætla að taka smá trít-helgi svona samhliða lærdómnum. Sem sagt drekka gott kaffi, kaupa nýbakað súrdeigsbrauð í Brauð & co. Töfra fram heimagert avókadó-ristað brauð og jafnvel setja á mig andlitsmaska, og já, fara í gott pottatjill í Vesturbæjarlaug eftir góða rækt!"



**Anna Jia, verkfræðinemi og fyrirsæta.**

### HORFÐU

á Kartöfluæturnar, nýtt verk Tyrfings Tyrfingssonar í Borgarleikhúsinu sem fær stórgóða dóma.





**Aron Leví Beck, formaður Ungra jafnaðarmanna.**

### LIST OG LANDSÞING

Ég er að fara á landsþing Ungra jafnaðarmanna, sýningaropnun Errós í Listasafni Reykjavíkur og hver veit nema að ég kíki á Babies flokkinn á Húrra í kvöld.



iPERFORMANCE
BMW
Sheer
Driving Pleasure
BMW 2
FJÓRHJÓLADRIF.
KNÚIÐ AF RAFMAGNI.
BMW 225xe xDrive EXCLUSIVE, sjálfskiptur,
plug-in hybrid. Verð: 5.350.000 kr.
Aukabúnaður í EXCLUSIVE útgáfu: Sensatec leðuráklæði, LED aðalljós, rafdrifin framsæti,
sjálfvirkur „Leggja í stæði“ búnaður, skyggðar rúður, HIFI 9 hátalara 205W hljómkerfi, lykillaust aðgengi,
rafdrifinn afturhleri, snertilaus opnun/lokun á afturhlera, 17" álfelgur, állistar í kringum rúður og þakbogar.
OPIÐ Í DAG KL. 12–16
ENNEMM / SÍA / NM83954
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# AFMÆLISHÁTÍÐ






SPARAÐU
25%
AF WOODSTORY
BORÐSTOFUBORÐUM

## WOODSTORY

### HANNAÐU ÞITT EIGIÐ PLANKABORÐ

Stefnur og straumar eru að færa náttúrulegan efnivið inn á heimilið með því nota lífræn efni í húsgögn, sem gerir það að verkum að plankaborð eru á góðri leið með að verða sígild. Þess vegna kynnum glænýja hugmyndafræði sem kallast Woodstory, þar sem þú getur hannað þitt eigið plankaborð sem hentar þér og passar fullkomlega inná þitt heimili. Þú velur um einn eða tvo planka með beinum eða lifandi brúnum og um þrjár mismunandi gerðir af fótum. Um leið og þú hefur gert upp hug þinn hvernig borðið þitt á að líta út, látum við handgera það í Evrópu þar sem góður efniviður og framúrskarandi gæði eru fyrirrúmi.



SPARAÐU
25%
AF NORDIC
MATARSTELLI



SPARAÐU
30%

**Mallorca-borðstofuborð.** Hvít laminat borðplata, hvíttaðir eikarfætur. 100x200 cm. 119.900 kr. Nú 79.900 kr.
**Moon ny-stóll.** Grá seta með eikarfótum. 17.900 kr. Nú 9.900 kr. Heildarverð á borði og 6 stólum. áður 227.300 kr. Nú 139.300 kr.



SPARAÐU
50%

**Link-stóll.** Svört seta með svörtum fótum. Hvít, grá eða svört seta með krómfótum. 12.900 kr./stk. Nú 5.900 kr./stk.



SPARAÐU
50%

**Dana-stóll.** Svartur eða hvítur. 19.900 kr. Nú 9.900 kr.

VEXTIR
0%

**12 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING**

Þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

MasterCard
VISA

Netgíró
**3 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING MEÐ**

# FJÖLDI TILBOÐA Í VERSLUN TIL 15. OKTÓBER

ILVA

SPARAÐU 40%



Vesta-samsetning. Hornsófi með legubekk. 100% pólýester áklæði. 392 x 270 cm. 549.500 kr. Nú 319.500 kr. Verðflokkur A3

SPARAÐU 30%




Strap-loftljós. Svart eða hvítt. Stórt. Ø36 cm. 29.995 kr. Nú 19.900 kr. Miðstærð. Ø27 cm. 24.990 kr. Nú 16.900 kr. Lítið. Ø17 cm. 14.995 kr. Nú 9.900 kr.

SPARAÐU 35%

AF KERTUM OG KERTASTJÖKUM



SPARAÐU 30%



Vintage-sófaborð. Vaxborinn álmur. 90 x 90 cm. 59.900 kr. Nú 39.900 kr.

SPARAÐU 30%

nýir litir



Criss eða Majestic-sessa. Ýmsir litir. 14.995 kr. Nú 9.995 kr.

SPARAÐU 30%

AF ÖLLUM ÁBREIÐUM



SPARAÐU 30%

AF ÖLLUM PÚÐUM

nýtt



SPARAÐU 40%

AF DREAM SÆNG 135X200 CM




Dream-sæng. 135 x 200 cm. 90% hvítur andadúnn 650g 22.995 kr. Nú 12.995 kr.

SPARAÐU 2 fyrir 1

AF ÖLLUM HANDKLÆÐUM






laugardag og sunnudag
kl. 12-18

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

shop online

# Fordómar að verða áþreifanlegri

Leikararnir **Jónmundur Grétarsson**, **Tinna Björt Guðjónsdóttir** og **Hafsteinn Vilhelmsson** fara með hlutverk í leikritinu Smán. Verkið fjallar um fordóma af ýmsu tagi og það viðfangsefni snertir við þeim persónulega þar sem þau eru dökkir Íslendingar og hafa reglulega í gegnum tíðina rekið sig á hindranir vegna húðlitar, ekki síst í heimi leiklistarinnar.

Guðný Hrönn
gudnyhronn@365.is



Leikararnir Jónmundur Grétarsson, Tinna Björt Guðjónsdóttir og Hafsteinn Vilhelmsson eru sammála um að markmiðið með að setja leikverkið Smán upp á Íslandi sé meðal annars að vekja fólk til umhugsunar um fordóma sem fela sig gjarnan í undirmeðvitundinni.

Það var Jónmundur sem fékk hugmyndina að því að setja Smán, sem á ensku heitir Disgraced, upp í íslensku leikhúsi. „Verkið sat svo í mér eftir fyrsta lestur og ég var kominn með nóg af öllu sem var að gerast í samfélaginu. Sem listamönnum ber okkur einfaldlega skylda til þess að setja upp verk eins og Smán. Maður vill bara leggja sitt af mörkum,“ segir Jónmundur, alltaf kallaður Jonni. „Ég sá strax að þetta er verk sem getur haft áhrif. Það lætur fólk hugsa um ástandið í heiminum og sömuleiðis líta inn á við og kannski opna augun fyrir leyndum fordómum.“

„Það hefur verið gaman að taka þátt í þessu ferli í kringum verkið. Líka pínu persónulegt fyrir okkur sem erum dökk og höfum fengið að kynnast fordómum, meðal annars í formi þess að vera svo oft „type-cöstuð“ í hlutverk,“ segir Tinna sem notar orðið „type-cast“ til að vísa í þegar leikari er endurtekið ráðinn í hlutverk af sömu tegund vegna einhverrar sérstöðu, í þeirra tilfelli vegna húðlitar.

Spurð nánar út í hvernig sé að vera dökkur leikari á Íslandi hafa þau frá mörgu að segja.

„Það er gaman að fá að taka þátt í þessari sýningu með Þjóðleikhúsinu því þau eru að fara nýja leið. Ég veit ekki um aðra sýningu sem þar sem eins margir dökkir leikarar á sviði,“ segir Tinna.

Jonni tekur undir. „Það er líka gaman að karakterarnir sem við leikum eru vel stætt fólk. Það er svolítið ólíkt því sem við erum vön. Þegar við fáum hlutverk þá erum við yfirleitt „type-cöstuð“ og einhverra hluta vegna þá eru þau hlutverk oft fórnarlömb, glæpamenn, dópistar, útlendingar og svo framvegis. En í Smán erum við að leika fólk sem hefur náð langt og hefur barist fyrir sínu.“

„Við erum sjö eða átta leikarar á Íslandi sem erum af öðrum kynþætti og við erum vanalega „type-cöstuð“. Við erum bara svolítið á eftir hérna á Íslandi hvað þetta varðar, miðað við til dæmis önnur Norðurlönd,“ útskýrir Jonni. Hann segist vera búinn að átta sig á að það sé enginn að fara að berjast fyrir því að koma fjölbreyttari leikarahóp að í íslensku leikhúslífi, nema þau sjálf. „Það er enginn að fara að gera þetta fyrir okkur. En þetta er það sem við erum að vinna að. Við ætlum að sýna að við getum leikið venjulegt fólk. Hlutirnir þurfa ekki alltaf að snúast um dökk hlutverk og hvít hlutverk. Annars staðar í Evrópu eru hlutirnir komnir lengra. Dökkir leikarar eru að leika Hamlet eða hvað sem er. Við erum íslensk og þetta á ekki að skipta máli.“

Tinna tekur í sama streng. „Algjörlega. Eins og í Bretlandi, þegar það var verið að setja upp Harry Potter, þá var Hermione orðin dökk. Þó við séum komin svona stutt á Íslandi þá er samt gaman að vera partur af leiksýningu þar sem verið er að taka þessi fyrstu skref.“

Jonni bendir líka á að þegar fólk sér dökka leikara endurtekið í hlutverkum glæpamanna og ógæfufólks þá geti villandi hugmyndir læðst inn í undirmeðvitundina. „Fólk gleymir gjarnan að þessir miðlar eru svo gríðarlega sterkir og öflugir. Þeir hafa mikil áhrif á hvernig menningin mótast og fólk gerir sér kannski ekki grein fyrir því.“

Hafsteinn kannast við að hafa fengið nokkuð einsleit hlutverk vegna útlitsins. „Sammála. Og þess vegna er alltaf svo gaman að sjá verk þar sem það skiptir ekki máli hvernig leikararnir eru á litinn. Ég man bara eftir að þegar ég var í Kvikmyndaskólanum var ég oft látinn leika ofbeldismann, fíkniefnasala eða eitthvað álíka. En einu sinni sagði ég: „Hey, núna vil ég leika eitthvað annað er vondan gaur.“ ➡



Jómundur, Tinna og Hafsteinn hafa það að markmiði að vekja fólk til umhugsunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> ÉG TRÚI ÞVÍ INNILEGA AÐ VIÐ ÞRJÚ GÆTUM EINHVERN TÍMANN VERIÐ Í UPPSETNINGU Á NJÁLU TIL DÆMIS. ÞAÐ VÆRI SJÚKLEGA GAMAN
>
> Tinna




## GRAN CANARIA



**Jardin del Atlantico** ☆☆+

**Frá kr. 66.695 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 66.695 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 76.895 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
6. febrúar í 7 nætur.

## FUERTEVENTURA




**Broncemar Beach Aparthotel** ☆☆☆

**Frá kr. 77.030 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 77.030 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 88.895 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
1. janúar í 10 nætur.

## LA PALMA



**Hotel La Palma Princess** ☆☆☆☆

**Frá kr. 173.595 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 173.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi. Netverð á mann frá kr. 206.575 m.v. 1 fullorðinn í herbergi.
22. febrúar í 10 nætur.

## LANZAROTE




**Costa Mar Aparthotel** ☆☆+

**Frá kr. 72.045 m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 72.045 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 94.095 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
15. mars í 9 nætur.

## TENERIFE



**Hotel Best Jacaranda** ☆☆☆☆

**Frá kr. 86.045 m/hálft fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 86.045 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 106.295 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
31. janúar í 7 nætur.

## DÓMINÍSKA LÝÐVELDIÐ




**Puerto Plata Village** ☆☆☆☆

**Frá kr. 150.970 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 150.970 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 161.895 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
15. janúar í 10 nætur.

## AGADIR Í MAROKKÓ



**Golden Beach Apartment** ☆☆☆

**Frá kr. 108.065 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 108.065 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 114.795 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
6. nóvember í 9 nætur.

## MARRAKECH & AGADIR



**Deildu dvölinni** ☆☆☆+

**Frá kr. 131.595 m/hálft fæði innifalið**

Gistu í 3 nætur í Marrakech og 6 nætur í Agadir. Netverð á mann frá kr. 131.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
6. nóvember í 9 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SIA • NM84372

595 1000 • heimsferdir.is • Opið mán-fös 9-17

**Heimsferðir**
*– fáðu meira út úr fríinu*

➡ Þá var sagt við mig: „Já, já, Haffi minn. Þú leikur kassastarfsmann í Bónus,““ segir hann og hlær og tekur fram að honum þyki samt sem áður mjög gaman að leika glæpamenn og annað í þeim dúr.

„Ég fékk líka símhringingu um daginn og var boðið hlutverk gaurs sem er að smygla. Ég komst ekki í það verkefni en sagði að það mætti hringja í mig aftur. Skömmu síðar var mér boðið annað hlutverk og þá átti ég að vera að stinga lögguna af,“ segir Hafsteinn og skellir upp úr. „Ég meina, vantaði ekki einhvern í hlutverk bankastjóra eða ...?“

Spurð út í hvort þau hafi fengið hlutverk sem snúast ekki um að þau séu dökk svara þau játandi. „Já, já, þetta er alveg að breytast. Núna var ég til dæmis að leika í mynd sem heitir Pity the Lovers og þar leik ég bara einn félagann. En það er bara ótrúlega oft að maður er „type-castaður“.“

Jonni bendir á að þó að þau séu að ræða það sem betur mætti fara þá sé líka mikilvægt að taka fram að öll hafi þau fengið góð hlutverk á ferlinum. „Ég hef til dæmis leikið í tveimur sýningum á stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu svo dæmi sé tekið.“

„Þetta er alveg að breytast og það er gaman að sjá breytinguna gerast, hún er hæg en þetta er allt að fara í rétta átt. Ég trúi því innilega að við þrjú gætum einhvern tímann verið í uppsetningu á Njálu til dæmis. Það væri sjúklega gaman,“ segir Tinna.

**Alvarlegri fordómar**

Jonni, Tinna og Hafsteinn hafa síðan þau voru lítil börn fundið fyrir fordómum að einhverju leyti en þau eru sammála um að fordómar séu smátt og smátt að verða áþreifanlegri og alvarlegri. Þess vegna er Smán unnið í samtarfi við Rauða krossinn.

Spurð út í hvernig samstarfið við Rauða krossinn kom til segir Jonni: „Ég ákvað að hafa samband við þau vegna þess að þetta snýst um meira en bara leikritið fyrir mér. Og teymið hjá Rauða krossinum stakk upp á að þetta gæti verið góður vinkill inn í Vertu næs-verkefnið sem þau standa fyrir.“ Þess má geta að það verkefni er áskorun til fólks um að koma fram hvert við annað af virðingu óháð uppruna, litarafti og trúarbrögðum.

„Í dag verður maður var við mun áþreifanlegri fordóma,“ segir Tinna. „Fyrir mitt leyti, jú, auðvitað varð maður fyrir einhverjum fordómum sem krakki, því það voru ekki margir dökkir krakkar á Íslandi þegar við vorum að alast upp. En það var samt æðislegt að alast hérna upp,“ útskýrir hún.

Hafsteinn og Jonni taka undir með henni.

„En maður var samt oft kallaður „Haffi svarti“ og maður heyrði af „Jonna svarta“,“ segir Hafsteinn sem getur ekki annað en skellt upp úr þegar hann rifjar upp atvik úr æsku. „Maður var bara farinn að trúa því að maður væri einhver körfuboltamaður frá Chicago sko. Maður var alltaf í Jordan-treyju. Dökkur strákur á Íslandi var alltaf bara „from the hood“. Svo sagði maður krökkunum að maður væri frá Sri Lanka og þá spurðu þau hvar það væri í Bandaríkjunum.“

Hafsteinn, Jonni og Tinna hafa mikinn húmor fyrir þessum hugmyndum sem börn þá höfðu gjarnan um dökkt fólk. En þegar talið berst að fordómum fullorðins fólks núna, árið 2017, þá breytist stemningin í hópnum.

„Hlutirnir hafa verið að breytast og fordómar eru að verða öðruvísi,“ segir Jonni. „Það eru nýnasistahópar að spretta upp og það er rosalega ógnvekjandi. Þegar maður var lítill þá var lífið bara geggjað og maður upplifði ekki beint fordóma, frekar fáfræði. En margt af því sem er að gerast núna eru hreinir fordómar. Og það er þess vegna sem leikverkið Smán var skrifað. Eftir að ég varð fullorðinn þá hef ég alveg lent í því til dæmis að maður er að fara inn í lyftu með einhverjum ókunnugum en svo lítur einstaklingurinn á mann og fer í burtu. Þannig að við erum búin að lenda í miklu meiri fordómum núna síðustu tuttugu ár heldur en þegar við vorum lítil.“



## Smán (Disgraced)

*Fjallar um fordóma vegna uppruna og trúarbragða og sjálfsmynd og sjálfsvitund fólks í fjölmenningarsamfélagi nútímans.*

**Höfundur:** Ayad Akhtar
Skrifað árið 2012

**Verðlaun:** Obie Award, Pulitzer Prize og Joseph Jefferson Awards

**Leikstjóri íslenskrar uppsetningar:** Þorsteinn Bachman

**Leikarar:** Jónmundur Grétarsson, Salóme R. Gunnarsdóttir, Magnús Jónsson, Tinna Björt Guðjónsdóttir og Hafsteinn Vilhelmsson.

> **HLUTIRNIR ÞURFA EKKI ALLTAF AÐ SNÚAST UM DÖKK HLUTVERK OG HVÍT HLUTVERK. ANNARS STAÐAR Í EVRÓPU ERU HLUTIRNIR KOMNIR LENGRA. DÖKKIR LEIKARAR ERU AÐ LEIKA HAMLET EÐA HVAÐ SEM ER. VIÐ ERUM ÍSLENSK OG ÞETTA Á EKKI AÐ SKIPTA MÁLI.**
>
> Jonni

Jonni tekur svo skotárásina í Las Vegas fyrr í vikunni sem dæmi. „Þessi mannskæða árás sýnir forréttindi hvíta fólksins. Það er ekki búið að stimpla árásarmanninn sem eitt eða neitt. En um leið og þetta hefði verið dökkur einstaklingur þá hefði umræðan strax breyst og heilu hóparnir hefðu orðið fyrir aðkasti.“

„Og eins með árásina á tvíburaturnana 11. september. Þá breyttust ekki hlutirnir bara í Bandaríkjunum heldur breyttist allt fyrir fólk eins og okkur. Það lá við að maður væri stoppaður nánast í hvert einasta skipti sem maður fór til útlanda. Hvort sem maður var á leiðinni til eða frá Íslandi. Maður var alltaf tekinn í gegn.“

Tinna kannast líka við þetta. „Þetta er kallað „random-check“ en maður fór stundum á flugvöllinn mjög tímanlega því maður vissi að maður væri að fara í þetta „random-check“. Og svo hef ég oft verið spurð út í af hverju ég sé með íslenskt vegabréf þar sem fólk telur mig augljóslega ekki íslenska,“ segir hún.

Hafsteinn bætir við: „En við megum ekki gleyma því að það er til hræðsla og fáfræði annars vegar og svo hreinir fordómar hins vegar. Hræðslan er orðin svo ótrúlega mikil og ég held að þegar maður er stoppaður af tollvörðum eða annað þá sé það ekki vegna þess að þeir séu að reyna að vera vondir. Það er meira af því að þeir eru hræddir og eru bara á nálum.“

**Átakanlegt og eldfimt efni**

Leikarahópurinn er sammála um að Smán sé átakanlegt verk enda er umfjöllunarefnið eldfimt, svo sem trúarbrögð, fordómar og mismunun.

„Umræðurnar sem verða um verkið sýna að fólk er virkilega að pæla í innihaldi þess. Áhorfendur taka sig í sjálfskoðun. Og sama með mig. Ég hef alltaf talið mig rosalega fordómalausan, sem ég er, en samt þegar ég las handritið þá sá ég hvað það var margt sem ég vissi ekki eða skildi ekki,“ segir Hafsteinn. „Það var ofboðslega hollt fyrir mig að fara í smá sjálfskoðun. Maður heldur að maður sé með allt á hreinu en ég komst að því að ég vissi rosalega lítið um íslamstrú, múslima og svo framvegis. Það sem maður hefur heyrt í fjölmiðlum og annars staðar í gegnum árin fer í undirmeðvitundina en svo fer maður að kynna sér hlutina sjálfur og þá breytist kannski viðhorfið,“ útskýrir Hafsteinn.

Jonni er sammála og hvetur fólk til að láta sjónvarpsefni og fjölmiðla ekki mata sig. „Margir trúa því sem þeir sjá og heyra án þess að leita dýpra og kynna sér hlutina betur. Þaðan kemur þessi hræðsla.“

Jonni segir það hafa verið afar krefjandi að takast á við svona eldfimt viðfangsefni. „Þetta var mikil vinna og gríðarlega langt ferli. Við Þorsteinn Bachmann leikstjóri höfum verið að vinna að þessu síðan í byrjun 2015. Þetta var erfitt og ég þurfti reglulega að minna mig á að leikritið snýst ekki um okkur sem einstaklinga. Ég var oft ekki sammála því sem karakterinn minn var að segja og þá þurfti ég að minna mig á að þetta er ekki Jonni sem er að tala, þetta er karakterinn minn. Ég persónulega hefði aldrei getað þetta án Þorsteins. Við tókumst oft mikið á eins og gerist í svona ferli en á bak við það var alltaf ást og virðing. Í ferlinu áttaði ég mig á hversu góður og yndislegur maður hann er og þar að auki stórkostlegur listamaður. Og svo er ekki til betri staður til að setja upp verk eins og Smán heldur en Þjóðleikhúsið. Og við eigum Baltasar Kormáki og Ara Matthíassyni þjóðleikhússtjóra mikið að þakka, sem og Rannís.“

„Eftir fyrstu þrjár, fjórar sýningarnar var ég svo búinn á því andlega og líkamlega að ég fór bara að gráta, maður brotnaði bara niður. Þetta er svo „heavy“ efni sem við erum að tala um. Ég hef sjaldan verið jafn þreyttur,“ útskýrir Jonni. „En ég meina, leikhúsið er frábær vettvangur til að takast á við viðfangsefni án þess að vera með svörin við vandamálunum. Á sviði getum við leyft okkur að ögra og vekja spurningar.“

„Og það sem er áhugavert við þetta tiltekna verk er að það vekur fleiri spurningar heldur en það svarar,“ bætir Tinna við.

Að sögn Hafsteins, Tinnu og Jonna hafa þau fengið jákvæð viðbrögð við Smán og góða dóma. Miðasala hefur gengið vonum framar þannig að áhugi fólks leynir sér ekki. Þau hafa orðið vör við að verkið fær fólk til að tala saman. Eins taka þau fram að þau fái mikil viðbrögð úr salnum á meðan á leiksýningu stendur. Það er því ljóst að innihald verksins snertir við áhorfendum. „Maður heyrir fólk svara persónunum og taka andköf,“ segir Tinna.

Hafsteinn bætir við að þá sé gaman þegar fólk gefur sér tíma til að koma til þeirra og tala um verkið. „Það er líka ótrúlega gaman þegar fólk kemur sérstaklega til manns til að þakka fyrir sig.“

„Já, það eru þær stundir sem gera það að verkum að öll vinnan verður þess virði. Þetta er alveg búið að vera erfitt. Maður þarf að fara í smá sálartékk. Þannig að þegar maður fær jákvæð viðbrögð þá er það svo mikill sigur,“ segir Tinna.

**Viðeigandi umræða alls staðar**

Smán er skrifað í Bandaríkjunum og yfir verkinu er amerískur blær að vissu leyti. „Þó svo að þetta sé skrifað í Bandaríkjunum þá á umfjöllunarefnið samt vel við á Íslandi í dag, og bara alls staðar í heiminum,“ segir Tinna. Hún er þeirrar skoðunar að samtöl leikverksins megi yfirfæra á önnur umdeild málefni nútímans.

> **MAÐUR VAR BARA FARINN AÐ TRÚA ÞVÍ AÐ MAÐUR VÆRI EINHVER KÖRFUBOLTAMAÐUR FRÁ CHICAGO SKO. MAÐUR VAR ALLTAF Í JORDAN-TREYJU.**
>
> Hafsteinn

Jonni tekur þá flóttamannaumræðuna á Íslandi sem dæmi. Hann telur að fólk sem er á móti komu flóttamanna til Íslands sé gjarnan með einhverjar fyrirfram mótaðar hugmyndir í höfðinu. „Fyrir mig persónulega þá er nóg að sjá myndir af fólki sem er raunverulega að reyna að komast í eitthvert öryggi, litla krakka. Og ef það er ekki nóg til að fikta í hjartanu á þér þá er eitthvað að. Viljum við í alvöru vera þjóð sem lokar augunum og segir bara „nei“?“

Tinna tekur undir með Jonna. „Þegar við horfum til baka, eftir 50 eða 100 ár, hvað viljum við þá að sagan segi? Viljum við að sagan segi að Ísland hafi sagt nei við þeim sem eru í neyð? Eða viljum við vera stolt og líta til baka og sjá að við hjálpuðum til?“

Hafsteinn er sömu skoðunar og á erfitt með að skilja illskuna sem einkennir ástandið víða í heiminum, nær og fjær. „Ég á ótrúlega erfitt með að skilja hversu vond við getum verið, mannfólkið. Hvort sem það er í formi þess að ráðast á fólk, rakka einhvern niður í athugasemdakerfum á netinu eða loka augunum fyrir hópi fólks sem þarf á hjálp að halda.“

Tinna bætir við: „Við erum bara ákveðinn tíma á jörðinni, og svo tekur næsta kynslóð við. Og ef hún er opin og skilningsrík þá erum við á réttri leið. Og þess vegna eru umræður svo mikilvægar.“ Hún minnir á að því sé mikilvægt að fólk passi hvaða upplýsingar það lætur yngri kynslóðir fá. „Já, ég ætla að segja það enn og aftur, það fæðist enginn með fordóma, fordómar eru kenndir.“




# STÓRSÝNING!

## laugardaginn 7. október kl. 11-16

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

**FULLT PLAN AF FLOTTUM BÍLUM!**


Nissan Navara AT38


MB Sprinter AT46


Toyota LC150 AT38


Iveco AT40


Toyota Hilux AT38

## YAMAHA

**FULLT AF NÝJUM TÆKJUM Í SÝNINGARSALNUM!**



## TILBOÐ Í BÚÐ

15% AFSLÁTTUR af öllum vörum í verslun og frábær tilboð á völdum vörum*.

* afsláttur er ekki veittur af dekkjum stærri en 38"




## LAGERSALA

Við tókum til á lagernum hjá okkur og seljum nú ýmsar vörur fyrir eldri bíla og Yamaha tæki á frábæru verði.

**Komdu og gerðu frábær kaup!**

- Grillgrindur
- Ljósahlífar
- Ljóskastarar
- Pallhús og palldúkar
- Ónotuð orginal dekk og felgur
- Felgur
- Dekk
- FOX demparar
- Yamaha varahlutir
- ... og margt, margt, fleira!

**FRÁBÆRT VERÐ!**

## KYNNINGAR

Kynningar og sértilboð frá Motul og Meguiar's.

MOTUL Meguiar's

## GETRAUN!

Taktu þátt í spennandi getraun um starfsemi okkar á Suðurskautinu. Vegleg verðlaun í boði!

## PYLSUR Á GRILLINU!

Arctic Trucks Ísland ehf.
Kletthálsi 3
110 Reykjavík

Sími 540 4900
Netfang info@arctictrucks.is
Vefur www.arctictrucks.is

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS



# Hjartað réð för

**Rúnar Kristinsson** er kominn heim í KR. Hann á að stýra knattspyrnuliðinu upp í hæstu hæðir á ný. Hann er kominn með nóg af flutningum og ætlar ekki að halda á vit ævintýranna nema eitthvað mjög bitastætt verði á vegi hans. Hann ætlar að láta hendur standa fram úr ermum enda KR á tímamótum, ekki aðeins knattspyrnudeildin því þar hefur varla verið negldur nagli síðan 1999.



Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is


Rúnar Kristinsson er kominn heim og heldur um stjórnartaumana í KR næstu þrjú árin. Eða, hann skrifaði undir samning til þriggja ára og eins og hann hefur nú fengið að reyna þá skipast fljótt veður í lofti – sérstaklega í fótboltaheiminum. Rúnar snýr aftur í Vesturbæjarstórveldið núna þegar félagið stendur á ákveðnum tímamótum. Varla hefur verið negldur nagli í Frostaskjóli síðan 1999 og lítið hefur breyst varðandi aðstöðu undanfarin ár. Á meðan hafa Vesturbæingar þurft að horfa á Valsmenn, FH, Blika og Stjörnuna byggja upp sín svæði svo eftir hefur verið tekið.

Jónas Kristinsson, framkvæmdastjóri KR og bróðir Rúnars, leiðir vinnu um að endurskipuleggja Frostaskjól og fékk sá er þetta skrifar að kíkja á hugmyndirnar sem eru á borðinu. Það verður að viðurkennast að verði helmingurinn af hugmyndunum að veruleika verður KR-svæðið huggulegra en flest íþróttasvæði landsins. Jónas vill að sjálfsögðu sjá allt verða að veruleika með tveimur stúkum um völlinn, knatt- og íþróttahúsi auk þess sem félagsheimilið verður endurbyggt.

„Auðvitað vildu allir KR-ingar að hér væru búnar að eiga sér stað einhverjar breytingar. Að aðstaðan hefði batnað í takt við hin félögin því KR hefur setið á hakanum. Auðvitað er þetta allt pólitík. En það er margt farið af stað og það er betra að gera það sem á að gera vel. Ég held að menn séu að horfa fram í tímann og ætli að nýta þetta litla svæði sem við höfum sem allra, allra best,“ segir Rúnar.

Aðstaðan hjá KR, sem eitt sinn var stærsti og flottasti völlur landsins, hefur lítið breyst frá því að stúkan var stækkuð og þak sett á. En allt horfir þetta til betri vegar. Jónas bendir á að Valsmenn hafi verið í mörg ár að berjast við kerfið og það hafi tekið félagið langan tíma að komast á þann stað sem það er á núna.

Rúnar segir að það skipti máli að æfa á einum og sama stað. Það geti verið þreytandi til lengdar að þvælast fram og til baka úr Vesturbænum og upp í Egilshöll með allan æfingafatnað og þau tæki og tól sem þarf til æfinga. „Það er mikilvægt að geta æft á einum og sama stað. Þegar ég var að þjálfa síðast hér á landi þá vorum við í Kórnum og þá þarf að fylla skottið á bílnum af boltum og keilum og öðru tilfallandi. Svo var það Egilshöll seint á kvöldin. En það er enginn svo sem að væla yfir þessu, þetta er það sem við búum við, en vonandi munum við ná að breyta þessu með betri aðstöðu í Vesturbænum í framtíðinni.

Það myndast ákveðin stemning þegar leikmenn koma saman inni í sama klefa, þessi klefastemning. Þá er leikmaður með allt sitt dót á sama stað og allt auðveldara.“

Rúnar tekur við starfi Willums Þórs Þórssonar sem stýrði KR í eitt og hálft ár. Rúnar hefur þjálfað norska félagið Lilleström og belgíska félagið Lokeren síðan hann hætti með KR-liðið eftir 2014 tímabilið. Hann var látinn fara á báðum stöðum.

Rúnar var með KR-liðið frá 2010 til 2014 og á þeim tíma vann liðið fimm titla, tvo Íslandsmeistaratitla (2011 og 2013) og þrjá bikarmeistaratitla (2011, 2012 og 2014). KR vann titil síðustu fjögur tímabilin sem Rúnar var með liðið.

Hann var á sínum tíma leikmaður KR og lék 140 leiki með liðinu í efstu deild frá 1987 til 1994 og svo 2007. Hann er eini leikmaður karlalandsliðsins sem hefur náð því að spila yfir hundrað landsleiki fyrir Íslands hönd. KR endaði í fjórða sæti Pepsi-deildar karla á síðasta tímabili og missti af Evrópukeppninni. Sumarið 2018 verður fyrsta sumarið í áratug þar sem KR-ingar eru ekki í Evrópukeppni.

„Þegar ég fór í það að þjálfa KR á sínum tíma var ég harðákveðinn í því að gera það af fullum krafti. Ég vildi ná árangri og vildi komast út að þjálfa. Ég náði mér í þær gráður sem til þurfti og ætlaði mér alla leið í þessu. Það gekk allt eftir og ég komst út. Því miður náði ég ekki að festa mig í sessi þarna úti. Hlutirnir gengu bara ekki alveg upp og ég var látinn fara. Það var sárt að missa starfið því ég hefði því ég viljað vera aðeins lengur úti og búa mér til meira nafn þarna úti.

Ég vissi það að ef hlutirnir myndu ekki ganga upp þarna úti gæti maður alltaf flutt aftur heim Hér er yndislegt að vera og fallið er því ekki neitt. Ég hafði val um nokkra staði en hjartað slær fyrir KR og hér er góður hópur af fólki og leikmönnum og ég valdi frá hjartanu. Manni rann blóðið til skyldunnar og það vó mest í því að ég skrifaði undir hjá KR.“

**Vantar fagmennsku í flest lið**

Í skýrslu Borgarbrags, sem KR lét vinna fyrir sig, kemur fram að aðstöðumál KR hafa lengi setið á hakanum og nauðsynlegt sé að endurnýja ýmis mannvirki félagsins. Auk þess verður reist blönduð byggð meðfram svæðinu og aðstaða til knattspyrnuiðkunar bætt til muna með byggingu knatthúss, nýs keppnisvallar af fullkominni gerð, auk nýrra áhorfendastúkna beggja vegna vallarins.

„Þetta er starf sem er búið að vera í gangi í nokkur ár og hefur breyst eitthvað frá fyrstu hugmyndum. Ég hef mínar skoðanir á svæðinu en ég hef ekki haft neina aðstöðu til að gauka hugmyndum að en ef ég er spurður er það sjálfsagt mál. Ef það á að vera nýr völlur þá þarf meistaraflokkur að hafa sína klefa og aðstöðu sem er hægt að nota allt árið. Þá er hægt að gera þetta af meiri fagmennsku,“ segir Rúnar.

Hann bætir við að helsti munurinn á að þjálfa KR, Lilleström og Lokeren sé að erlendis sé aðeins hugsað um fótbolta. Í KR séu margar deildir. „Hér eru níu íþróttagreinar. Ekki það að skíðadeildin sé mikið hér í Frostaskjóli. Fótbolti og karfan eru mjög stór og barnastarfið sömuleiðis. Úti er bara fótbolti og ekkert annað og umgjörðin því mjög góð.

Öll umgjörð í kringum A-landsliðið til dæmis hefur batnað gríðarlega eftir að Lars Lagerbäck kom. Það finnst öllum frábært og breytingarnar þar eru miklar. Ef við ætlum að þróa fótboltann áfram þá þurfa félögin að fara í þetta saman. Aðeins að setja meira púður í umgjörð. Meistaraflokkar KR eru andlit félagsins og við erum að reyna ná árangri. Ef við ætlum að bæta menn og félagið um leið þá þarf að bæta aðstöðuna og umgjörð. Það vantar meiri fagmennsku í flest félög – og ég undanskil KR ekkert frá því,“ segir Rúnar.

Hann segir að algengt sé, bæði í Noregi og Belgíu, að „minni“ félögin þar eyði frekar meiri peningum í leikmenn en aðstöðu, og stór munur sé á aðstöðu og umgjörð „litlu og stóru“ félaganna. Þegar hann kom til Lokeren tók hann eftir því að búningsklefarnir voru nánast eins og þegar hann var að spila þar. Gamli skápurinn hans var meira að segja enn uppi. „Það er mismikið fjármagn sem félög hafa og menn eyða frekar meiri peningum í einn leikmann en í aðstöðu. Það upplifði ég í Lilleström og eins í Lokeren.

Það gleymist oft að huga að þrifnaði og öðru þannig að mönnum þyki notalegt að koma til æfinga og vinnu. Stóru klúbbarnir úti hafa þetta tipp topp en ég upplifði þetta bæði í Noregi og Belgíu. Þar voru skelfilegir búningsklefar og það er nú bara þannig að öll smáatriði þurfa að vera í lagi til að ná árangri og þau ➡

# VETRARSÝNING JEEP®

## Í DAG MILLI KL. 12 - 17




GRAND CHEROKEE
32” vetrardekk og upphækkun fylgja
VERÐ FRÁ: 8.990.000 kr.



CHEROKEE
Longtitude: 30” vetrardekk fylgja
Limited: 31” vetrardekk og upphækkun fylgja
VERÐ FRÁ: 6.690.000 kr.



COMPASS
Stærri vetrardekk fylgja
VERÐ FRÁ: 5.890.000 kr.



WRANGLER UNLIMITED
33” dekk og upphækkun fylgja
Sýnum einnig 35” breyttan
VERÐ FRÁ: 8.490.000 kr.



RENEGADE
Stærri vetrardekk fylgja
VERÐ FRÁ: 4.390.000 kr.

## VERTU KLÁR Í VETURINN Á JEEP®

**ALVÖRU JEPPAR MEÐ ÖFLUGT FJÓRHJÓLADRIF**

Jeep®

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Dodge, Fiat, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær
s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

þurfa ekki endilega að kosta mikið.“

Hann segir að fótboltamönnum finnist leiðinlegt að koma inn í klefa sem er skítugur og utanumhald um fatnað ekki í lagi. Það geti skilað sér í töpuðum stigum og því verði þessir hlutir að vera í lagi. „Fótboltamenn eru þannig að þeir vilja hafa hlutina í lagi og þeir vilja hafa snyrtilegt í kringum sig. Fótboltamönnum finnst leiðinlegt að koma inn í klefa þar sem grasið er enn á gólfinu og skítur úti um allt. Auðvitað eiga þeir hlut að máli og þeir eru ekki alltaf þeir allra þrifalegustu. En, þó að leikmenn geri sitt þá vilja þeir að það sé þrifið af sér, fötin séu klár þegar mætt er á æfingu, vestin hrein og sumum kann að finnast þetta ómögulegt en svona er þetta alls staðar í heiminum. Ef smáatriðin eru ekki í lagi – eins og ef það vantar einn bol hjá einhverjum sem dæmi, eða nærbuxurnar sem settar voru í þvott daginn áður skila sér ekki – þá myndast pirringur og það þarf oft lítið til að slá menn út af laginu. Þá fara menn að kvarta og þegar það gerist inni í klefa þá er það fljótt að breiðast út. Bara það getur getur gert það að verkum að stig tapast.

Við getum gert ýmislegt hér í KR sem bætir umgjörðina og ég er ekki að segja að við þurfum að vera eins og hjá Manchester City, bara eftir okkar fremsta megni. Strákarnir vita hvað við getum gert og hvað við getum ekki gert. Þau atriði sem kosta okkur ekkert þurfa að vera í lagi.“

Þjálfarateymi KR er nú fullmannað en Rúnar hefur fengið þá Bjarna Guðjónsson og Kristján Finnbogason til liðsins. Báðir þekkja þeir vel til hjá félaginu og annað eins samansafn af sigurvegurum er vandfundið í íslenskum fótbolta. Alls hafa þeir unnið ansi marga Íslandsmeistaratitla. „Við förum varlega af stað inn í veturinn. Ég þarf að fara yfir leikmannahópinn og fylla í eyðurnar. Auðvitað byrjum við að skoða hvað er til í félaginu og gefa þeim, sem eru það góðir og hafa unnið fyrir því, sénsinn. Það eru fullt af efnilegum strákum í félaginu. Það má ekki gleyma að KR varð Íslandsmeistari í öðrum flokki, A og B.

Það er efniviður til í Frostaskjóli og ég segi að séu menn nógu góðir þá spila menn. Ef það vantar eitthvað upp á þá þarf að bæta það og laga. Það er rómantík í því að ala upp leikmann og láta hann spila fyrir félagið og ég skil hana. Mér finnst hún frábær. Fólkinu í hverfinu myndi finnast það yndislegt ef það væru aðeins uppaldir leikmenn í KR. En staðreyndin er sú að þá væri KR ekki í efri hlutanum.

Það koma einn til tveir á ári upp úr öðrum flokki og inn í meistaraflokk. Svo eru undantekningarár þar sem gullkynslóð kemur inn og þrír eða fjórir koma upp.“

Hann segir að hann muni eftir fremsta megni gefa ungum strákum séns. Enda nægur tími til að skoða



Koma Rúnars aftur í KR hefur vakið von í brjósti Vesturbæinga og annarra KR-inga enda hefur gengi liðsins verið dapurt að undanförnu og tekur KR ekki þátt í Evrópukeppni í fyrsta sinn í áratug. Hann er spenntur fyrir að takast á við komandi verkefni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

EF VIÐ ÆTLUM AÐ ÞRÓA FÓTBOLTANN ÁFRAM ÞÁ ÞURFA FÉLÖGIN AÐ FARA Í ÞETTA SAMAN. AÐEINS AÐ SETJA MEIRA PÚÐUR Í UMGJÖRÐ.

þá og fyrir guttana að sýna sig og sanna. „Maður reynir eftir fremsta megni að gefa leikmönnum séns og ég mun gera það áfram. Sérstaklega yfir vetrarmánuðina þar sem við höfum tækifæri til að gefa strákum heilu leikina og margar mínútur. Maður sér fljótt hvort þeir hafi eitthvað í þetta að gera. Það er hagkvæmt fyrir klúbbinn á allan hátt að taka þessa stráka inn. Og það er mín ósk og ósk allra í KR að ala hér upp góða drengi og meistaraflokksleikmenn.“

Hann bendir á að KR sé ekki aðeins að ala upp leikmenn sem séu á leið í atvinnumennsku og stefni á landsliðið í knattspyrnu. Nálaraugað sé lítið og það þurfi að huga að öllum. „Við erum líka að ala upp góða menn og einstaklinga. Sinnum öllum sem hafa áhuga. Það eru ekki allir sem hafa það að markmiði að enda í Barcelona, Liverpool eða Juventus.

Þetta er spurning um lífsstíl, vera í íþróttum og vera með vinum sínum. Það þarf að skilja á milli hverjir eru að njóta þess að hugsa um félagslega þáttinn en svo eru kannski einhverjir sem eru metnaðarfullir og sjá í hillingum að verða atvinnumaður. Við þurfum að hlúa að öllum og nálaraugað er lítið þegar leikmenn koma upp í meistaraflokk. Markmið félagsins er ávallt og hefur alltaf verið að spila á sem flestum uppöldum. En á sama tíma vilja allir vinna. Það er allt vitlaust því félagið endaði í fjórða sæti. Fyrir því eru trúlega margar ástæður en það má ekki gleymast að það er stutt á milli. Ef KR hefði unnið Fjölni í næstsíðustu umferð þá hefðu þeir farið í úrslitaleik um annað sætið gegn Stjörnunni í síðustu umferðinni.

Það voru margir búnir að dæma KR úr leik þegar 5-6 umferðir voru eftir og sjálfsagt margir leikmenn búnir að missa trúna. En samt fengu þeir séns á að ná Evrópusæti fram á næstsíðustu umferð og það sýnir manni að maður má aldrei missa trú á verkefninu eða gefast upp.“

## Íslenskir þjálfarar geta þjálfað erlendis

Rúnar segir að íslenskir þjálfarar geti vel þjálfað erlendis en fáir íslenskir þjálfarar hafa reynt fyrir sér á erlendri grundu. Teitur Þórðarson, Guðjón Þórðarson, Rúnar og Ólafur Kristjánsson hafa verið fánaberar á hliðarlínunni erlendis. „Samböndin skipta máli. Það er erfitt fyrir íslenskan þjálfara sem hefur aldrei spilað erlendis og þekkir enga erlendis að ætla að þjálfa þar. Lið í Noregi og Svíþjóð eru ekki að skoða þjálfara sem eru að standa sig vel á Íslandi. Framboðið er svo gríðarlegt. Umboðsmenn liggja í félögunum og dæla inn nöfnum. Eini möguleikinn er að umboðsmenn setji nafn þeirra í pottinn og eitthvert lið ákveði að taka sénsinn en það er lítill sem enginn möguleiki.

Ástæðan fyrir því að ég komst út og hugsanlega Óli Kristjáns er að við spiluðum í deildunum. Við þekkjum fólk og það þekkir okkur. En það er ekki bara það. Það þarf auðvitað að sýna árangur. Ef ég hefði alltaf lent í fimmta sæti með KR þá væri enginn að spá í mér. Það þarf líka að skilja eftir eitthvað úti. Karakter, eða hafa staðið sig vel eða eitthvað álíka. Ef ég hefði verið skíthaus eða enginn hefði fílað mig í félaginu þá hefði aldrei verið hringt.“ Árangurinn með KR kom Rúnari út til Lilleström þar sem hann vann við erfiðar aðstæður. Þegar búið var að reyna allt annað var ákveðið að skipta um þjálfara enda liðið í fallbaráttu. Hann ákvað að taka sénsinn í Belgíu og taka við Lokeren, jafnvel þótt hann þekkti vel til forsetans sem hafði rekið 22 þjálfara á 21 ári sem eigandi liðsins. „Ég hafði alltaf verið í sambandi við bæði félögin. Það er ástæða fyrir því að maður fékk sénsinn, og að ég náði góðum árangri hér á Íslandi með KR.

Það gekk vel með Lokeren og forsetinn gaf mér nýjan samning í mars og var ánægður með mig. Við náðum þeim markmiðum sem við settum okkur. Í upphafi tímabilsins gerðum við gríðarlegar breytingar.

ÞVÍ MIÐUR NÁÐI ÉG EKKI AÐ FESTA MIG Í SESSI ÞARNA ÚTI. HLUTIRNIR GENGU BARA EKKI ALVEG UPP OG ÉG VAR LÁTINN FARA. ÞAÐ VAR SÁRT AÐ MISSA STARFIÐ ÞVÍ ÉG HEFÐI ÉG VILJAÐ VERA AÐEINS LENGUR ÚTI OG BÚA MÉR TIL MEIRA NAFN ÞARNA ÚTI.

Við Arnar Þór Viðarsson, aðstoðarþjálfari minn, gerðum nýjan lyftingarsal frá grunni. Unnum í honum sjálfir því forsetinn, þrátt fyrir alla sína peninga, tímdi ekki neinu. Við bættum aðstöðuna mikið og keyptum tæki og tól, GPS-vesti og fleira og byrjuðum að nota verkfæri sem önnur lið voru að nota. Svo var þetta bara skyndilega búið. Öll þessi vinna og metnaður sem ég var búinn að leggja í þetta, þessu var bara kippt undan manni.“ Hann hefur áður minnst á að brottreksturinn frá Lokeren var erfiður og kom honum algjörlega í opna skjöldu. Hann er einnig sannfærður um að hefði hann haldið áfram með Lokeren hefði hann ekki verið með lakari árangur.

„Ég átti 23 mánuði eftir af samningum mínum við Lokeren. Það myndast pólitík og þrýstingur bak við tjöldin. Forseti og eigandi félagsins vildi bara fá til baka þjálfara sem nokkrum árum áður hafði náð frábærum árangri með félagið og var á lausu. Einhver setti pressu á forsetann og ef það gerðist ekki þennan dag væri hann farinn í annað félag og því fórnaði hann mér bara ...

Ég var með æfingu á miðvikudagsmorgni og við vorum að vinna inni á skrifstofu þegar ég er beðinn að koma til framkvæmdastjórans. Hann sendi mig til forseta félagsins sem sagði mér þetta og tilkynnti um ákvörðunina og það var ekkert hægt að hagga henni. Lokeren er núna með 1,1 stig að meðaltali í leik. Ég hefði náð því leikandi – ég er sannfærður um það. “

Það var því lítið annað að gera en að setja allt í kassa upp á nýtt og flytja til Íslands þar sem hlýr armur KR tók á móti honum. Hann segir að stelpurnar hans, Thelma og Tanja, hafi komið reynslunni ríkari frá þessu ævintýri enda tali þær nú tvö tungumál til viðbótar reiprennandi. „Þessi tvö skipti hafa verið þægileg. En ég ætlaði að vera í þrjú ár í Noregi en var í tæp tvö. Þetta hefur verið frábær skóli fyrir þær. Það var pínu erfitt í byrjun og alls ekki auðvelt.

Það er ekki auðvelt að flytja og þetta er álag á fjölskylduna en það voru allir til í að fara til Belgíu þegar það bauðst. Þegar maður fer út í slíkt verkefni þá býst maður við að vera lengur. Við vorum þar í tíu mánuði og dætur mínar rétt komnar í enskuskóla og græddu gríðarlega mikið á því. Ég gat ekki verið að bíða eftir öðru tækifæri upp á von og óvon. Stelpurnar fara nú í sitt umhverfi en þær eru tveimur tungumálum ríkari. Það er yndislegt að búa á Íslandi og við erum búin að búa 15 ár erlendis en það eru plúsar og mínusar alls staðar.“

## Hvatning Ernu ómetanleg

Hann segir að eiginkona hans, Erna María Jónsdóttir, hafi verið stoð hans og stytta, ekki aðeins í gegnum þetta ferli heldur einnig frá því að hann var leikmaður. „Ég er gríðarlega heppinn og Erna hefur fylgt mér frá því ég flutti til Svíþjóðar að spila 1995. Hún hefur tekið á móti mér í alls konar ástandi eftir leiki. Hún hefur verið minn besti gagnrýnandi og er dugleg að benda mér á en einnig hvetur hún mig áfram þegar ég þarf á því að halda. Hún er ekki bara já-manneskja heldur segir það sem henni býr í brjósti og lætur mig vita. Hún hefur stutt mig alveg gríðarlega og það er oft ágætt að einhver bendi manni á að kannski var vandamálið bara manni sjálfum að kenna.“

Rúnar segir að þau Erna hafi alltaf búið sér til heimili hvar sem þau stigu niður fæti. Leigðu ekki bara eitthvert hús með mublum. „Við höfum alltaf tekið allt með okkur og látið okkur líða vel í okkar eigin húsnæði. Við vorum í tíu mánuði í Belgíu og rétt að koma okkur fyrir. Við fluttum allt frá Íslandi til Noregs, frá Noregi til Belgíu og nú aftur til Íslands. Á aðeins nokkrum árum. Það er því komið nóg af flutningum. Þetta er orðið ágætt. Nú er miðpunkturinn í Frostaskjólinu,“ segir hann en bendir á að það sé ævintýraþrá í þeim og því aldrei að vita hvað framtíðin ber í skauti sér.

KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA

Geðhjálp

LAUGARDAGUR 7. OKTÓBER 2017

Rit landssamtakanna Geðhjálpar



Alexandra Sif Herleifsdóttir er íþróttafræðingur og vinæll snappari sem hefur opnað umræðu um vanlíðan, sjálfsskaða og sjálfsvígshugsanir. MYND/ERNIR

# Manni má líða illa

Í kjölfar eineltis þráði Alexandra Sif Herleifsdóttir að deyja, aðeins ellefu ára gömul. Hún ætlar að raka af sér ljóst lokkaflóðið ef hún nær að safna 300.000 krónum fyrir Útmeð'a; forvarnarverkefni Geðhjálpar og Hjálparsíma RKÍ, til að draga úr sjálfsskaða og fækka sjálfsvígum ungs fólks á Íslandi.

Ég varð vitni að því þegar einstaklingur framdi sjálfsvíg þar sem ég bjó í Kanada. Hvernig hann gerði það varð mér mikið áfall, því ég hafði sjálf hugsað um að kasta mér fram af svölum.“

Þetta segir Alexandra Sif Herleifsdóttir íþróttafræðingur sem í framhaldinu ákvað að tala opinskátt um eigin sjálfsvígshugsanir á vinsælu snappi sínu, lexaheilsa.

„Ég fékk strax gríðarleg viðbrögð, þar á meðal frá konu í Geðhjálp sem sagði mér frá átakinu Útmeð‘a. Mér hafði þótt skorta úrræði fyrir þá sem stunda sjálfsskaða og eru með sjálfsvígshugsanir, og ákvað í kjölfarið að fara af stað með söfnun til að vekja athygli á þessu átaki. Ég tók Ernu Kristínu í Ernulandi mér til fyrirmyndar því ég hafði dáðst að henni fyrir að raka af sér hárið árið 2012 fyrir góðgerðarmál,“ segir Alexandra sem einsetti sér að safna 300 þúsund krónum fyrir 16. október og raka af sér fallegan, ljósan makkann takist henni ætlunarverkið. „Hárið ætla ég að gefa Alopecia-samtökunum sem gera hárkollur fyrir börn sem missa hárið, en ég á fjögurra ára vinkonu sem er með sjálfsofnæmissjúkdóminn alopecia sem veldur hármissi.“

> **Eineltið rústaði sálarlífi mínu. Ég breyttist úr lífsglaðri stúlku í þunglynt barn og sjálfsvígshugsanir fóru að herja á mig ellefu ára.**
>
> Alexandra Sif Herleifsdóttir

Viðbrögðin hafa verið góð og það stefnir klárlega í rakstur hjá Alexöndru.

„Ég er þegar komin með rúmlega 200 þúsund krónur og búin að panta mér tíma í rakstri hjá hárgreiðslukonunni minni þann 16. október,“ segir Alexandra sem ætlar sér áfram að kynna Útmeð‘a þegar söfnuninni lýkur.

## Varð fyrir grimmu einelti

Alexandra var lífsglöð og fjörug lítil stúlka þegar hún flutti með fjölskyldu sinni í lítið bæjarfélag úti á landi þar sem þau bjuggu í þrjú ár.

„Þar fékk ég strax slæmar móttökur og var lögð í einelti sem magnaðist upp og varð mjög grimmt. Eineltið rústaði sálarlífi mínu, ég breyttist úr glöðu barni yfir í þunglynt og sjálfsvígshugsanir fóru að herja á mig ellefu ára,“ segir Alexandra, en þegar hún varð tólf ára hrökklaðist fjölskyldan úr bænum vegna eineltisins.

„Sjálfsmyndin var hrunin og ég man eftir búðarferð með mömmu

Framhald á síðu 2



Anna Gunnhildur segir sífellt fleiri vísbendingar berast um aukna vanlíðan fólks á vinnumarkaði. MYND/ANTON BRINK

# Síðasta „tabúið“ á vinnumarkaðinum

Geðheilbrigði á vinnustað er ein mesta áskorun nútímans. Sífellt fleiri vísbendingar berast um aukna vanlíðan starfsmanna á vinnumarkaði, dvínandi lífsgæði og minnkandi framleiðni. Með sama hætti þarf að brjóta á bak aftur fordóma stjórnenda og starfsmanna um geðræn veikindi.

Geðhjálp og Virk taka þátt í vitundarvakningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um geðheilbrigði á vinnustað á Alþjóða geðheilbrigðisdaginn 10. október með morgunfundi undir yfirskriftinni *Hvernig líður þér í vinnunni?* Í Geðhjálparblaðinu reifar Linda Bára Lýðsdóttir frá Virk hvaða þættir geri vinnustað að geðheilbrigðum vinnustað. Þá segir Tryggvi Garðarsson, formaður Styrktarfélags Alþjóða geðheilbrigðisdagsins, frá dagskrá dagsins.

Réttri viku síðar gengst Geðhjálp fyrir ráðstefnu um geðheilbrigðisþjónustu við börn undir yfirskriftinni „Börnin okkar“. Þar verður leitast við að gefa heildarmynd af geðheilbrigðisþjónustu við börn á Íslandi, hvað gengur vel og hvað þarf að bæta. Markmiðið er að þrýsta á stjórnvöld að efna til átaks til að leysa brýn úrlausnarefni á svið geðheilbrigðisþjónustu við börn.

Einn erlendu fyrirlesaranna, Karen Hughes frá Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni, segir frá því hvaða áhrif erfið uppeldisskilyrði og áföll í æsku geta haft á geðheilsu fólks á fullorðinsárum. Feðgarnir Styrmir Einarsson og Einar Björnsson fjalla um geðheilbrigði og geðheilbrigðisþjónustu út frá sjónarhorni ungs fólks og Alexandra Sif Herleifsdóttir segir frá áheitasöfnun sinni til styrktar Útmeð'a. Jóhanna, Ásthildur og Sigrún veita lesendum áhugaverða innsýn inn í reynslu sína af því að sitja á skólabekk í Bataskóla Íslands.

**» Geðhjálp og Virk taka þátt í vitundarvakningu Alþjóðageðheilbrigðismálastofnunarinnar um geðheilbrigði á vinnustað á Alþjóða geðheilbrigðisdaginn 10. október með morgunfundi undir yfirskriftinni Hvernig líður þér í vinnunni?**

Geðhjálparblaðið beinir einnig sjónum sínum að börnum geðsjúkra. Hanna Styrmisdóttir hefur reynslu af því að alast upp hjá geðsjúkri móður. Í áhrifaríku viðtali við Geðhjálparblaðið segir Hanna að langtímasálfræðistuðningur hefði getað hjálpað henni í æsku. Hins vegar segist hún helst af öllu hafa viljað losna við skömmina í tengslum við geðsjúkdóm móður sinnar. „Við mamma áttum báðar rétt á því,“ segir hún í viðtalinu.

Hrannar Jónsson, formaður Geðhjálpar, leggur áherslu á mannréttindabaráttu Geðhjálpar og fjölbreytt meðferðarúrræði. Nú sem fyrr felst eitt brýnasta baráttumál samtakanna í endurskoðun lögræðislaganna til samræmis við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og öðrum aðgerðum til að afnema þvingun og nauðung í geðheilbrigðisþjónustu. Með hliðsjón af yfirlýstum áhuga flokkanna á málaflokknum skorar Geðhjálp á komandi stjórnvöld að gera gangskör í því knýjandi verkefni sem og málaflokknum í heild á næsta kjörtímabili.

**Framhald af forsíðu**

þegar mér fannst ég ekki nógu góð til að geta farið inn í Kringluna.

Þegar ég spurði mömmu hvers vegna ekkert hefði verið að gert sagði hún að dugandi úrræði hefðu ekki verið fyrir hendi. Einmitt þess vegna er Útmeð'a svo frábært átak, því þar geta aðstandendur líka haft samband og leitað hjálpar í gegnum 1717 og Geðhjálp, bæði hér heima og í útlöndum í gegnum Skype og tölvupóstssamskipti.“

Sjálfsvígshugsanirnar hurfu úr huga Alexöndru eftir að hún flutti burt úr smábænum og var ekki lengur lögð í einelti.

„En svo komu þær aftur á lokaári mínu í íþróttafræðinni þar sem álagið varð of mikið og ég fann fyrir miklum kvíða og þunglyndi. Ég skrifaði vanlíðanina á erfitt nám og of mikla vinnu og taldi að ég yrði aftur góð eftir að skólanum lyki, en svo varð ekki. Ég var í mikilli afneitun gagnvart þessari vanlíðan og viðurkenndi hana ekki fyrr en í fyrravor.“

Alexandra segir þyngra en tárum taki þegar lítil börn sjá ekki tilgang með lífinu.

„Það er átakanlega ungt að vera ellefu ára með sjálfsvígshugsanir en þannig er raunveruleikinn í dag og hafa börn á þessum aldri bundið enda á líf sitt. Það má hins vegar ekki skammast sín fyrir þannig hugsanir og mikilvægt að tala opinskátt um þær. Sjálf var ég í góðu sambandi við mömmu í mínu sálarstríði, en hún studdi mig í gegnum þetta allt, en ég skammaðist mín of mikið til að trúa henni fyrir sjálfsvígshugsunum. Ég hafði heyrt talað um að fólk hefði slíkar hugsanir en taldi það óalgengt og vissi ekki að hægt væri að vinna á þeim. Því þarf umræðan að opnast upp á gátt svo það sé hægt að tala eðlilega um það.“

## Óttaðist dauðahugsanirnar

Rúmt ár er síðan Alexandra tók áfengi, koffín og sykur út úr neysluvenjum sínum, og fór að stunda reglulega hreyfingu.

„Margt af því sem ég lærði í íþróttafræðináminu hefur reynst mér vel. Þegar maður hreyfir sig seytir líkaminn gleðihormónum sem er náttúrulegt lyf við vanlíðan en það dugar ekki eitt og sér, sérstaklega þeim sem eru þungt haldnir. Ég fór líka að notast við núvitund, setti upp hreyfingarplan því það er mikilvægt að fara úr húsi, og skrifaði lista yfir það sem ég er þakklát fyrir. Mér fór fljótt að líða betur en þegar ég kom heim frá Kanada um síðustu jól var eins og ég hefði lent á vegg. Þá setti heimilislæknirinn mig á kvíða- og þunglyndislyf, sem ég nota enn og henta mér vel. Ég á þó enn mína slæmu daga, en í heildina líður mér vel og finnst sem þunglyndið sé nær horfið en kvíðinn er enn til staðar.“

Alexandra hefur þó ekki fengið kvíðakast síðan í fyrrasumar.

„Kvíðakast skilur enginn nema sá sem hefur upplifað það. Maður verður handviss um að dauðinn vofi yfir en það er langt frá þeirri tilfinningu að þrá dauðann. Því fylgir stjórnlaus ofsahræðsla og óstjórnlegur grátur og tekur langan tíma að jafna sig á líkama og sál. Ég er þakklát fyrir að þurfa ekki að díla við kvíðaköstin lengur, en margir eiga við þau oft í viku.“

Kærasti Alexöndru er kanadískur og flutti hún út til hans eftir útskrift úr íþróttafræðinni.

„Þar var ég heltekin af ótta við tilfinninguna um að vilja deyja og þegar ég stóð úti á svölum 18. hæðar átti ég í baráttu við löngunina til að stökkva fram af svölunum og enda lífið á einu augnabliki. Sem betur fer hef ég ekki upplifað þá tilfinningu eftir að ég fór að vinna markvisst í sjálfri mér,“ segir Alexandra sem nú býr á Íslandi með kærastanum.



Alexandra Sif segir mikla og óraunhæfa pressu á ungum Íslendingum í dag, sem valdi þeim kvíða og þunglyndi. MYND/ERNIR

## Leið út úr myrkrinu er fær

Alexandra opnaði SnapChat-reikninginn eftir hvatningu frá vinkonu.

„Önnur vinkona mín gekk þá á höndum í kringum landið til að vekja athygli á opinni umræðu um vanlíðan og ákvað ég að segja mína sögu sem varð aðeins dramatískari en ég ætlaði,“ segir Alexandra sem ætlaði upphaflega að gefa góð ráð um líkamsrækt í tengslum við nám sitt.

„En ég fann fljótt að andleg og líkamleg heilsa bindast órjúfanlegum böndum. Ég skelfdist í fyrstu við að segja frá líðan minni því það er eitt að tala við símann sinn eða aðra manneskju. Viðbrögðin létu þó ekki á sér standa og fólk sem hafði upplifað vanlíðan sjálft, misst einhvern nákominn eða haft sjálfsvígshugsanir sendi mér þakkir og hvatningu,“ segir Alexandra.

Það kom Alexöndru mest á óvart þegar nánir fjölskyldumeðlimir og vinir höfðu samband við hana og höfðu ekki haft hugmynd um erfiða lífsreynslu hennar.

„Enda hafði ég ekki sagt þeim frá því. Þegar maður hittir fólk og er spurður frétta er vaninn að svara „bara allt fínt“ en ekki „í dag langaði mig að drepa mig“. En þannig á það ekki endilega að vera. Maður á ekki að þurfa að skammast sín fyrir þunglyndi eða sjálfsvígshugsanir og einmitt þess vegna er Útmeð'a svo þarft átak, því vanlíðanin sést ekki utan á manni.“

Alexandra segist aldrei hafa fundið fyrir fordómum vegna þess sem hún hefur fram að færa á Snappinu.

„Ég hef fengið skilaboð frá tólf ára börnum upp í sextugt fólk, sem sjálft hefur upplifað kvíðaraskanir og þakkað mér fyrir að opna umræðuna. Það getur bjargað mannslífum að mega létta á tilfinningum sínum og ég veit fyrir víst frá Geðhjálp að þeir sem reynt hafa að fyrirfara sér tali um að þeir hafi ekki endilega viljað deyja en að þeir hafi ekki séð aðra leið út úr myrkrinu. Góðu fréttirnar eru þó þær að til er leið út úr myrkrinu,“ segir Alexandra og deilir persónulegri reynslu með lesendum.

„Systir mín, sem nú er tvítug, reyndi að fyrirfara sér þegar hún var sautján ára. Hefði henni tekist ætlunarverk sitt væri hún nú ekki nýbökuð móðir sem er svo innilega hamingjusöm með litla barnið í fangi sínu. Það sýnir okkur að lífið hefur upp á ótrúlega margt að bjóða, handan myrkursins, og í dag er systir mín svo sannarlega þakklát fyrir að hafa ekki dáið.“

## Hættum dugnaðarpressunni

Alexandra er viss um hvaða þættir í umhverfinu auka líkur á að ungt fólk veikist af kvíða og þunglyndi.

„Pressa á ungt fólk í samfélagi okkar er svakaleg. Samfélagsmiðlar sýna hættulegar glansmyndir; maður á alltaf að vera vel til hafður, orkumikill, fullur vellíðunar, virkur í námi og vinnu, eiga fín föt, fara til útlanda og vera virkur í félagslífinu. Ég fann þessa pressu sjálf og finn hana enn. Ungt fólk setur alltof mikið á sína könnu og missir tökin. Þetta á líka við um unga krakka sem orðnir eru símaþrælar og þurfa stöðugt að fylgjast með á SnapChat eða Instagram til að vera gjaldgengir í félagsskap jafningjanna. Því er nauðsynlegt að hjálpa þeim að slaka á svo að þeim líði betur.“

Hún segir forgangsmál að sýna fram á að það sé í lagi að tala um vanlíðan.

„Manni má líða illa. Og líði manni aldrei illa veit maður ekki hvað það er að vera hamingjusamur. Það er engin þörf á að gera allt núna og strax. Hættum þessari eilífu dugnaðarpressu á ungt fólk og leyfum því að slaka stundum á og vera ekkert.“

Fram undan eru kosningar og hefur Alexandra þetta að segja við stjórnmálamenn:

„Setjið íþróttaiðkun barna og unglinga í forgang í stað þess að draga úr henni í skólakerfinu. Börnum er ótrúlega mikilvægt að hreyfa sig til að viðhalda líkamlegri og andlegri heilsu. Það þarf líka miklu meiri fræðslu um geðheilbrigði í skólum landsins og þarf að kenna kennurum að bregðast við ef barn opnar sig um vanlíðan sína. Börnum finnst þau oft standa ein með sínar tilfinningar en það hjálpar þeim að vita að þau eru alls ekki ein og að fullorðna fólkið sé til taks og stuðnings.“

Fylgist með Alexöndru undir lexaheilsa á SnapChat og styrkið Útmeð'a. Reikningsnúmer: 0130-05-063080. Kennitala: 021089-2069. Kass-númer: 662-5892.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Geðhjálp | Veffang: Visir.is

# Áföll í æsku einn stærsti áhrifaþáttur geðsjúkdóma

**Karen Hughes, sérfræðingur í heilsugæslu hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, fjallar um samspil erfiðra uppvaxtarskilyrða og áfalla í æsku og geðheilsu á fullorðinsárum á ráðstefnu Geðhjálpar undir yfirskriftinni Börnin okkar! sem haldin verður á Grand Hótel 17. október næstkomandi.**

*Hvað eru nýjustu rannsóknir um áhrif aðstæðna og áfalla í æsku á geðheilsu fullorðinna að leiða í ljós?* Alþjóðlegar rannsóknir sýna í æ ríkari mæli að áföll í bernsku eru einn stærsti áhrifaþátturinn á andlega vanheilsu bæði hjá börnum og fullorðnum. Vanræksla, ofbeldi, misnotkun og önnur erfið reynsla getur haft áhrif á hvernig heili og líkami þroskast, hvernig viðbrögð verða við áreiti og streitu og hæfnina til að hafa stjórn á tilfinningum, leysa vandamál, treysta fólki og hafa samskipti í gegnum ævina. Því meiri áföll sem barn verður fyrir í uppvextinum því líklegra er að það glími við andlega vanheilsu á fullorðinsárum. Í raun má segja að manneskjur læri í bernsku á umhverfi sitt. Ef það umhverfi er óáreiðanlegt og hættulegt þá læra þær að lifa í hættulegu umhverfi sem setur upplifun þeirra seinna í mótsögn við raunveruleika friðsæls samfélags.

*Hvers konar áföll er verið að skoða?* Yfirleitt er verið að kanna áhrif illrar meðferðar og slæmra fjölskylduaðstæðna í bernsku. Ill meðferð er líkamleg, kynferðisleg og sálræn misnotkun sem og líkamleg og tilfinningaleg vanræksla. Slæmar fjölskylduaðstæður fela í sér að verða vitni að heimilisofbeldi, fjölskylda eða heimili líðast í sundur, eða foreldri sem er í neyslu, haldið geðsjúkdómi eða stundar glæpi. Rannsóknir sem hafa verið gerðar í Bretlandi og á fleiri stöðum í Evrópu sýna fram á að í kringum helmingur fullorðinna hefur orðið fyrir að minnsta kosti einni neikvæðri reynslu í bernsku og kringum tíu prósent hafa upplifað það fjórum sinnum eða oftar. En börn geta líka upplifað aðrar tegundir áfalla í uppvextinum eins og stríð, ofbeldi í samfélagi, einelti og heimilisleysi.



Áföll í æsku geta haft varanleg áhrif á líðan og lífsgæði á fullorðinsárum.



**„Því meiri áföll sem barn verður fyrir í uppvextinum því líklegra er að það glími við andlega vanheilsu á fullorðinsárum.**

Karen Hughes, sérfræðingur í heilsugæslu.

Allt getur þetta skaðað andlega heilsu þeirra gegnum ævina og því fleiri neikvæðar upplifanir því meiri áhrif hafa þær.

*Hvaða geðraskanir eru tengdar við áföll í æsku?* Áföll í æsku geta haft áhrif á allar tegundir geðsjúkdóma. Rannsóknir sem gerðar voru nýlega á heimsvísu sýna að börn sem hafa orðið fyrir fjórum eða fleiri áföllum eru um það bil fjórum sinnum líklegri til að þjást af kvíða, þunglyndi eða lífsleiða; sex sinnum líklegri til að eiga við áfengisvanda að stríða; átta sinnum líklegri til að komast í ofbeldisaðstæður; tíu sinnum líklegri til að eiga við eiturlyfjavanda að etja og þrjátíu sinnum líklegri til að að reyna sjálfsvíg. Aðrar rannsóknir hafa leitt í ljós samband milli áfalla í æsku og fjölda annarra geðsjúkdóma.

*Hvernig byrgjum við brunninn?* Rannsóknir sýna að styrkjandi inngrip í bernsku eins og að bjóða upp á traust samband við einhvern fullorðinn og þjálfa hæfni einstaklingsins geta vegið upp á móti þeim skaða sem áföll í æsku geta valdið. En þessar aðferðir munu aldrei ná til allra barna sem verða fyrir áföllum og því eru forvarnir svo mikilvægar. Áföll í æsku hafa ekki bara áhrif á andlega heilsu heldur líka neikvæð áhrif á menntun, atvinnu, almenna heilsu og heilsuáhættuhegðun, glæpi og ótímabær dauðsföll. Samfélagið allt græðir því á fyrirbyggjandi aðgerðum og ætti að standa saman í því að grípa inn í með stuðningi fyrir foreldra, inni í skólakerfinu og viðurkenna áhrif áfalla í æsku og mikilvægi þess að koma í veg fyrir þau.

# Er ekkert öðruvísi en aðrir

**Feðgarnir Styrmir Einarsson og Einar Björnsson þekkja báðir Asperger-heilkennið af eigin reynslu. Þeir líta hvorki á það sem vandamál né sjúkdóm heldur sem eðlilegan hluta af lífinu.**

Styrmir var greindur með Asperger-heilkennið þegar hann var sjö ára. Við höfum alltaf litið á það sem hluta af því hvernig persóna hann er og útskýra hvernig hann hugsar. Við vorum í viðtölum hjá sálfræðingi í tvö ár og tókum strax þá ákvörðun að Asperger væri hvorki sjúkdómur né vandamál, heldur bara eðlilegur hluti af lífinu en það þurfa ekki allir að vera eins,“ segir Einar og Styrmir kinkar kolli til samþykkis. „Ég hef aldrei litið á mig sem eitthvað öðruvísi en aðra krakka. Ég var miklu hræddari við að vera með Asperger þegar ég var yngri en mér hefur farnast vel. Ég er hluti af hópnum, á góða vini og er félagslega virkur,“ segir Styrmir, sem er í 9. bekk og hefur mikinn áhuga á fótbolta, sögu og stjórnmálum.

Eftir að Styrmir fékk greiningu var Einar strax staðráðinn í að leita eftir úrræðum og fá aðstoð fyrir hann. „Það var allt svart eða hvítt hjá Styrmi, hann átti erfitt með að taka mótlæti, sýndi mjög sterkar tilfinningar og gat orðið mjög reiður. Ég þekkti þetta allt saman og vissi hvernig hann hugsaði því ég var sjálfur svona sem barn. Hins vegar fékk ég enga aðstoð. Ég tel að það hafi átt þátt í að ég veiktist seinna á lífsleiðinni en ég var greindur með geðhvarfasýki aðeins 25 ára gamall eftir að hafa gengið í gegnum mikla erfiðleika. Mín hugsun varðandi Styrmi var að gera allt til að koma í veg fyrir að hann lenti í svipaðri stöðu og ég var í sem krakki. Ég tel að það hjálpi okkur að ég bý að þessari reynslu.“



„Við tókum strax þá ákvörðun að Asperger væri hvorki sjúkdómur né vandamál, heldur bara eðlilegur hluti af lífinu en það þurfa ekki allir að vera eins,“ segja þeir feðgar Einar og Styrmir. MYND/ERNIR

## Rútína mikilvæg

Þeir feðgar hittu sálfræðing með reglulegu millibili í tvö ár og eru sammála um að það hafi verið mjög gagnlegt. „Mikilvægt er að hjálpa bæði börnum og foreldrum í þessari stöðu. Stundum þarf að breyta einhverju í umhverfinu og taka á ákveðnum hlutum. Smáatriði geta t.d. skipt miklu máli til að auðvelda samskiptin. Það fyrsta sem Styrmir spurði um á morgnana var hvað væri í matinn svo við settum upp matarplan fyrir vikuna og ákveðinn strúktúr í sambandi við skólann og íþróttir,“ segir Einar og Styrmir bætir við að sér finnist gott að hafa allt í föstum skorðum. „Mér finnst það veita mér ákveðið öryggi,“ segir hann brosandi.

Fjölskyldan býr í Hveragerði en þar var boðið upp á námskeið sem kallast Fjölskyldu ART sem er hugræn atferlismeðferð og snýst um félagsfærni, sjálfsstjórnun/reiðistjórnun og siðferðisþjálfun. „Fólki er m.a. kennt að bregðast við tilfinningum eins og reiði og sorg og hvernig gott er að ræða saman á skynsamlegum nótum. Námskeiðið hjálpaði okkur heilmikið við að takast á við daglegt líf og ýmislegt varðaði vel fyrir okkur,“ segir Einar.

## Stimpill getur valdið vanlíðan

Þegar talið berst að geðheilbrigðiskerfinu segist Einar vera þeirrar skoðunar að sjúkdómsvæðing sé þar alls ráðandi. „Ég veit að þess er krafist að börn fái greiningu áður en þau fá aðstoð, en mér finnst rangt því greining getur verið ákveðinn stimpill. Þessi stimpill getur valdið fólki vanlíðan og vandræðum seinna meir í lífinu. Svo finnst mér við verða að stíga varlega til jarðar hvað varðar lyfjagjöf. Við erum við farin að gefa börnum lyf allt niður í sex, sjö ára aldur sem ég tel að ætti að vera óþarfi og leita frekar annarra leiða.“

Spurður hvort eða hvernig hann myndi vilja breyta kerfinu segist Einar telja að í mörgum tilfellum þurfi að sýna fólki meiri umhyggju og umburðarlyndi. „Við eigum að geta tekið utan um einstaklinginn og spurt hvað kom fyrir hann en ekki hvað sé að honum. Það væri líka til bóta að hafa greiðari aðgang að sálfræðingum,“ segir Einar.

„Svo má kenna börnum þegar þau eru lítil að það er allt í lagi að vera öðruvísi. Ef ég hefði átt annan eða öðruvísi vinahóp væri ég kannski einn og vinalaus í dag. Stundum má skólinn bregðast við og grípa inn í aðstæður hjá krökkum sem líður illa. Ef þau draga sig skyndilega í hlé, vilja ekki taka þátt í félagsstarfi eða íþróttum getur verið að þeim líði illa andlega og það þurfi að hjálpa þeim,“ nefnir Styrmir ákveðinn. „Þótt það eigi að vera hlutverk foreldranna að fylgjast með líðan barna sinna getur samband þeirra oft verið þannig að foreldrar vita ekki hvað er að gerast hjá krökkum eða hvernig þeim líður. Þess vegna er mikilvægt að allt umhverfið sé vakandi,“ segir Styrmir að lokum.

# Ertu komin/n í þrot? Erindi um vellíðan á vinnustað

Linda Bára Lýðsdóttir fjallar um geðheilbrigði á vinnustað á morgunverðarfundi Virk og Geðhjálpar á Alþjóða geðheilbrigðisdaginn. Yfirskriftin er: Ertu kominn í þrot?

Erindið mitt mun fjalla um líðan starfsmanna á vinnustað. Hvernig mikil streita og vanlíðan getur að lokum leitt til kulnunar sem er alvarlegt geðheilbrigðisvandamál. Skoðað verður hvaða þættir í umhverfinu geta leitt til kulnunar og hvernig er hægt að bregðast við, bæði stjórnendur sem og starfsmenn. Það er ekki bara mikilvægt að einstaklingurinn sé meðvitaður um eigin líðan og geðheilbrigði heldur er mikilvægt að stjórnendur séu vakandi fyrir þessu hjá sínum starfsmönnum,“ útskýrir Linda Bára Lýðsdóttir, sálfræðingur og sviðsstjóri mats og þjálfunar hjá Virk en hún flytur erindið Ertu komin/n í þrot? á morgunverðarfundi Virk og Geðhjálpar næstkomandi þriðjudag.

Linda segir að hlúa þurfi að vinnuumhverfinu, bæði af hálfu stjórnenda og starfsfólks, til að skapa geðheilbrigðan vinnustað.

„Það að vinna getur verið mikilvægur þáttur í vellíðan fólks og því skiptir gríðarlega miklu máli að okkur líði vel í vinnu. Geðheilbrigður vinnustaður er staður þar sem stjórnendur og starfsmenn vinna markvisst að því að hlúa að vinnuumhverfi sínu þannig að öllum líði vel. Þar sem reynt er að draga úr vægi þátta sem geta ýtt undir vanlíðan, unnið að því að styrkja starfsmenn í starfi og þar sem tekist er á við vandamál tengd líðan þegar þau koma upp. Geðheilbrigður vinnustaður er staður sem rúmar einstaklingsbundna þætti og aðstoðar einstaklinga þegar þeim líður illa.“



Linda Bára Lýðsdóttir, sálfræðingur og sviðsstjóri mats og þjálfunar hjá Virk, fjallar um geðheilbrigði á vinnustað á morgunverðarfundi Virk og Geðhjálpar.

Hvernig má koma í veg fyrir að fólk veikist vegna aðstæðna á vinnustað?

„Ýmsa þætti er hægt að skoða til að koma í veg fyrir vinnutengd veikindi. Huga þarf að álagi og að einstaklingar skynji að þeir hafi stjórn á aðstæðum sínum, að traust og stuðningur sé hluti af menningu vinnustaðarins, að komið sé fram við einstaklinga af sanngirni og þeim umbunað á sanngjarnan hátt. Stjórnendur jafnt sem starfsmenn geta unnið að þessu í sameiningu en auðvitað leika stjórnendur stórt hlutverk og þurfa að hafa færi á að sinna þessum þáttum. Undirmannaður vinnustaður með langvarandi álagi veitir til dæmis lítil tækifæri til þess,“ segir Linda.

## Starfsendurhæfing hjá Virk

Þegar einstaklingur þarf að hætta eða draga tímabundið úr vinnu vegna heilubrests getur hann í samráði við lækni leitað eftir aðstoð hjá Virk starfsendurhæfingarsjóði. Hjá Virk er metið hvort og hvernig megi aðstoða.

„Hjá sumum getur það tekið stuttan tíma en öðrum lengri. Þá er mikilvægt að einstaklingur hafi möguleika á að koma til baka í vinnuumhverfi sitt í skrefum,“ segir Linda

„Ef starfsendurhæfing er talin tímabær og einstaklingur vill vinna að því að komast aftur til starfa hittir hann ráðgjafa sem fylgir honum gegnum ferlið. Hlutverk ráðgjafans felst í því að gera áætlun í samstarfi við einstaklinginn sem studdar að endurkomu til vinnu, hvetja hann áfram og hlúa að honum þegar hlutirnir eru ekki að ganga sem skyldi. Virk styður einstaklinginn í að sækja sér úrræði, til dæmis í formi hreyfingar, sjúkraþjálfunar og sálfræðiaðstoðar en úrræðin eru valin með það í huga að þau auki líkur á endurkomu til vinnu. Markmiðið er alltaf að einstaklingur verði virkur á ný, að hann geti tekið þátt í atvinnulífinu og því samfélagi sem hann býr í. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir geðheilbrigði að einstaklingi finnist hann gildur þegn. Samfélagið, þar með talinn vinnumarkaðurinn, þarf að axla ábyrgð í að skapa tækifæri til þátttöku fyrir einstaklinga, sem eru að kljást við ýmis vandamál.


HVERNIG LÍÐUR ÞÉR Í VINNUNNI?

Ábyrgð stjórnenda og starfsfólks á andlegri líðan á vinnustað

Morgunfundur VIRK og Geðhjálpar um geðheilbrigði á vinnustöðum

Grand Hótel 10. október kl. 8.30-10.30

FUNDARSTJÓRI Sirrý Arnardóttir

DAGSKRÁ

- ÁVARP
  Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra
- ERTU KOMINN Í ÞROT?
  Linda Bára Lýðsdóttir, sviðstjóri hjá VIRK
- HÚMOR OG GLEÐI Í VINNUNNI ERU DAUÐANS ALVARA
  Edda Björgvinsdóttir, leikkona og fyrirlesari
- REYNSLUSAGA
  Sveinn Þorsteinsson
- VERT ÞÚ FYRIRMYND
  Bára Hildur Jóhannsdóttir, deildarstjóri á mannauðssviði Landsspítala
- REYNSLUSAGA
  Margrét Marteinsdóttir
- SAMANTEKT FUNDARSTJÓRA

AÐGANGUR ÓKEYPIS
en skrá skal þátttöku á virk.is

GEÐHJÁLP

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR


# Mikilvægt að búa vel að fólki á vinnustað

Allt frá því að Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn 10. október leit fyrst dagsins ljós hefur ákveðið þema verið til umfjöllunar ár hvert. Þemað í ár er „Geðheilbrigði á vinnustað. „Vinnan er í flestum tilfellum stór hluti af lífi fólks og þegar staðan er sú að um 300 milljónir manna hér á jörðu þjást af þunglyndi og um 260 milljónir af kvíða er ljóst að vekja þarf athygli á mikilvægi þess að vel sé búið að fólki á vinnustaðnum. Þetta er ákaflega brýnt mál,“ segir Tryggvi Garðarsson, formaður Styrktarfélags Alþjóða geðheilbrigðisdagsins.

Vinna með einum hætti eða öðrum er öllum nauðsynleg. Markmið með vinnu skapar betri velmegun og vellíðan hjá okkur sjálfum, fjölskyldum okkar og fyrirtækjunum sem við vinnum hjá. En til þess að geta skilað fullum afköstum þarf heilsan að vera í lagi og þar leikur geðheilsan stórt hlutverk. Ef vinnuumhverfið er ekki í lagi getur það haft alvarleg og niðurdrepandi áhrif á vinnugetuna og lífsgæði fólks. Streita, einelti og annað neikvætt áreiti getur dregið enn frekar úr einstaklingum sem þá getur valdið mikilli vanlíðan og frekari vangetu til þess að inna störf sín af hendi svo vel sé. Einelti er viðvarandi þrátt fyrir að löggjafinn hafi undirstrikað að tekið skuli á einelti og öðru ótilhlýðilegu athæfi á vinnustöðum. Ef vinnan skapar ekki velmegun og vellíðan, heldur veldur tapi og vanlíðan, þá hættum við að stunda slíka vinnu og leitum verkefna sem uppfylla grundvallarmarkmið vinnu. Áframhaldandi og síendurteknir erfiðleikar geta valdið kulnun í starfi sem má líta á sem félagslegt fyrirbrigði en það kemur fram á vinnustað og hefur áhrif á framleiðni, samskipti og þróun en spillir einnig starfsanda vinnustaðar. Kulnun er í grunninn atvinnutengd.



Tryggvi Garðarsson, formaður Styrktarfélags Alþjóða geðheilbrigðisdagsins.

„Á Íslandi höfum við nokkur geðúrræði til þess að endurhæfa einstaklinga sem með geðraskanir, sem geta komið þeim til góða á brautinni til betra lífs,“ segir Tryggvi „Á Alþjóða geðheilbrigðisdeginum komum við saman og gerum okkur glaðan dag í bland við fyrirlestra leikra sem lærðra. Að þessu sinni ætlum við að bjóða fólk velkomið í Tjarnarbíó klukkan 16.15 þar sem forsetafrúin, Elíza Reid, heiðrar okkur með nærveru sinni og segir nokkur orð í tilefni dagsins. Ari Eldjárn verður með uppistand og leikhópur úr Hlutverkasetri flytur gjörning, ljóðalestur, úr sögu Hlutverkaseturs og brot úr leikritinu „Fyrirlestur um eitthvað fallegt“ sem er leikverk á vegum Smartilab. Við munum síðan gæða okkur á kaffi og góðgæti,“ upplýsir hann.

Í tengslum við Alþjóða geðheilbrigðisdaginn 10. október verður Geðhjálp með ráðstefnu sem nefnist „Geðheilbrigði á vinnustað. Hún verður á Grand Hótel og byrjar með morgunverði kl. 8.30 þennan sama dag.

**Heimild: Kristinn Tómasson. Geðheilbrigði á vinnustöðum. Möguleikar til forvarna og ráðgjafa. Geðvernd. 1. tbl. 2006.**

# Fólk
Helgin

LAUGARDAGUR 7. OKTÓBER 2017



Natalía Stewart er rússnesk ballerína sem sneri sér að búningahönnun. Meðal verkefna hennar er að hanna búninga fyrir uppfærslu Íslensku óperunnar á ítölsku óperunni Tosca. →8



Zonnic mint hjálpar bæði þeim sem vilja hætta alveg tóbaksnotkun og þeim sem vilja draga úr reykingum og skiptir þá máli að hafa í huga að hver sígaretta sem sleppt er að reykja er sigur. Athugið að lesa vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli um notkun lyfsins.

# Vilt þú hætta að reykja?

Zonnic mint var þróað og framleitt í Svíþjóð og er nýjasta nikótínlyfið á Íslandi. Zonnic mint inniheldur 4 mg af nikótíni í skammti og er ætlað til meðferðar við tóbaksfíkn. Það auðveldar fólki að draga úr eða hætta reykingum. →2






Þegar fólk vill ekki, getur ekki eða má ekki reykja, t.d. á fundum, í flugvélum, á veitingarhúsum, getur Zonnic mint skammtapokinn hentað vel

Zonnic mint er nýtt form af nikótínlyfi en það eru litlir, hvítir og mjög þunnir skammtapokar sem innihalda nikótín," segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Það sést ekki að þú sért með Zonnic skammtapoka þar sem þeir eru svo þunnir en þeir skila jafnri losun nikótíns og svala þannig nikótínþörfinni og hjálpa þér að hætta eða minnka tóbaksnotkun".

## Nikótínið frásogast í munnholinu

Það er misjafnt hvaða form af nikótínlyfi hentar hverjum og einum en sumir fá t.d. brjóstsviða og ertingu í maga við notkun á nikótín lyfjatyggigúmmíi þar sem munnvatn myndast stöðugt þegar það er tuggið sem síðan er kyngt og fer niður í maga. Nikótínið úr Zonnic skammtapokum frásogast í munnholinu og lítið munnvatn myndast þegar þeir eru notaðir, sem lágmarkar magn nikótíns sem berst niður í háls og maga, þar sem það getur valdið ertingu.

## Hvernig á að nota Zonnic mint?

Zonnic mint skammtapokarnir eru vættir með tungunni og settir undir efri vör og geymdir þar. Skammtapokinn er hafður í um 30 mínútur í munnholinu og gott er að hreyfa hann til öðru hverju með tungunni. Þegar byrjað er að nota Zonnic mint má nota 1 skammtapoka á hverri eða annarri hverri klukkustund og í flestum tilvikum nægja 8-12 skammtapokar á dag. Ekki má nota fleiri en 24 skammtapoka á dag.

## Hentar ekki að reykja núna?

Hentar ekki að reykja? Zonnic mint skammtapokinn hentar þar.

Oft á ekki við að nota tóbak og þá er Zonnic mint skammtapoki góð lausn. Þegar fólk vill ekki, getur ekki eða má ekki reykja, t.d. á fundum, í flugvélum eða á veitingahúsum, getur Zonnic mint skammtapokinn hentað vel þar sem hann er það lítill og þunnur að hann sést ekki, nikótínið losnar úr pokanum yfir lengri tíma og gefur um leið ferskan andardrátt.

## Hættu á þínum hraða

Zonnic mint hjálpar bæði þeim sem vilja hætta tóbaksnotkun alveg og þeim sem vilja draga úr reykingum og skiptir þá máli að hafa í huga að hver sígaretta sem sleppt er að reykja er sigur. Þar sem mjög hátt hlutfall þeirra sem reyna að hætta reykingum hefur aftur tóbaksnotkun er mikilvægt að hver og einn taki ferlið á sínum hraða – sleppi einni sígarettu í einu.

## Sölustaðir

Zonnic mint inniheldur 4 mg af nikótíni í hverjum skammtapoka og kemur í 20 stk. dósum með skrúfloki og barnalæsingu. Salan hófst 1. september sl. og er Zonnic mint komið í sölu í helstu apótekum og í fjölda verslana og bensínstöðva – yfirlit yfir sölustaði má finna á www.zonnic.is. Ítarlegar upplýsingar um Zonnic mint er að finna á www.zonnic.is.

TOYOTA RAV4 nýskr. 06/2005, ekinn 136 Þ.km, bensín, sjálfskiptur TILBOÐ 790.000 kr. 100% lán! Raðnr. 256890 á BILO.is



OPEL ASTRA TURBO Árg. 2007, ekinn 127 Þ.km, bensín (180hö), 6 gíra, glerþak. TILBOÐ 699.000 kr. 100% lán. Raðnr. 255984 á BILO.is



MAZDA 6 VISION nýskr. 05/2017, ekinn 29 Þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.690.000 kr. Skipti ódýrari Raðnr. 288881 á BILO.is

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN



M.BENZ C 220d AVANTGARDE nýskr. 09/2015, ekinn aðeins 8 Þ.km, dísel (170 hö), sjálfskiptur. Verð 5.950.000 kr. Skipti skoðuð! Raðnr. 255217



LAND ROVER DISCOVERY LR3 HSE Árgerð 2006, ekinn aðeins 142 Þ.km, bensín, sjálfskiptur, 7 manna, glerþak. Fallegt eintak! Verð 2.290.000 kr. Raðnr 288873 á BILO.is



HYUNDAI TUCSON V6 Árg. 2005, ekinn 171 Þ.km, bensín, sjálfskiptur, dráttarkrókur, góð nagladekk fylgja. TILBOÐ 499.000 kr. 100% lán! Raðnr. 256870 á BILO.is

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN



BMW 520d XDRIVE nýskr.07/2016, ekinn 27 Þ.km, dísel, sjálfskiptur (8 gíra), fjórhjóladrifinn, mjög vel búinn! Mjög verð 6.490.000 kr. Raðnr. 256774 á BILO.is

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar til sölu

Góður bíll til sölu. VW Passat árg 03. Ek. 159 þús. Verð 290 þús. Dökkblár. Uppl. í s. 659 2099



**TIL SÖLU**

Loksins er Beauty Boxið til sölu. Piagglo Porter árg. 2001, ekinn 49.000km. já þú sérð rétt. Einn eigandi. Ný dekk s/v, ný smurður, ný tímareim, 6 manna bíll. Bíllinn vekur athygli, svo auglýsingagildið er mikið. Hafið samband og fáið sögustund. Uppl. í síma 895 7199, Ómar.

## 500-999 þús.



**DIESEL - 100% LÁN**

SSANGYONG KYRON M-200 TDI 8/2007 ek.176 þús, sjálfskiptur, sk.18, leður lúga, dráttarkrókur, heilsársdekk, ásett verð 1390 þús TILBOÐ 990 ÞÚS möguleiki á 100% láni, s.841 8955


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT


## 1-2 milljónir



**TILBOÐ 1.490 ÞÚS**

Toyota Land Cruiser 120 VX 3.0 D-4D 9/2003 ek.324 þús, ný tímareim í 316 þús, sjálfskiptur, leðuráklæði. topplúga, dráttarkrókur, 8 manna, þjónustubók, ofl. mjög þettur og góður bíll, TILBOÐVERÐ 1.490 ÞÚS möguleiki á 100% láni s.841 8955

## Vörubílar



Man 10.220,árg. 2016 ,sjálfskiptur,ek 24.500km.,er á grind,loftpúðar að aftan,verð 6,5+ vsk.uppl.í s. 894 3765.

## Bátar

**VEIÐIVÖTN VEIÐIVÖTN**

Netin tilbúin þekking reynsla gæði. heimavik.is s. 892 8655


# Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!



**SUZUKI** Grand vitara.
Verð: 6.690.000
Árgerð: 2016 : Bensín
Ekinn: 96þ.km. : Sjálfskiptur
Rnr.260697.



**BMW** X5 xdrive25d
Verð: 8.600.000
Árgerð: 2017 : Dísel
Ekinn: 6þ.km. : Sjálfskiptur
Rnr.250807.



**NISSAN** Pulsar.
Verð: 2.390.000
Árgerð: 2016 : Dísel
Ekinn: 334þ.km. : 6 gírar
Rnr.271039.



**HYUNDAI** tucson premium.
Verð: 5.190.000
Árgerð: 2016 : Dísel
Ekinn: 17þ.km. : Sjálfskiptur
Rnr.260454.



**HYUNDAI** I20.
Verð: 1.780.000
Árgerð: 2017 : Bensín
Ekinn: 23þ.km. : Beinskiptur
Rnr.260671.



**HYUNDAI** I20
Verð: 2.390.000
Árgerð: 2017 : Bensín
Ekinn: 24þ.km. : Sjálfskiptur.
Rnr.260717.

**bill.is**
Malarhöfða 2
Sími 5773777
www.bill.is

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

# Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 og 663 5315

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni verkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna . Er á facebook

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér smíðar, raflagnir og pípulagnir. Löggildur verktaki. Uppl. í s. 848 6904

Hreinsa þakrennur, ryðbletta þök og tek að mér ýmis verkefni. Uppl. í s.8478704 eða manninn@hotmail.com

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu

Til sölu allt til að brugga rauðvín og kunnátta fylgir. S 5613722

HUMARSALAN

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 867 206677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**


**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar





## Til sölu


GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is





## Skemmtanir





HAPPY HOUR ALLA DAGA!! kl. 16-19

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

LEIKIR HELGARINNAR:
Undankeppni HM 2018
Gullnáman





Rúnar Þór og ísfirska hljómsveitin TRAP
Spila föstudag frá 23:00 - 02:00 og laugardag frá 00:00 -03:00
Heitur matur í hádeginu alla virka daga • Boltatilboð • Happy hour • Lifandi tónlist allar helgar


# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.
**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**

vélastilling
Auðbrekku 19 - 200 Kópavogi - Sími 554 3140 - velastilling@simnet.is
Alhliða bílaverkstæði

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur


Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Hljóðfæri



Harmonikur og harmonikkugeisladiskar í úrvali. Tökum harmonikkur í umboðssölu. Harmonikur frá 35 þús. Pokar og ólar. www.egtonar.is Sími 824 7610 & 660 1648.

**PÍANÓ TIL SÖLU**

Mjög vandað þýskt SCHIMMEL píanó til sölu. Úr eik, aðeins einn eigandi (tónlistarmaður). Hljóðfærið hefur verið metið af fagmönnum. Áhugasamir sendi fyrirspurn til lucinda@itn.is eða í síma 8980027.

# Heilsa

## Nudd

**FERÐANUDD**

Menntaður nuddsérfræðingur býður uppá nudd heim til þín eða hvar sem er. Nánari upplýsingar á heimasíðu: www.mobile-massages.com eða í síma: 7612295

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn

**GRÁSLEPPUVEIÐIMENN**

Grásleppunetin komin. Þekking reynsla gæði. Heimavík.is s. 8928655

# Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU-GOTT ATVINNUHÚSNÆÐI**

Er með til leigu, þrjú nýleg og góð atvinnupláss í austurborginni. Öll með innkeyrsludyrum og gluggum.
Hentar vel undir lítil fyrirtæki, lager, dótakassa og fl. Stærðir 121 fm, 163 fm og 200 fm.
**Nánari upplýsingar veitir Stefán s: 895-2049, eða stefan@stakfell.is**

**IÐNAÐARHÚSNÆÐI**

Til leigu 210 fm iðnarhúsnæði í Desjamýri Mosfellsbæ. 160fm golfflötur 50fm milliloft, stórar innkeyrslu dyr og malbikað plan með rafmagnshliði. Uppl. S. 8920414 Nikkin / 8534846 Gylfi

## Húsnæði óskast

**HÚS ÓSKAST 2018**

Ábyrg,reglusöm hjón óska eftir að leigja einbýlishús / íbúð frá ársbyrjun til ársloka 2018, sem næst miðborginni. Tryggar mánaðarlegar greiðslur kr. 350.000. Kr. 2.000.000 fyrirfram. Svör sendist á: fjolskylduhus2018@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna í boði

**HOUSEKEEPERS**

Apartment Hotel in 101 Reykjavik seeks full time and part time housekeepers.

Please send applications to: jobs@apartmentk.is

**WORKERS**

I need workers for outside work. Good payment for good men. Potrzebni ludzie do pracy na zewnatrz przy ukladaniu kostki itp. Bardzo duzo pracy.
**For more infomation call 696 6676**
**bjossi@bjossi.is**

**LITALÍNAN EHF**

Óskar eftir lærðum málurum og menn vana málningarvinnu einnig nema. Uppl. í S. 898 9591 & 896 5445







## Fasteignir



# Víkurhvarf 1



## Til leigu atvinnuhúsnæði

## Hentar vel fyrir verslun og lager 4000 fm - 2000 fm -1000 fm

Allt að 4.000 fm atvinnuhúsnæði á jarðhæð við Víkurhvarf 1 í Kópavogi til leigu. Einnig er hægt að skipta húsinu í ca. 2.000 fm rými og ca. 1.000 fm rými. Húsnæðið býður uppá mikla möguleika. Hentar vel fyrir verslun, lager og iðnað. Einnig eru lausir um 400fm á horni jarðhæðar með góðum gluggum og fallegu útsýni. Glæsileg bygging með hárri lofthæð. Næg bílastæði fyrir framan og ofanverðu við húsið. Eignin er laus til afhendingar nú þegar.



**Allar nánari upplýsingar veitir**



**Halldór Már Sverrisson**
Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari
**898 5599**
**halldor@atvinnueign.is**

Fasteignamiðlun
Atvinnueign
**577 5500 - Síðumúla 13, 108 Rvk. - www.atvinnueign.is**

# Margar leiðir til að bæta geðheilbrigðisþjónustu

## Hrannar Jónsson, formaður Geðhjálpar, vill sjá aukna áherslu á mannréttindi þeirra sem glíma við geðrænar áskoranir, breytt viðhorf til geðheilbrigðisvandamála og fleiri meðferðarúrræði .

Geðhjálp berst fyrir mannréttindum fólks sem glímir við geðrænar áskoranir ásamt því að sinna fræðslustarfi og veita ráðgjöf. „Í raun látum við allt sem varðar geðheilsu skipta okkur máli,“ segir Hrannar Jónsson, formaður Geðhjálpar.

Á næstunni kynnir Geðhjálp skýrslu sem kom út nýlega frá sérstökum álitsgjafa mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna um ástand geðheilbrigðismála. „Þar rekur hann hvað honum finnst vera að,“ segir Hrannar. „Bæði varðandi sýnina á geðræn vandamál og hvernig við meðhöndlum þau. Skýrslan er ofboðslega mikið í takt við það sem við segjum og setur skýrt og skilmerkilega fram hvað þarf að laga, t.d. að það sé óviðunandi að ekki sé unnt að taka á mannréttindabrotum innan geðheilbrigðiskerfisins með óbreyttu ástandi.“

### Þörf á viðhorfsbreytingu

Hrannar segir þörf á viðhorfsbreytingu. „Það er ekkert í vísindunum sem segir að geðheilbrigðisvandamál snúist bara um efnaójafnvægi í heilanum,“ segir Hrannar. „Auðvitað skipta boðefnin í heilanum máli, en viðhorfið í nútímageðlæknisfræði er að þetta sé flókið samspil margra þátta. Lyfin hafa auðvitað áhrif, en þetta eru stórar sleggjur sem virka yfirleitt ekki einar og sér sem langtímalausn.“

„Þegar geðlæknar sem gefa lyf eru eina þjónustan sem er niðurgreidd er hætta á að hún sé ofnýtt,“ segir Hrannar. „Það þarf að bjóða upp á fleiri úrræði sem fólk getur nýtt áður en allt er komið í óefni. Við þurfum að fá sálfræðinga, félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðinga, frjáls félagasamtök, þá sem búa við fátækt og auðvitað notendur þjónustunnar með í stefnumótun. Það skiptir máli í hvað fjármunum er varið og við þurfum átak en ekki bara meira af því sama. Við þurfum beinlínis meiri þekkingu inn í pólitíkina bæði á Alþingi og sveitarstjórnum.“

### Ýmis ráð til

Hrannar segir að það séu ýmis ráð til að bæta geðheilbrigðisþjónustuna hér. „Hvað varðar réttindi er eitt af því að endurskoða lögræðislögin,“ segir Hrannar. „Þau eru ekki í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fatlanir.“

„Annað sem gæti hjálpað er að bjóða fólki sem þarf meðferð að gera fyrirfram gefnar tilskipanir um meðferð sína þegar allt er í góðu lagi,“ segir Hrannar.

„Það ætti líka að vera í boði að fá meðferð án lyfja. Sumir vilja ekki lyf og það á að vera þeirra réttur,“ segir Hrannar. „Það skapar oft ný vandamál og áföll ef fólk er þvingað til að taka lyf.“

### Þarf uppskurð á kerfinu

„Það vantar líka að koma til skila hversu góðar batahorfur eru af geðrænum áskorunum,“ segir Hrannar. „Og fólk með eigin sögu ætti að fá vinnu við meðferð svo það geti miðlað af sinni reynslu. Margt af því áhugaverðasta sem hefur gerst í geðheilbrigðisþjónustu má þakka þrýstingi þeirra sem hafa náð bata.“

Hrannar segir að það sé þörf fyrir róttækar kerfisbreytingar. „Við þurfum góðan hóp til að leggjast yfir þetta og gera uppskurð á kerfinu. Á síðustu árum hafa margar rannsóknir sýnt fram á hversu áföll í æsku geta haft mikil áhrif síðar meir. Ekki bara hvað varðar geðræn vandamál, heldur varðandi offitu, fíkn og sjálfsofnæmissjúkdóma. Kannski þurfum við öll líka að verða meðvitaðri um að erfið lífsreynsla sést ekki endilega utan á fólki,“ segir hann.



Hrannar Jónsson, formaður Geðhjálpar, vill sjá róttækar breytingar á geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi. MYND/ANTON BRINK



Hanna Styrmisdóttir býr að þeirri reynslu að alast upp hjá geðveikri móður og þekkir myndina vel. Hún mun taka þátt í fræðslustarfinu í kringum skólasýningarnar á kvikmyndinni Stelpan, mamman & djöflarnir. MYND/ERNIR

# Hefði viljað losna við skömmina

## Geðhjálp gengst, í samstarfi við Bíó Paradís og Reykjavíkurborg, fyrir skólasýningum á kvikmyndinni Stelpan, mamman & djöflarnir sem vakið hefur mikla athygli.

Hanna Styrmisdóttir býr að þeirri reynslu að alast upp hjá geðveikri móður og þekkir myndina vel. Hún mun taka þátt í fræðslustarfinu í kringum skólasýningarnar.

Myndin fjallar um Siri sem er einstæð móðir og býr ein með dóttur sinni. Djöflarnir ráða ríkjum í lífi móðurinnar en dóttirin Ti upplifir veröldina heima fyrir öðruvísi. Ti styðst við sitt eigið ímyndunarafl til þess að sigra djöfla móður sinnar. Í þessari mynd er veitt innsýn inn í líf dóttur alvarlega geðveikrar konu. Hanna var fús að svara nokkrum spurningum varðandi kvikmyndina og eigin upplifun. Hún var spurð hvort eitthvað í myndinni endurspeglaði hennar eigin reynslu?

„Í myndinni er sögð saga lítillar stúlku og móður hennar sem þjáist af ofsóknargeðklofa. Sjúkdómur móður minnar var ekki alveg sá sami og ég var ekki ein með henni í sama skilningi og Ti litla með mömmu sinni. Ég samsama mig engu að síður sterkt með bæði Ti og mömmu hennar. Það er margt í skynjun þeirra beggja sem ég

> Langvinnur sjúkdómur eins og mömmu veldur krónískri áfallastreituröskun, bæði hjá sjúklingnum og nánustu aðstandendum.

þekki, tilfinningalegri og félagslegri einangrun þeirra, sem og í viðbrögðum samfélagsins,“ svarar Hanna.

*Telur þú að myndin hjálpi börnum sem eiga foreldri sem þjáist af geðsjúkdómi?* Ég held að það sé alltaf mikilvægt að hafa aðgang að kvikmyndum, bókmenntum, myndlist og öðrum listum sem endurspegla reynslu manns. Það er grundvallaratriði fyrir barn í jafnyfirþyrmandi kringumstæðum og Ti litla, að skilja að veruleiki hennar er ekki eins og best verður á kosið fyrir barn, að hún er ekki ein og að hún á rétt á því að samfélagið styðji hana og hjálpi í aðstæðum sem hvorki hún né mamma hennar fá ráðið við.

*Hvaða áhrif hafði myndin á þig?* Hún hafði mikil áhrif á mig og var mikilvæg á margvíslegan hátt, fyrir barnið sem ég var og man mjög vel eftir, fyrir mig sem fullorðið barn foreldra minna, sem foreldri sjálf og sem fullorðinn þátttakanda í samfélagi sem þarf að styðja börn betur í þeim margvíslegu erfiðleikum sem að þeim steðja.

*Hvaða stuðning hefðir þú þurft að fá á sínum tíma?* Langvinnur sjúkdómur eins og mömmu veldur krónískri áfallastreituröskun, bæði hjá sjúklingnum sjálfum og nánustu aðstandendum. Ég hafði mjög ríka þörf fyrir trausta tengingu við fullorðna manneskju og ég held að langtímasálfræðistuðningur geti verið nauðsynlegur í slíkum tilfellum. Ég hefði t.a.m. þurft aðstoð við að skilja hvað var að gerast, að það var ekki mér að kenna og að læra uppbyggileg bjargráð. Ein táknmynd slíkra bjargráða í myndinni er að Ti leggur stund á sjálfsvarnarlistina aikido sem gengur út á að verja sjálfan sig án þess að valda árásaraðilanum skaða um leið.

*Telur þú að það sé auðveldara fyrir börn sem eru aðstandendur í dag að fá viðeigandi stuðning en var þegar þú varst að alast upp?* Það er engin spurning, enda er skilningur samfélagsins og heilbrigðiskerfisins gjörbreyttur, en hvort það sem gert er sé nóg í öllum aðstæðum, er annað mál. Í nóvember 2015 lagði þáverandi heilbrigðisráðherra fram þingsályktunartillögu um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum þar sem meðal annars er gert ráð fyrir stórauknum stuðningi við börn geðsjúkra foreldra. Þingsályktun er viljayfirlýsing af hálfu löggjafarvaldsins og það er gott að viljinn til að breyta aðstæðum barna geðsjúkra sé til staðar. Þingsályktun þarf síðan að fylgja eftir.

*Er þetta enn tabú? Og ef svo, hvað þarf að þínu mati að gera til að rjúfa þögnina, eyða fordómum?* Það hefur verið unnið gríðarlega mikið starf og oftar en ekki á afar óeigingjörnum forsendum og það er ekki hægt að bera saman fordóma eða þekkingarleysi núna og fyrir fjörutíu árum. En ég verð oft mjög hissa þegar ég átta mig á því í samtölum við fólk hvað þekking og skilningur á geðsjúkdómum eru samt takmörkuð enn og eina ráðið við því er meiri fræðsla. Hún þarf að vera fjölbreytt, útbreidd og aðgengileg fyrir alla.

*Hvað hefðir þú viljað að hefði verið gert fyrir þig þegar þú varst barn í hlutverki aðstandanda?* Ég vildi helst af öllu hafa fengið þau skilaboð frá samfélaginu að ég þyrfti ekki að skammast mín fyrir geðsjúkdóm mömmu minnar og aðstæður okkar. Við mamma áttum báðar rétt á því.

# Áfangi í átt að betra lífi

Bataskólinn býður upp á úrval af skemmtilegum og fjölbreytilegum námskeiðum fyrir fólk í bata frá geðröskunum og aðstandendur þess. Einu kröfurnar eru jákvætt viðhorf og virðing fyrir starfsfólki og samnemendum. Hér segja nokkrir nemendur frá reynslu sinni af skólanum.

## Frábær viðbót við annað sem er í boði

Sigrún Bjarnadóttir vill verða virkari í samfélaginu.



*Hvers vegna sóttir þú um Bataskólann?* Ég var í öðru úrræði og frétti af Bataskólanum þar. Ég sótti strax um og hef verið í skólanum síðan hann byrjaði.

*Hvernig er hann ólíkur öðrum skólum?* Kennararnir styðja við mann og hjálpa manni að skilja veikindin betur. Ég greindist með kvíða og það að mæta og hlusta hefur hjálpað mér að takast á við daglegt líf og líðan og að sjá nýjar leiðir.

*Hvernig líkar þér skólinn? Myndir þú mæla með honum við aðra?* Mér líkar mjög vel í skólanum, finnst þetta frábær viðbót við það sem er í boði. Ég myndi hiklaust mæla með Bataskólanum við aðra sem eru í sömu stöðu.

*Hvað langar þig til að breytist í lífi þínu með námi í Bataskólanum?* Mig langar til að ná betri tökum á veikindum mínum og geta orðið aðeins virkari í samfélaginu.

## Horfst í augu við eigið líf

Jóhönnu Sturludóttur finnst aðkoma nemenda að náminu mikilvæg.

*Hvers vegna sóttir þú um Bataskólann?* Ég hafði heyrt um Bataskólann í Bretlandi og það vakti áhuga minn að nemendurnir fá að koma að mótun hans.

*Hvernig er hann ólíkur öðrum skólum?* Þetta eru ekki bara fræði heldur er reynsla annarra nemenda líka til umfjöllunar, hvort sem um einstaklinginn með áskoranirnar eða aðstandandann er að ræða. Það má segja að námið og námsefnið gangi nær manni en annað nám, því það kallar á að horfast í augu við sitt eigið líf.

*Hvernig líkar þér skólinn?* Mjög vel, mér finnst góður andi í hópnum. Allir eru velkomnir og öllum sýnd virðing, hópurinn er fjölbreyttur og ólík sjónarmið fá að heyrast.

*Myndir þú mæla með honum við aðra?* Já, bæði við þá sem eru að fást við geðrænar áskoranir og aðstandendur. Námskeiðin eru mjög vel unnin og bæði studd rannsóknum og innleggi þeirra sem reynsluna hafa sem er mjög mikilvægt. Fræðslan og skilningurinn á sinni eigin áskorun finnst mér eiga stærstan þátt í að hægt sé að vera í bata.



Jóhanna Sturludóttir telur mikilvægt að fólk komist í virkni og einangrist ekki.

> Eftir því sem ég fræðist meira, og skilningurinn eykst, þeim mun betur gengur daglegt líf.
>
> Jóhanna Sturludóttir

*Hvað langar þig til að breytist í lífi þínu með námi í Bataskólanum?* Eftir því sem ég fræðist meira og skilningurinn eykst, þeim mun betur gengur daglegt líf. Það getur verið óþægilegt að horfast í augu við sjálfan sig og sínar áskoranir en það er nauðsynlegt og ég nota oft orðin: „Eina leiðin er í gegn." Allir vilja taka þátt í samfélaginu en það verður að vera á forsendum hvers og eins. Það er mikilvægt að allir komist í einhverja virkni og einangrist ekki.

## Næsta skref út í lífið

Ásthildur Kristjánsdóttur sér möguleika sem hún sá ekki áður.



*Hvers vegna sóttir þú um Bataskólann?* Ég er með mikla kvíðaröskun og þunglyndi. Ég hef verið í Hugarafli síðan í fyrra og mér finnst Bataskólinn næsta skref til að fara út í lífið.

*Hvernig er hann ólíkur öðrum skólum?* Við sitjum á skólabekk og fáum verkefni. Þetta er mjög einstaklingsmiðað og mjög skipulagt. Þetta er eins og að vera kominn í skóla í sjálfum sér. Við fáum líka upplýsingar um réttindi okkar og mörg svör um sjúkdómana sem við erum haldin.

*Hvað langar þig til að breytist í lífi þínu með námi í Bataskólanum?* Bataskólinn er ákveðinn áfangi í átt að betra lífi og þar mætir fólk virðingu og jákvæðum stuðningi. Ég sé nú möguleika sem ég sá ekki áður. Ég mæli með skólanum fyrir alla sem berjast við geðraskanir.


# Börnin okkar!

## Ráðstefna Geðhjálpar um geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni á Íslandi

**Gullteigur, Grand Hótel 17. október 2017.**

**Fundarstjóri Þorsteinn Guðmundsson leikari og verkefnisstjóri Bataskóla Íslands**

GEÐHJÁLP

08.30 – 08.45 **Opnunarávarp**
Óttarr Proppé, heilbrigðisráðherra.

08.45 – 09.00 **Börn í brennidepli**
Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar.

09.00 – 09.25 **Áhrif áfalla í æsku á geðheilsu fullorðinna** – kostnaður samfélagsins
Karen Hughes, sérfræðingur hjá heilsugæslu Wales.

09.25 – 09.50 **Íslensk barnavernd** – betur má ef duga skal
Steinunn Bergmann, félagsráðgjafi og sérfræðingur hjá Barnaverndarstofu.

09.50 – 10.15 **Aðgengi að sjálfræðiþjónustu innan heilsugæslunnar** – framtíðarsýn
Agnes Agnarsdóttir, sálfræðingur og fagstjóri sálfræðiþjónustu hjá heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

10.15 – 10.35 **Kaffi**

10.35 – 11.00 **Átak norskra stjórnvalda í innleiðingu geðheilbrigðisþjónustu fyrir 0-3 ára**
Kari Slinning sálfræðingur og dósent í þróunarsálfræði við háskólann í Ósló.

11.00 – 11.25 **Rannsókn á högum 7 ára barna foreldra með geðrofasjúkdóma í Danmörku.**
Ditte Ellersgaard, doktorsnemi í læknisfræði og rannsakandi.

11.25 – 11.50 **Meðferðarúrræði fyrir fjölskyldur hælisleitenda í kjölfar áfalla í heimalandinu**
Auður Ósk Guðmundsdóttir, fjölskylduþerapisti hjá mannréttindasamtökunum Freedom from torture í Glasgow.

11.50 – 12.10 **Okkar rödd – viðbrögð og tillögur til úrbóta.**
Fanney Björk Ingólfsdóttir, Magnús Friðrik Guðrúnarson og Andrea Sif Jónsdóttir Hauth.

12.10 – 13.00 **Matarhlé**

**Málstofa A**
Börn frá 0-6 ára
*Málstofustjóri Gunnlaug Thorlacius félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur á geðsviði LSH.*

13.00 – 13.20 **1001 dagur í lífi hvers barns**
Anna María Jónsdóttir, geðlæknir á Landspítalanum og Miðstöð foreldra og barna.

13.20 – 13.40 **Sálfræðiþjónusta í mæðra- og ungbarnavernd í nútíð og framtíð**
Sólrún Ósk Lárusdóttir, sálfræðingur hjá heilsugæslu höfuðborgarsvæðsins.

13.40 – 14.00 **Fjölþættur vandi og þjónusta – ólíkar þarfir á ólíkum tímum**
Dr. Evald Sæmundsen, sálfræðingur og sviðsstjóri rannsókna hjá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.

14.00 – 14.15 **Spurningar & svör**

**Málstofa B**
Börn frá 12-18 ára
*Málstofustjóri Þorsteinn Guðmundsson leikari og verkefnisstjóri Bataskóla Íslands?*

13.00 – 13.20 **Geðrækt í skólastarfi – er hlutverk grunnskólans að efla geðheilsu og vellíðan?**
Sigrún Daníelsdóttir, sálfræðingur og verkefnisstjóri geðræktar hjá embætti landlæknis.

13.20 – 13.40 **Betri þjónusta við börn með hegðunar- og vímuefnavanda.**
Halldór Hauksson, sálfræðingur og sviðsstjóri meðferðar- og fóstursviðs hjá Barnaverndarstofu.

13.40 – 14.00 **Sjálfsskaðahegðun unglinga, áhrif á foreldra og fjölskyldu – hvað er til ráða?**
Vilborg G. Guðnadóttir, hjúkrunarfræðingur, fjölskylduþerapisti og handleiðari.

14.00 – 14.15 **Spurningar & svör**
14.15 – 14.30 **Kaffihlé.**

**Málstofa C**
Börn frá 6-12 ára
*Málstofustjóri Ólöf Birna Björnsdóttir fjölskyldufræðingur og ráðgjafi hjá Geðhjálp*

14.30 – 14.50 **Áskoranir í skólaþjónustu**
Dr. Bergljót Gyða Guðmundsdóttir sálfræðingur á Þjónustumiðstöð Breiðholts.

14.50 – 15.10 **Einstaklingsmiðuð úrræði við hegðunarvanda í skólum**
Sesselja Árnadóttir menntunarfræðingur og kennari við Auðarskóla, Búðardal.
Meðhöfundur: dr. Anna-Lind Pétursdóttir, dósent við Menntavísindasvið HÍ.

15.10 – 15.30 **Þróun þjónustu BUGL við yngri börn, m.a. með hliðsjón af COS (circle of security)**
Unnur Valdimarsdóttir, leikskólasérkennari og fjölskylduþerapisti.
Ástríður Thorarensen þroskaþjálfi, listmeðferðarfræðingur og fjölskylduþerapisti.

15.30 – 15.50 **Framtíð annars stigs þjónustu og hlutverk Þroska- og hegðunarstöðvar**
Dr. Gyða Haraldsdóttir, sálfræðingur og forstöðumaður Þroska- og hegðunarstöðvar.

15.50 – 16.05 **Spurningar & svör**

**Málstofa D**
Ungt fólk frá 18-24 ára
*Málstofustjóri Þorsteinn Guðmundsson leikari og verkefnisstjóri Bataskóla Íslands*

14.30 – 14.50 **Sérhæfð þjónusta fyrir ungt fólk – lærdómur og markmið**
Nanna Briem, yfirlæknir á Laugarásnum, sérhæfðri deild fyrir ungt fólk með geðrofssjúkdóma

14.50 – 15.10 **Sálfræðiþjónusta í framhaldsskólum – horft fram á veginn**
Bóas Valdórsson sálfræðingur við Menntaskólann við Hamrahlíð.

15.10 – 15.30 **Ungir karlmenn – einangrun – geðheilsa.**
Halldóra Jónsdóttir, geðlæknir og yfirlæknar á bráðadeild og bráðamóttöku Landspítalans.

15.30-15.50 **Ungt fólk með geðraskanir og þátttaka á vinnumarkaðinum – þurfum við að hafa áhyggjur?**
Linda Bára Lýðsdóttir, sálfræðingur og sviðsstjóri mats og þjálfunar hjá Virk starfsendurhæfingarsjóði.

15.50 – 16.05 **Spurningar & svör**
16.05-16.15. **Ráðstefnulok**

Þátttakendur eru vinsamlega beðnir um að skrá sig á málþingið með því að senda tölvupóst með nafni þátttakanda og nafni og kennitölu greiðanda á verkefnisstjori@gedhjalp.is.

**Aðgangseyrir kr. 3.500, frítt fyrir félaga í Geðhjálp.**

# Áherslur stjórnmálaflokka í geðheilbrigðismálum

Fulltrúar flokka í næstu alþingiskosningum voru beðnir um að segja frá helstu áherslum síns flokks í geðheilbrigðismálum.

## Björt framtíð



**Óttarr Proppé**
formaður Bjartrar framtíðar

Mikilvægt er að halda áfram uppbyggingu samkvæmt geðheilbrigðisáætlun með áherslu á enn betri samþættingu þjónustu heilsugæslu, stofnana, þjónustu á stofu og starfs félagasamtaka sem og nýtingu nýrra tækifæra, t.d. geðheilbrigðisþjónustu í gegnum netið, þ.e. fjargeðheilbrigðisþjónustu. Mikilvægustu áherslumálin eru í fyrsta lagi að efla forvarnir gagnvart ungu fólki og beina sjónum enn betur að foreldrum ungra barna og grípa inn í þar sem áhætta er fyrir hendi. Hér gegnir heilsugæslan lykilhlutverki. Í öðru lagi þarf að halda áfram að efla geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslu með þverfaglegri nálgun og með áframhaldandi fjölgun sálfræðinga þar og nú með áherslu á fullorðna þar sem harla góður árangur hefur náðst í aðgengi að sálfræðiþjónustu barna. Í þriðja lagi er brýnt að styðja áfram geðheilbrigðisþjónustu heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa, t.d. á Landspítala þar sem sjónum er nú einkum beint að barna- og unglingageðdeild en jafnframt þarf að bæta húsnæði, mannafla og að stytta bið eftir greiningu.

## Framsóknarflokkurinn



**Sigurður Ingi Jóhannsson**
formaður Framsóknarflokksins

Framsókn vill að sálfræðiþjónusta verði hluti af heilbrigðiskerfinu. Um 20% barna og ungmenna hafa einhvern tíma fyrir 18 ára aldur þurft að leita aðstoðar vegna geðrænna erfiðleika. Bregðast þarf snemma við þegar geðrænir erfiðleikar gera vart við sig hjá börnum og fullorðnum. Framsókn vill fjölga sálfræðingum í heilsugæslunni og að sálfræðiþjónusta verði niðurgreidd og verði hluti af greiðsluþátttökukerfinu eins og önnur heilbrigðisþjónusta. Framsókn vill einnig fjölga sérfræðilæknum á geðsviði en geðlækna vantar á heilbrigðisstofnanir. Framsókn vill fjölga geðlæknum á heilbrigðisstofnunum víðsvegar um landið og létta þar með álaginu af Landspítalanum. Horfa þarf til byggðaraðgerða og nýta námslánakerfið sem hvata til að fá t.d. lækna til starfa. Hægt væri að gefa afslátt af námslánum til þeirra sem væru tilbúnir til að festa sig í ákveðinn árafjölda og sinna þjónustu í byggðum landsins. Framsókn vill hefja undirbúning að nýjum Landspítala með geðdeild. Framtíðarstaður Landspítalans er ekki við Hringbraut og vill Framsókn að nýr spítali verði byggður á nýjum stað sem rúmi allar deildir, m.a. geðdeild, en það er ekki í boði við Hringbraut. Sjúklingar þurfa betri aðstöðu, horfa þarf til bæði líkamlegra og andlegra veikinda auk þess sem starfsfólk þarf betri aðstöðu.

## Flokkur fólksins



**Inga Sæland**
formaður Flokks fólksins

Forvarnir eru algjört grundvallaratriði. Byrja á með geðrækt strax í grunnskóla. Byggja þarf undir sterkt sjálfsöryggi barnsins og vera vakandi fyrir öllum breytingum á andlegri líðan þess. Nauðsynlegt er að tryggja fagþjónustu á öllum stigum skólagöngunnar.
Ætíð á að vera til staðar fullkomin þjónusta þegar einstaklingur þarfnast, eða leitar sér hjálpar, sama hvar á landinu hann býr. Þegar eiginlegri meðferð hans lýkur er ekkert mikilvægara en hnitmiðuð endurhæfing, eftirfylgd og örugg búseta. Einstaklingurinn má aldrei finna sig varnarlausan á meðan á endurhæfingu stendur. Taka verður föstum tökum þá gríðarlegu lyfjanotkun sem er á þessu heilbrigðissviði, m.t.t. þess hvort hún sé nauðsynleg.
Menntun fagfólks skiptir miklu máli en það er gríðarlegur skortur á fagfólki á geðheilbrigðissviði. Við gætum efalaust breytt því, með að nýta t.d. grunnnám sálfræðinga og félagsfræðinga sem vilja skipta um starfsvettvang og gefa þeim kost á að bæta við sig eins og hálfs árs námi í geðhjúkrunarfræðum og þannig öðlast heimild til að starfa sem slíkir. Þetta yrði þó ekki framkvæmt nema í fullu samráði við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.



## Píratar

**Þórhildur Sunna Ævarsdóttir**
varaformaður þingflokks Pírata

Píratar setja geðheilsu fyrir alla í forgang og vilja því fella sálfræðiþjónustu inn í sjúkratryggingar. Við teljum brýnt að ráðast í stórátak í sjálfsvígsforvörnum. Þær felast meðal annars í bættu aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu en einnig í bættu öryggi og húsnæði fyrir geðdeildir. Þá er einnig mikilvægt að bráðamóttaka geðdeildar sé opin allan sólarhringinn.
Loks ber að nefna að mannréttindi fólks með geðsjúkdóma hafa verið vanvirt allt of lengi og viðhorf íslenskrar lagasetningar gagnvart þeim er gamaldags. Breyta þarf ýmsum lögum (t.d. lögræðislögum) til þess að afnema mismunun gagnvart fólki með geðsjúkdóma og uppfæra réttindi þeirra til staðla tuttugustu og fyrstu aldarinnar. Leggja þarf meiri áherslu á jafningjafræðslu og þjónustu (eins og t.d. Bataskóla Geðhjálpar), sem virðir sjálfsákvörðunarrétt og mannhelgi fólks með geðsjúkdóma.



## Sjálfstæðisflokkurinn

**Bjarni Benediktsson**
formaður Sjálfstæðisflokksins

Við þurfum almennt að bæta aðgengi að geðheilbrigðisþjónustunni. Þar skiptir miklu að efla áfram þjónustu sálfræðinga á heilsugæslustöðvum, ekki síst á landsbyggðinni. Víða um landið þarf að stórauka þjónustuna og við viljum þróa áfram möguleika okkar í fjargeðheilbrigðisþjónustu í því skyni. Aukið samstarf við skóla og sveitarfélög og almenn samþætting þjónustunnar getur skilað okkur betri árangri.
Styrkja þarf göngudeildarþjónustu BUGL þannig að biðtími barna styttist. Styðja þarf vel við Landspítalann og bæta húsakost og alla aðstöðu til að sinna veikustu einstaklingunum.
Við viljum leggja áherslu á fræðslu og forvarnir. Það eitt að auka forvarnir hefur mikla þýðingu í málaflokknum. Í samræmi við geðheilbrigðisáætlun viljum við leggja áherslu á geðrækt með það að markmiði að auka vellíðan landsmanna.

## Miðflokkurinn



**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**
stofnandi Miðflokksins

Brýnustu mál sem varða geðheilbrigðiskerfið snúa að vandamálum ungs fólks með geðraskanir. Það að algengasta banamein ungra karlmanna sé sjálfsvíg er nöturleg staðreynd. Aukinn fíknivandi ungs fólks, geðrof vegna kannabisneyslu og aukin neysla harðra efna með tilheyrandi afleiðingum er grafalvarlegt vandamál. Miðflokkurinn vill bregðast við með aukinni sálfræðiþjónustu strax í grunnskólum en einnig í framhaldsskólum. Miðflokkurinn vill einnig stefna að því að samtalsmeðferð verði viðurkenndur fyrsti meðferðarkostur og greitt verði fyrir hana líkt og lyf. Einnig þarf að efla starfsemi BUGL svo og bráðadeildar geðsviðs Landspítala svo koma megi í veg fyrir hörmulega atburði. Aukinn fjöldi örorkutilfella vegna kvíða, þunglyndis og annarra geðraskana er einnig vandamál sem Miðflokkurinn vill vinna á með aukinni þátttöku ríkisins í starfsemi Virk og annarrar endurhæfingar. Miðflokkurinn leggur einnig áherslu á nauðsyn aðgengis að geðheilbrigðisþjónustu í öllum landshlutum.

## Samfylkingin



**Logi Einarsson**
formaður Samfylkingarinnar

Geðhjálp og fleiri samtök hafa komið geðheilbrigðismálunum rækilega á dagskrá síðustu árin. Samfylkingin hefur lagt sitt af mörkum og við erum stolt af geðheilbrigðisáætluninni sem var samþykkt á Alþingi vorið 2016 að okkar frumkvæði. Þau þrjú atriði sem við teljum brýnust á næstu árum eru betra skipulag geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga sem og stuðning við börn fólks með geðrænan vanda, stórefling bráðageðdeildar Landspítala og aukið aðgengi að sálfræðiþjónustu í skólum og á heilsugæslustöðvum landsins. Í samræmi við geðheilbrigðisáætlunina hefur sálfræðingum í heilsugæslunni verið fjölgað en það þarf að gera miklu betur í að auka aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu. Allir eiga rétt á geðheilbrigðisþjónustu, ekki bara hátekjufólk.

## Vinstri grænir



**Katrín Jakobsdóttir**
formaður VG

Í fyrsta lagi er það forgangsverkefni að sálfræðiþjónustan verði hluti af almenna heilbrigðiskerfinu þannig að fólk þurfi ekki að neita sér um sálfræðiþjónustu vegna kostnaðar. Í öðru lagi er það lykilatriði að efla rekstur Landspítalans og styrkja þar með bæði bráðaþjónustu geðdeildar og efla geðdeild fyrir börn og ungmenni. Við þurfum ekki aðeins að standa við fyrirætlanir um að byggja nýjan spítala heldur einnig að styrkja rekstur hans þannig að unnt sé að mæta bæði fjölgun og bæta þjónustu. Í þriðja lagi þarf að styrkja geðheilbrigðisþjónustu um land allt þannig að hún verði hluti af almennu heilsugæslunni. Enn fremur viljum við sjá aukna heilbrigðisþjónustu inni í framhaldsskólum til að styðja við ungt fólk en rannsóknir benda til þess að ungu fólki líði verr en áður.

## Viðreisn



**Benedikt Jóhannesson**
formaður Viðreisnar

Viðreisn leggur til að útgjöld til geðheilbrigðismála verði aukin um 1 ma. kr. umfram 500 m.kr. í núgildandi aðgerðaáætlun, til þess að bæta þjónustu á sjúkrahúsum, heilsugæslunni og skólakerfinu.
Brýnt er að efla bráðaþjónustu við þá sem þjást af alvarlegum andlegum veikindum. Mikilvægast fyrir einstaklinga er þó að komið verði í veg fyrir að vandamál verði illviðráðanleg. Því ber að leggja áherslu á forvarnir, sem einnig létta álag á bráðaþjónustunni.
Tryggja þarf að vandamál verði greind fyrr og gripið verði fljótt til viðeigandi aðgerða. Því er mikilvægt að efla aðgang sálfræðiþjónustu í skólakerfinu öllu, frá grunnskólum til háskóla, og samrýma markviss viðbrögð heilbrigðis-, félagsmála- og skólayfirvalda.
Færa skal sálfræðiþjónustu undir almannatryggingakerfið í áföngum, þar sem yngstu aldursflokkarnir verði settir í forgang, til þess að tryggja aðgang að viðeigandi meðferðum óháð efnahag og félagslegum aðstæðum.

# Við þökkum stuðninginn

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aðalvík ehf | Síðumúla 13 | 108 | Reykjavík |
| Aflhlutir ehf | Drangahrauni 14 | 220 | Hafnarfjörður |
| AH. Pípulagnir ehf | Suðurhrauni 12c | 210 | Garðabær |
| Alhliðamálun málningaþjónusta ehf | Mosarima 23 | 112 | Reykjavík |
| Allianz Ísland hf | Digranesvegi 1 | 200 | Kópavogur |
| Arkís arkitektar ehf | Kleppsvegi 152 | 104 | Reykjavík |
| Arnardalur sf | Þinghólsbraut 58 | 200 | Kópavogur |
| ASK Arkitektar ehf | Geirsgötu 9 | 101 | Reykjavík |
| Á.T.V.R - bt: fjármálastjóra | Stuðlahálsi 2 | 110 | Reykjavík |
| Ásbjörn Ólafsson ehf | Köllunarklettsvegi 6 | 104 | Reykjavík |
| Bifreiðastillingin ehf | Smiðjuvegi 40d | 200 | Kópavogur |
| Bifreiðaverkstæði Bjarnhéð ehf | Fjölnisgötu 2a | 603 | Akureyri |
| Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf | Smiðjuvegi 2 | 200 | Kópavogur |
| Bílabúð Benna ehf. | Pósthólf 12120 | 132 | Reykjavík |
| Bílasmiðurinn hf | Bíldshöfða 16 | 110 | Reykjavík |
| Bílastjarnan ehf | Bæjarflöt 10 | 112 | Reykjavík |
| Blaðamannafélag Íslands | Síðumúla 23, 3. hæð | 108 | Reykjavík |
| Blikkrás ehf | Óseyri 16 | 603 | Akureyri |
| Bókasafn Árborgar | Austurvegi 2 | 800 | Selfoss |
| Bókhaldsþjónusta Arnar Ing ehf | Nethyl 2 A | 110 | Reykjavík |
| Bókráð,bókhald og ráðgjöf ehf | Miðvangi 2-4 | 700 | Egilsstaðir |
| Bónus | Skútuvogi 13 | 104 | Reykjavík |
| Dalabyggð | Miðbraut 11 | 370 | Búðardalur |
| Danica sjávarafurðir ehf | Suðurgötu 10 | 101 | Reykjavík |
| DMM Lausnir ehf | Hafnargötu 91 | 230 | Reykjanesbær |
| Drífa ehf | Suðurhrauni 12c | 210 | Garðabær |
| Dvalarheimilið Ás | Hverahlíð 20 | 810 | Hveragerði |
| Dverghamrar ehf | Lækjarbergi 46 | 221 | Hafnarfjörður |
| Dýralæknirinn á Breiðdalsvík | Ásvegi 31 | 760 | Breiðdalsvík |
| Efling stéttarfélag | Sætúni 1 | 105 | Reykjavík |
| Efnamóttakan hf | Gufunesi | 112 | Reykjavík |
| Eignamiðlunin ehf | Grensásvegi 11 | 108 | Reykjavík |
| Eignarhaldsfél Brunabótafél Ísl | Hlíðasmára 8 | 201 | Kópavogur |
| Eldvarnarþjónustan ehf | Skúlagötu 21 | 101 | Reykjavík |
| Fáskrúðsfjarðarkirkja | Skólavegur 88a | 750 | Fáskrúðsfjörður |
| Ferðaþjónustan Hunkubökkum ehf | Hunkubökkum | 880 | Kirkjubæjarklaustur |
| Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga | Suðurlandsbraut 22 | 108 | Reykjavík |
| Félag íslenskra hljómlistarmanna | Rauðagerði 27 | 108 | Reykjavík |
| Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf | Hrísateigi 5 | 641 | Húsavík |
| Fjarðaþrif ehf | Strandgötu 46 | 735 | Eskifjörður |
| Fjórhjólaævintýri ehf | Fornuvör 9 | 240 | Grindavík |
| Fjölbrautaskóli Norðurlands-ve | Bóknámshúsinu | 550 | Sauðárkrókur |
| Fjöl-Smíð ehf | Stapahrauni 5 | 220 | Hafnarfjörður |
| Fljótsdalshérað | Lyngási 12 | 700 | Egilsstaðir |
| Flúðasveppir | Garðastíg 8 | 845 | Flúðir |
| Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu | Nýheimum | 780 | Höfn í Hornafirði |
| Frár ehf | Hásteinsvegi 49 | 900 | Vestmannaeyjar |
| G.Á.verktakar sf | Austurfold 7 | 112 | Reykjavík |
| Gaflarar ehf | Pósthólf 237 | 222 | Hafnarfjörður |
| Garðabær | Garðatorgi 7 | 210 | Garðabær |
| Garðyrkjustöðin Varmalandi | Reykholtsdal | 320 | Reykholt Borgarfirði |
| Gámaþjónustan hf | Súðarvogi 2 | 104 | Reykjavík |
| Geislatækni ehf,Laser-þjónustan | Suðurhrauni 12c | 210 | Garðabær |
| Geisli ehf,gleraugnaverslun | Mýrarvegi Kaupangi | 600 | Akureyri |
| Gesthús Selfossi ehf | Engjavegi 56 | 800 | Selfossi |
| Gjögur hf | Kringlunni 7 | 103 | Reykjavík |
| Glaður ehf | Traðarstíg 1 | 415 | Bolungarvík |
| Hótel Grímsborgir | Ásborgum 30 | 801 | Selfossi |
| Grund hjúkrunarheimili | Hringbraut 50 | 107 | Reykjavík |
| Grunnskólinn í Sandgerði | Skólastræti | 245 | Sandgerði |
| Guðmundur Arason ehf Smíðajárn | Skútuvogi 4 | 104 | Reykjavík |
| Gull- og silfursmiðjan ehf | Álfabakka 14b | 109 | Reykjavík |
| Gæðabakstur ehf | Lynghálsi 7 | 110 | Reykjavík |
| H.Pálsson ehf | Gylfaflöt 30 | 112 | Reykjavík |
| Hafnarfjarðarhöfn | Óseyrarbraut 4 | 220 | |
| Hagkaup | Skeifunni 15 | 108 | Reykjavík |
| Hamraborg ehf | Hafnarstræti 7 | 400 | Ísafjörður |
| Harald og Sigurður ehf | Stangarhyl 6 | 110 | Reykjavík |
| HBTB ehf | Bíldshöfða 18 | 110 | Reykjavík |
| Hilmar Bjarnason ehf,rafverktak | Smiðjuvegi 11 | 200 | Kópavogur |
| Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf | Einhleypingi 1 | 700 | Egilsstaðir |
| Hjallasandur ehf | Dyngjubúð 4 | 360 | Hellissandur |
| Hnýfill ehf | Brekkugötu 36, íbúð 501 | 600 | Akureyri |
| Hópbílar hf | Melabraut 18 | 220 | Hafnarfjörður |
| Hópsnes ehf | Verbraut 3 | 240 | Grindavík |
| Hraungerði ehf | Hraunstíg 1 | 685 | Bakkafjörður |
| Hreint ehf. | Auðbrekku 8 | 200 | Kópavogi |
| Húnavatnshreppur | Húnavöllum | 541 | Blönduós |
| Hvalur hf | Pósthólf 233 | 222 | Hafnarfjörður |
| Hveragerðiskirkja | Pósthólf 81 | 810 | Hveragerði |
| Höfðabrekka ehf | Höfðabrekku | 871 | Vík |
| Höfðakaffi ehf | Vagnhöfða 11 | 110 | Reykjavík |
| Höfðavélar ehf | Höfða 1 | 640 | Húsavík |
| Íslandsfundir ehf | Strandvegur 21 | 210 | Garðabær |
| Íslensk endurskoðun ehf | Bogahlíð 4 | 105 | Reykjavík |
| Íslenskir aðalverktakar hf | Höfðabakka 9 | 110 | Reykjavík |
| Jónatansson & Co, lögfræðistofa ehf. | Suðurlandsbraut 6 | 108 | Reykjavík |
| JSÓ ehf | Smiðjuvegi 4b | 200 | Kópavogur |
| K.F.O. ehf. | Sundagörðum 2 | 104 | Reykjavík |
| K.Pétursson ehf | Kristnibraut 29 | 113 | Reykjavík |
| Kirkjubæjarstofa | Klausturvegi 2 | 880 | Kirkjubæjarklaustur |
| Kjöthöllin ehf | Skipholti 70 | 105 | Reykjavík |
| Klausturkaffi ehf | Skriðuklaustri | 701 | Egilsstaðir |
| Kornið ehf. | Hjallabrekku 2 | 200 | |
| Krossborg ehf | Stekkjarhvammi 12 | 220 | Hafnarfjörður |
| Kvenfélagið Hekla / Dagný Úlfarsd | Ytra - Hóli | 545 | Skagaströnd |
| KOM almannatengsl | Höfðatorgi - Höfðatúni 2 | 105 | Reykjavík |
| Landssamband lögreglumanna | Grettisgötu 89 | 105 | Reykjavík |
| Landssamtök lífeyrissjóða | Guðrúnartúni 1 | 105 | |
| Léttfeti ehf | Engihjalla 1 | 200 | Kópavogur |
| Ljósmyndaver Hörpu Hrundar ehf | Fákafeni 11 | 108 | Reykjavík |
| Loftorka Reykjavík ehf | Miðhrauni 10 | 210 | Garðabær |
| Lyf og heilsa hf | Síðumúla 20 | 108 | Reykjavík |
| Lögmannafélag Íslands | Álftamýri 9 | 108 | Reykjavík |
| Lögmenn Höfðabakka ehf | Höfðabakka 9 | 110 | Reykjavík |
| Markus Lifenet ehf | Hvaleyrarbraut 3 | 220 | Hafnarfjörður |
| Menntaskólinn að Laugarvatni | | 840 | Laugarvatn |
| Menntaskólinn við Hamrahlíð | Hamrahlíð 10 | 105 | Reykjavík |
| Mosfellsbakarí hf | Háholti 13-15 | 270 | Mosfellsbær |
| Nesskip hf | Austurströnd 1, 2. hæð | 170 | Seltjarnarnes |
| Nethamar ehf | Flötum 31 | 900 | Vestmannaeyjar |
| Nínukot ehf | Síðumúli 13 | 108 | Reykjavík |
| Nonni litli ehf | Þverholt 8 | 270 | Mosfellsbær |
| Nýi ökuskólinn ehf | Klettagörðum 11 | 104 | Reykjavík |
| Orka ehf | Stórhöfða 37 | 110 | Reykjavík |
| Orkuvirki ehf | Tunguhálsi 3 | 110 | Reykjavík |
| Ópal Sjávarfang ehf | Grandatröð 4 | 220 | Hafnarfirði |
| Ós ehf | Illugagata 44 | 900 | Vestmannaeyjar |
| Ósal ehf | Tangarhöfða 4 | 110 | Reykjavík |
| Óskirnar Þrjár ehf | Lágmúla 5 | 108 | Reykjavík |
| Domino´s pizza | Lóuhólum 2-6 | 111 | Reykjavík |
| Pípulagnaþj. Bjarna Fannberg Jónasson ehf | Melateigi 31 | 600 | Akureyri |
| Pottagaldrar | Laufbrekku 18 | 200 | Kópavogur |
| Rafgeisli Tómas R. Zoëga ehf | Hafnarbraut 10 | 740 | Neskaupstaður |
| Rafgeymasalan ehf | Dalshrauni 17 | 220 | Hafnarfjörður |
| Rafmiðlun hf | Ögurhvarfi 8 | 203 | Kópavogur |
| Rafsvið sf | Viðarhöfða 6 | 110 | Reykjavík |
| Raftákn ehf | Glerárgata 34 | 600 | Akureyri |
| Rangá sf | Skipasundi 56 | 104 | Reykjavík |
| Rarik ohf | Dvergshöfða 2 | 110 | Reykjavík |
| Ráðhús ehf | Miðstræti 1 | 415 | Bolungarvík |
| Renniverkstæði Jóns Þorgr ehf | Súðarvogi 18 | 104 | Reykjavík |
| Reykjalundur | Reykjalundi | 270 | Mosfellsbær |
| Reykjavíkurborg | Borgartúni 12 -14 | 105 | Reykjavík |
| Réttingaverkstæði Jóa ehf | Dalvegi 16a | 201 | Kópavogur |
| Rolf Johansen & Co ehf | Skútuvogi 10a | 104 | Reykjavík |
| Samhentir - umbúðalausnir ehf | Suðurhrauni 4 | 210 | Garðabær |
| Samherji Ísland ehf. | Glerárgötu 30 | 600 | Akureyri |
| Samhjálp | Hlíðarsmári 14 | 201 | Kópavogur |
| Samiðn, | Borgartúni 30 | 105 | Reykjavík |
| Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja,SSF | Nethylur 2 e | 110 | Reykjavík |
| Seyðisfjarðarkaupstaður | Hafnargata 44 | 710 | Seyðisfjörður |
| SFR Stéttarfélag í almannaþjónustu | Grettisgötu 89 | 105 | Reykjavík |
| Sigurbjörn ehf | Öldutúni 4 | 611 | Grímsey |
| SÍBS | Síðumúla 6 | 108 | Reykjavík |
| Síldarvinnslan hf | Hafnarbraut 6 | 740 | Neskaupstaður |
| Sínus ehf | Grandagarði 1a | 101 | Reykjavík |
| Sjúkrahúsið á Akureyri | Eyrarlandsvegi | 600 | Akureyri |
| Skálatúnsheimilið | Skálatúni | 270 | Mosfellsbær |
| Skólar ehf | Klettatröð 2314 | 235 | Reykjanesbær |
| Skrifstofuþjón Austurlands ehf | Fagradalsbraut 11 | 700 | Egilsstaðir |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs | Skógarhlíð 14 | 105 | Reykjavík |
| Smith og Norland hf | Nóatúni 4 | 105 | Reykjavík |
| Spölur ehf | Kirkjubraut 28 | 300 | Akranes |
| Stólpi-gámar ehf | Klettagörðum 5 | 104 | Reykjavík |
| Straumnes ehf | Krókatúni 22-24 | 300 | Akranes |
| Suzuki-bílar hf | Skeifunni 17 | 108 | Reykjavík |
| Svalvogar ehf | Aðalstræti 51 | 470 | Þingeyri |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | Hafnarbraut 27 | 780 | Höfn í Hornafirði |
| Sveitarfélagið Skagaströnd | Túnbraut 1-3 | 545 | Skagaströnd |
| Sveitarfélagið Ölfus | Hafnarbergi 1 | 815 | Þorlákshöfn |
| Tannálfur sf | Þingholtsstræti 11 | 101 | Reykjavík |
| Tannlæknafélag Íslands | Síðumúla 35, 3. hæð | 108 | Reykjavík |
| Tannlæknar Mjódd ehf | Þönglabakka 1 | 109 | Reykjavík |
| Tannlæknastofa Björns Þ Þór ehf | Ármúla 26 | 108 | Reykjavík |
| Tannlæknaþjónustan.is | Austurvegi 10 | 800 | Selfoss |
| Tannréttingar sf | Snorrabraut 29 | 105 | Reykjavík |
| Tannvernd ehf | Vinlandsleið 16 | 113 | Reykjavík |
| Teiknistofan Arkitektar ehf | Brautarholti 6 | 105 | Reykjavík |
| THG arkitektar ehf | Faxafeni 9 | 108 | Reykjavík |
| Thorp ehf | Borgarbraut 27 | 510 | Hólmavík |
| TÍ slf | Tjarnargötu 2 | 230 | Reykjanesbær |
| Tónmenntaskóli Reykjavíkur | Pósthólf 5171 | 125 | Reykjavík |
| Tónsport ehf | Strandgötu 3 | 600 | Akureyri |
| Trésmiðja Helga Gunnarssonar ehf | Mánabraut 2 | 545 | Skagaströnd |
| Umbúðamiðlun ehf | Pósthólf 470 | 222 | Hafnarfjörður |
| Umslag ehf | Lágmúla 5 (bakhús) | 108 | Reykjavík |
| Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf | Vesturhlíð 2 | 105 | Reykjavík |
| Úthafsskip ehf | Fjarðargötu 13-15 | 220 | Hafnarfjörður |
| VA arkitektar ehf | Borgartúni 6 | 105 | Reykjavík |
| VAL-ÁS ehf | Suðurhrauni 2 | 210 | Garðabær |
| Vatn ehf | Skólagerði 40 | 200 | Kópavogur |
| Vatnsverk-Guðjón og Árni ehf | Egilsgötu 17 | 310 | Borgarnes |
| Verkalýðs/sjómannafél Bolungarv | Hafnargötu 37 | 415 | Bolungarvík |
| Verkalýðsfélagið Hlíf | Reykjavíkurvegi 64 | 220 | Hafnarfjörður |
| Verkfræðistofan VIK ehf | Laugavegi 164 | 105 | Reykjavík |
| Vernd,fangahjálp | Laugateigi 19 | 105 | Reykjavík |
| Verslunarmannafélag Suðurnesja | Vatnsnesvegi 14 | 230 | Reykjanesbær |
| Verzlunarskóli Íslands | Ofanleiti 1 | 103 | Reykjavík |
| Vetrarsól ehf | Askalind 4 | 202 | Kópavogur |
| Vélaleiga Halldórs G Bald ehf | Freyjunesi 6 | 603 | Akureyri |
| Vélaverkstæði Sigurðar Bjarnasonar ehf | Hátúni | 611 | Grímsey |
| Vélsmiðjan Harka hf | Hamarshöfði 7 | 112 | Reykjavík |
| Vísir félag skiptstjórnarmanna á Suðurnes | Hafnargata 90 | 230 | Reykjanesbær |
| Þór félag stjórnenda | Pósthólf 290 | 222 | Hafnarfjörður |
| Þörungaverksmiðjan hf. | Reykhólum | 380 | Reykhólahreppur |
| Æco bílar ehf | Njarðarbraut 19 | 260 | Reykjanesbær |
| Ævintýradalurinn ehf | Heydal | 401 | Ísafjörður |
| Ævintýraferðir ehf | Vegamótum | 560 | Varmahlíð |
| Örninn Hjól ehf | Faxafen 8 | 108 | Reykjavík |


iRobot
RYKSUGUVÉLMENNI
Með HOME Appi fyrir snjallsíma
HREIN SNILLD!
Roomba 695
VERÐ ÁÐUR...74.995
TILBOÐ ..........59.995
SCHOU SALATVINDA
33%
VERÐ ÁÐUR.....2.995
TILBOÐ ...........1.995
33%
EVA TRIO SÓSU POTTUR
VERÐ ÁÐUR... 14.995
TILBOÐ ........... 9.995
KRINGLUKAST
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN Á WWW.BYGGTOGBUID.IS
25%
MEDISANA VEKJARI MEÐ LJÓSI
VERÐ ÁÐUR.....8.995
TILBOÐ ............6.745
GRUNWERG PIPARKVÖRN RAFKNÚIN
25%
VERÐ ÁÐUR... 1.995
TILBOÐ .......... 1.495
PRINCESS 2L FOUNDUPOTTUR
50%
VERÐ ÁÐUR.....9.995
TILBOÐ ............4.995
SodaStream
Cool sperpack
Flottur kaupauki
23%
VERÐ ÁÐUR...12.995
TILBOÐ ............9.995
REVLON BLÁSTURSBURSTI
25%
Með jónatækni
VERÐ ÁÐUR.....7.995
TILBOÐ ............5.995
OHB NORDICA HEILSUGRILL QUICK GRILL
35%
VERÐ ÁÐUR...19.995
TILBOÐ ..........12.995
NESCAFÉ Dolce Gusto
Dolce Gusto kaffivélar
Kaupauki
Vönduð ferðakanna fylgir!
Dolce Gusto MiniMe
VERÐ ÁÐUR...12.995
TILBOÐ ..........10.995
Dolce Gusto Genio
VERÐ ÁÐUR...20.995
TILBOÐ ..........15.995
30%
OHB NORDICA ATTRAXION PRECIIION STYLE SET
VERÐ ÁÐUR.....9.995
TILBOÐ ............6.995
SEVERIN VÖFFLUJÁRN
33%
VERÐ ÁÐUR.....5.995
TILBOÐ ............3.995
KitchenAid
62%
FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR
SEGULKNÚINN HÁGÆÐA BLANDARI
VERÐ ÁÐUR...79.995
TILBOÐ ..........29.995
LE CREUSET
20% afsláttur af öllum Le Creuset vörum
25%
MEDISANA NUDDPÚÐI
VERÐ ÁÐUR.....6.995
TILBOÐ ............5.245
ROASTER POTTUR MIÐSTÆRÐ 509
33%
VERÐ ÁÐUR... 5.995
TILBOÐ .......... 3.995
Jamie Oliver GET INSPIRED
Tefal
25-50% afsláttur af öllum
Jamie Oliver pottum og pönnum frá Tefal



„Síðasta bók um Auði er tileinkuð flóttafólki á öllum tímum. Enda var hún flóttakona sjálf,“ segir Vilborg frá og segir Auði djúpúðgu einstaka fyrirmynd íslenskra kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lífið er leiftur

Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur hefur gefið út nýja bók, Blóðug jörð, og lýkur þar með þríleiknum um Auði djúpúðgu. Bókin er tileinkuð flóttafólki. Vilborg hefur stutt við fólk í sorg eftir að hafa tekist á við missi og er sterkari eftir að hún skildi að lífið er leiftur.



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Vilborg býr í miðborginni en þó á friðsælum stað í bakhúsi. Kettir stukku til og frá upp á hlið og steina og vísuðu veginn að rauðmálaðri hurðinni. Skildu blaðamann eftir þar. Annars er ekki víst að hann hefði ratað.

Í húsinu er mikið um að vera, það er síðla dags. Dóttir hennar og vinkona eru á leiðinni út og heilsa blaðamanni. Það er rætt um nesti og skutl og ýmislegt umstang. Kærasti Vilborgar, Þorgrímur Pétursson, stendur í eldhúsinu og lagar te.

Vilborg missti eiginmann sinn, Björgvin Ingimarsson, sálfræðing og kennara, úr krabbameini árið 2013. Hún hefur miðlað reynslu sinni ríkulega, skrifaði um hana bók, stofnaði með fleirum samtökin Ljónshjarta fyrir fólk sem hefur misst maka í blóma lífsins og ferðast um land allt og leiðbeint fólki í sorg.

„Skrítið hvernig lífið fer,“ segir Vilborg eftir að 13 ára dóttir hennar og vinkona hafa kvatt. „Ég er viss um að einhver stýrir þessu öllu saman.“ Hún segir frá því að vinkona dóttur hennar hafi nýverið misst móður sína. Hún sé af lettneskum uppruna og eigi ekki aðra að hér á landi en sextán ára systur og tvo eldri bræður sem munu brátt fá forræði yfir henni. „Hún hefur verið heimagangur hér síðustu tvö árin, bjó áður á Vitastíg en er flutt til bróður síns í Breiðholti og við hjálpumst öll að. Hún mun halda áfram að ganga í sama skóla, Austurbæjarskóla. Ég veit nefnilega að þegar öll jörðin titrar og skelfur, þá er gott að hafa lífið í eins föstum skorðum og kostur er,“ segir Vilborg. „Mér finnst hreinlega engin tilviljun að einmitt þær tvær séu vinkonur og að þessi stúlka sé hér og ég með öll símanúmerin sem þarf að hringja í, geti leiðbeint þessum ungu systkinum sem þekkja ekki hvað þarf að gera. Og eiga ekki að þurfa að þekkja það. Það er enn erfiðara að vera í þessum aðstæðum og frá öðru landi,“ segir Vilborg.

„Ég hef haldið fyrirlestra um allar trissur. Oft hafa prestar fengið mig til að koma og halda erindi í kirkjum. Jafningjahjálp er svo dýrmæt.“

*Hvað segir þú við fólk?* „Ég segi því mína sögu. Ég segi því hvað gerðist í mínu lífi. Hvernig ég og Björgvin heitinn litum á gönguna með drekanum í kolli hans. Við ákváðum að líta á þetta sem áhugavert ævintýri. Í stað þess að segja „þetta er hræðilegt!“ Við förum aldrei út í þetta átakatal, að berjast eða horfa á sjúkdóm sem stríð. Það tekur alla orku frá manni. Ég segi fólki frá okkar ævintýri og hvað var þó gott í okkar aðstæðum. Og hvernig ég hef upplifað það að sitja með manni mínum hans síðustu daga og ganga í hlutverk ekkju. Hvað ég hef lært af þessu. Hvað sorgin dýpkar mann sem manneskju. Í einu vetfangi eignastu skilning á því sem gríðarlegur fjöldi annarra hefur gengið í gegnum.

Þetta er dálítið eins og þegar þú átt von á barni og reynir að ímynda þér hvernig það er að vera móðir en gerir það ekki í raun fyrr en þú heldur á barninu. Þá skilur þú það með hjarta, lifur og lungum. Þú öðlast dýpri skilning á því hvað það er að vera manneskja. Þú skilur að lífið er leiftur, að við megum ekki sóa einu einasta andartaki. Ég sjálf fór að lifa af meiri krafti og dýpt en áður. Það er svo yndislegt að vera til.“

> VIÐ HEYRUM ALDREI SÖGUR AF ÖLLU FÓLKINU SEM FÓRST Í HAFI.

Ný bók Vilborgar, Blóðug jörð, kemur úr prentun eftir helgi. „Mig langar að vekja fólk til umhugsunar um hvað fólkið sem byggði Ísland lagði mikið undir í von um betra líf. Það er ráð að hugsa til sögu okkar nú þegar fólk á flótta undan hörmungum leitar hér skjóls. Þessi síðasta bók um Auði djúpúðgu er því tileinkuð flóttafólki á öllum tímum. Enda var hún flóttakona sjálf,“ segir Vilborg.

„Þessi kona á engan sinn líka í landnámssögu Íslands. Þó er hún ekki sú eina, fleiri konur komu til Íslands og námu hér land en saga hennar er einstök á svo margan hátt. Ekki síst fyrir það að hún er kristin og gefur þrælum sínum frelsi og jarðnæði þegar hún kemur til Íslands. Það er einstakt,“ segir Vilborg.

„Svo er það ættgöfgi hennar. Hún er drottning. Maðurinn hennar var konungur í Dyflinni á Írlandi. Þau áttu einn son saman sem sjálfur eignaðist sex dætur og einn son með sinni konu. Það hlýtur að hafa verið erfitt á þessum tíma þegar það eina sem skipti máli var að eignast syni. Að eignast dætur var dýrt því það þurfti að greiða með þeim heimanfylgju, þetta hafa verið sexföld vonbrigði liggur við. En þær fá allar að lifa og það á tímum þegar útburður barna er hluti af veruleikanum, sérstaklega stúlkna.“ Og hún segir frá hættuförinni til Íslands.

„Auður siglir frá Skotlandi með sjö ung sonarbörn eftir að sonur hennar fellur þar í bardaga, svikinn af Skotum. Hún þarf því að flýja land í leynum á ófriðartímum. Fara í ferð sem fólk fer ekki í nema líf liggi við. Það var yfir úthaf að fara á opnum tréskipum, án siglingartækja af nokkru tagi. Mögulega hafði fólk eins konar áttavita, sólarstein eða kristal sem var hægt að nota þegar skýjað var til að sjá stöðu sólar. Og eini siglingatíminn er frá vori fram á síðsumar,“ segir Vilborg og tekur dæmi af siglingu Eiríks rauða sem fer öld síðar frá Borgarfirði til Grænlands. „Í einu best heppnaða markaðsátaki allra tíma þá fær hann eigendur 25 skipa til að leggja af stað með sér í landnámsför til Grænlands. Fjórtán af þessum skipum komust alla leið. Ellefu annaðhvort fórust eða rak til baka aftur og auðvitað mun styttri leið frá Borgarfirði til Grænlands en yfir úthafið frá Bretlandi. Við heyrum aldrei sögur af öllu fólkinu sem fórst í hafi.“

Vilborg hefur ferðast um söguslóðirnar í Bretlandi og Færeyjum, sökkt sér ofan í annála og skrif sagn-, þjóð- og fornleifafræðinga. „Það er stundum svolítið mikið haft fyrir litlum hlutum: ég kynnti mér til dæmis vandlega vinnuna á bak við gerð segls fyrir víkingaskip þótt afraksturinn sé ekki nema ein eða tvær setningar. Mér finnst mikilvægt að reyna að komast sem næst því hvernig lífið var. Ég reyni samt að stilla mig um að fræða fólk; söguframvindan og sannfærandi persónur skipta vitanlega miklu meira máli en hitt.

Heimildir um Auði eru ekki miklar. Það sem er skrifað um hana í Íslendingasögum kemst fyrir á tíu blaðsíðum,“ segir Vilborg og nefnir að Landnáma og Laxdæla geymi hvað ítarlegustu heimildirnar. „Oft eru þetta bara fáeinar línur þar sem er verið að leggja áherslu á það að hún er formóðirin. Um leið og það er búið að nefna Auði djúpúðgu þá er búið að staðfesta það að þetta er aðalsætt. Gott kyn. En oft glittir í smáatriði. Sonur hennar heitir Þorsteinn rauður. Það fær enginn það viðurnefni nema að vera rauðhærður sem hlýtur að skila sér til dætranna líka. Pabbi hans heitir Ólafur hvíti. Það er náttúrulega bjarthærður maður. Þannig að útlitseinkennin fæ ég líka. Þá er lagt svolítið í það í Laxdælu að lýsa hennar hinstu dögum. Það er drottningarlýsing: kona sem boðar til sín alla ættina. Hún á systur í Eyjafirði, Þórunni hyrnu sem var gift Helga magra. Svo eru það bræður hennar, Helgi bjólan á Kjalarnesi og Björn austræni í Bjarnarhöfn. Hún kallar alla til sín, frændfólk og vini til þess að vera við brúðkaup sonarsonarins sem hét Ólafur feilan. Hún gefur þeim heilræði og segir svo þegar veislan er hafin að hún eigi að standa í þrjá daga enn og vera erfisdrykkja sín. Þarna tilkynnir hún fólkinu sínu að hún sé að deyja. Svo gengur hún til skemmu sinnar, hraðstíg, ber sig vel og menn höfðu á orði hversu virðuleg konan væri. Svo er sagt frá því að þegar Ólafur feilan kemur að henni morguninn eftir þá situr hún uppi við hægindin dáin,“ segir Vilborg og segir lýsinguna benda til þess að þarna hafi farið stolt kona.

„Auður var einstök fyrirmynd. Á þessum tíma voru konur eign föður þar til þær voru gefnar eiginmanni og tilheyrðu honum eftir það. Sá karlmaður sem næst stóð konu hafði forræði yfir henni, líkt og í Sádi-Arabíu í dag. Í þessu karla- og feðraveldi er saga Auðar þeim mun magnaðri,“ bendir hún á.

*En lastu um kumlið sem fannst í Svíþjóð? Höfðingjakuml og svo þegar það var gerð DNA greining kom í ljós að um var að ræða konu.* „Já, þetta finnst mér verulega spennandi. Fornleifafræðin hefur alltaf kyngreint bein í kumlum eftir því hvort þar hafa fundist brjóstnælur eða vopn. Svo er verið að rannsaka þetta núna, hvert kumlið á eftir öðru og þá er að koma í ljós að konur eru stundum grafnar með sverð. Þetta verður nýtt í næstu bók, alveg örugglega,“ segir Vilborg og hlær við. „Saga kvenna frá þessum tíma geymir margt sem enn á eftir að koma í ljós. Og arfur Auðar felst í því hvað hún er og hefur verið mikilvæg fyrirmynd sem sterk kona. Þess vegna hafa sögurnar lifað og verið sagðar og lesnar öld eftir öld, ekki bara um Auði heldur afkomendur þessara systkina eins og langömmubarn Auðar, Hallgerði langbrók og Guðrúnu Ósvífursdóttur, afkomanda bróður hennar. Þessar mögnuðu konur sem tóku örlögin í sínar eigin hendur tala til okkar ennþá. Þær voru ekki bara ráðstöfunargripir karla og höfðu eitthvað um líf sitt að segja. Þær hljóta að hafa áhrif á okkur.“







**LENOVO**
520S 23" sambyggð tölva i5

Verð: 164.900 kr.
Tilboðsverð: **148.410 kr.**




**SONY**
65" XE85 4KHDR LED

Verð: 349.990 kr.
Tilboðsverð: **262.492 kr.**




**LENOVO**
IT Tab 2 A10-30 10.1" 16GB

Verð: 29.990 kr.
Tilboðsverð: **19.990 kr.**




**PLANTRONICS**
BackBeat PRO 2 NC með tösku

Verð: 39.899 kr.
Tilboðsverð: **33.914 kr.**




**BOSE**
SoundTouch 300 Soundbar

Verð: 99.900 kr.
Tilboðsverð: **84.915 kr.**




**BOSE**
SoundTouch 20 III

Verð: 49.900 kr.
Tilboðsverð: **42.415 kr.**

NÝHERJI ER LEIÐANDI FYRIRTÆKI Á SVIÐI UPPLÝSINGATÆKNI

Við höfum góða reynslu af framtíðinni

NÝHERJI / BORGARTÚNI 37 / KAUPANGI AKUREYRI / MÁN.-FÖS. KL. 9-18 & LAU. KL. 11-15 / **NETVERSLUN.IS**


Mannlíf í Senegal.


Halldór heilsar heimamanni í Tógó.

# Ferðalög eru hugleiðsla

**Halldór Friðrik Þorsteinsson** ferðaðist einn í Afríku í hálft ár og skrifaði um það ferðasögu. Hann lenti í ýmsum skemmtilegum og forvitnilegum uppákomum. Hann segir mannbætandi að ferðast einn.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Á liðinn sunnudag í september 2013 tínast farþegar í brottfararsalinn á Charles de Gaulle-flugvellinum í París. Þeir eru á leið í flug 451 til Dakar, höfuðborgar Senegal, og draga dám af áfangastað sínum. Klæðnaður í öllum regnbogans litum, karlar með fez-hatt á höfði og konur með slæður. Framandi skeggsnið. Stúlka á heimleið sest við hlið mér og tekur upp úr skjóðu sinni nýútkomna ævisögu Steve Jobs. Maðurinn gegnt okkur les Kóraninn. Áætlaður flugtími sex klukkustundir."

Með þessum orðum hefst ferðasaga Halldórs Friðriks Þorsteinssonar, Rétt undir sólinni. Frásögn af sex mánaða ferðalagi hans um Afríku. Halldór starfaði á verðbréfamarkaði um árabil áður en hann hóf að ferðast um heiminn. Hann fann fyrir kulnunareinkennum í starfi. „Ég varð að skipta um gír og breyta um rútínu. Ég var farinn að finna fyrir kulnunareinkennum," segir Halldór sem fór fyrst í langar ferðir um Asíu og Eyjaálfu. „Ég ferðast einn, það er svo merkilegt hvað það styrkir mann og stælir. Ég ferðaðist með það markmið að læra eitthvað nýtt og komst að því hvað ströng ferðalög eru góð menntun. Þau breyta manni. Breyta hugsun, þankagangi og lífsstíl," segir Halldór.

Þetta er í fyrsta sinn sem hann skrifar ferðasögu sína. Hann ferðaðist til Afríku með dagbók og punktaði hjá sér á ferðalaginu. „Ég ætlaði mér alltaf að skrifa ferðasögu um þessa ferð. Fyrir mér þarf ferðasagan að vera þannig að þú ferðast með höfundinum. Það eru engar ljósmyndir í bókinni og það er með ráðum gert. Ljósmyndirnar trufla ímyndunaraflið. Bókin snýst heldur ekki um mig, þetta er leiðangur sem ég fer í með lesandanum," segir Halldór.

**Ólík veröld**

Halldór hóf ferðalagið vestast í álfunni.

„Þetta eru ólíkar heimsálfur sem ég hef ferðast til. Allar hafa þær sinn sjarma. En Afríka var áhrifamest. Það eru andstæðurnar í henni og fjölbreytileikinn. Þessi ólíka veröld sem Afríka er frá því sem við þekkjum í Evrópu. Afríka kennir manni svo margt. Ég byrjaði í Vestur-Afríku og var þar í þrjá mánuði. Vestur-Afríka er krefjandi og það er erfitt að ferðast þar af ýmsum ástæðum. Helst vegna innviðanna sem eru veikari heldur en í Austur-Afríku, til dæmis. Þú sérð ekki marga ferðamenn í Vestur-Afríku, nema þá sem tengjast góðgerðarmálum. Ég var tilbúinn í svo krefjandi ferð eftir reisur mínar um heiminn, en fyrir byrjendur þá mæli ég ekki með því að byrja í Vestur-Afríku," segir Halldór. „En þessi hluti ferðarinnar var mjög sterk og eftirminnileg upplifun. Mér finnst eftirsóknarvert að vera þar sem er lítill túrismi. Ég átti mjög góða daga í Gabon, landi sem fáir Íslendingar þekkja en kemur á óvart."

**Vísað úr landi**

Halldór lenti í ýmsum skrítnum, spaugilegum og forvitnilegum aðstæðum. „Það voru alls konar uppákomur auðvitað. Ég tók eitt sinn leigubíl að kvöldlagi og leigubílstjórinn rúntaði með mig og ferðafélaga minn í bílnum í góðan klukkutíma að hótelinu. Þegar ég vakna um morguninn átta ég mig á því að staðurinn sem ég tók leigubílinn frá var nánast við hliðina á hótelinu," segir hann og hlær.

„Svo var mér vísað úr landi í Kamerún, ég var í þeirri trú að ég fengi vegabréfsáritun en ég fékk hana ekki. Það var auðmýkjandi. Að vera vísað úr landi. Þeim leiddist ekkert að leiða mig, hvíta karlmanninn, út í flugvélina, það gleymist seint glottið á þeim," segir Halldór.

Hann ferðaðist síðan austar og fór svo suður og lauk ferðalaginu í Suður-Afríku. „Eþíópía er eitt af þessum löndum sem stendur upp úr sökum fjölbreytileika. Ég var með ákveðnar ranghugmyndir um landið sem byggðust á gömlum fréttum um hungursneyð og fátækt. Maður hélt að þetta væri guðsvolað land en þarna er mikil menning, saga og yndislegt mannlíf," segir Halldór.


Börn í Gana.


Halldór fær sér að drekka í Tógó.

> SVO VAR MÉR VÍSAÐ ÚR LANDI Í KAMERÚN, ÉG VAR Í ÞEIRRI TRÚ AÐ ÉG FENGI VEGABRÉFS-ÁRITUN EN ÉG FÉKK HANA EKKI.

**Að kynnast sjálfum sér**

Hann er nýkominn heim og segir að þótt hann dvelji langdvölum frá fjölskyldu sinni njóti hún ferðareynslunnar með óbeinum hætti. „Ég á þrjú börn á aldrinum 15 ára til 25 ára og hvet þau til ferðalaga og víðsýni. Ég átta mig betur á því sem skiptir máli í lífinu og vonandi nýtur fjölskyldan þess. Ég hvet þau að minnsta kosti til sama lífs og ég sé að þetta er vaxandi hjá ungu fólki. Að ferðast til að mennta sig og víkka sjóndeildarhringinn," segir Halldór. „Auðvitað eru ekki allir sem vilja fara út fyrir þægindarammann og ferðast einir. En ég mæli nú samt með því. Maður kynnist fleirum á leiðinni. Gömlum körlum eins og mér sjálfum," segir hann og hlær. „En best er þegar maður nær að dvelja með heimafólki. Ég get allavega sagt að ég hafi gengið í endurnýjun lífdaga. Það var mjög góð breyting að brjóta upp þetta mynstur sem ég var fastur í. Ferðalög eru hugleiðsla, ég er einn með sjálfum mér. Í rauninni eru ferðalög mjög góð leið til að kynnast sjálfum sér. Tilgangurinn með þessari ferðasögu er fyrst og fremst að kynna töfra Afríku og sýna fólki að það að ferðast einn getur verið mjög gefandi."

ego dekor

# TILBOÐ Á ÖLLUM SÓFUM 10-25% AFSLÁTTUR



ARES 4RA SÆTA SÓFI
Breidd: 278cm
~~Verð: 188.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 159.800,-

MADISON TUNGUSÓFI
Stærð: 281X172cm
~~Verð: 209.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 177.650,-



# NÝJAR VÖRUR



SÓFABORÐ 2 stk í setti
Stærð: 55X55cm
Verð: 39.900,-



HLIÐARBORÐ 3 stk í setti
Stærð: 45X45cm
Verð: 35.000,-



LUKT BAMBOO
Stærð: 34X34cm
Verð: 9.900,-




HOME SKRAUT
Breidd: 33cm
Verð: 3.500,- per stk



VEGGSKRAUT TREE
Stærð: 87X91cm
Verð: 15.900,-



SÓFABORÐ METAL
Stærð: 63X63cm
Verð: 12.500,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau: 10.00 - 16.00 Sun: 10.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

**Saga til næsta bæjar**



**Stefán Pálsson** skrifar um golf og stjórnmál.




# Kylfingar Foringjans

Þann þriðja október árið 1900 varð Margaret Abbott fyrsta bandaríska konan til að vinna gullverðlaun á Ólympíuleikum. Þetta voru aðrir Ólympíuleikar nútímans og öfugt við þá fyrstu, fjórum árum fyrr í Aþenu, fengu konur að taka þátt. Keppnisgreinarnar voru þó fáar og áttu það sameiginlegt að vera taldar kvenlegar. Fyrr á leikunum höfðu konur því keppt í siglingum, hestamennsku, tennis og krikket.

Margaret Abbott hlaut sín verðlaun fyrir sigur í golfi. Leikinn var níu holu hringur, sem hún fór á 72 höggum. Sá árangur þætti ekki upp á marga fiska í dag. En Margaret var líka tæpast afreksíþróttamaður. Hún var stödd í Frakklandi til að nema listfræði við akademíuna í París og skráði sig til leiks í golfkeppninni ásamt móður sinni í hálfgerðu bríaríi.

Raunar vissi Margaret Abbott aldrei af þessum Ólympíumeistaratitli sínum. Verðlaun fyrir einstakar greinar á leikunum höfðu ekki enn verið samræmd og hlaut hún snotra postulínsskál fyrir sigurinn. Það var ekki fyrr en eftir dauða hennar meira en hálfri öld síðar að sagnfræðingar Ólympíunefndarinnar komust að þeirri niðurstöðu að golfkeppnin hefði í raun verið hluti af formlegri dagskrá leikanna, en ekki bara eitt af ótalmörgum smáíþróttamótum sem haldin voru í París sumarið 1900 í tengslum við heimssýninguna í borginni.

Ef miðað er við opinberar skilgreiningar Ólympíunefndarinnar í dag, var golf fullgild keppnisgrein á Parísarleikunum 1900 og aftur í St. Louis fjórum árum síðar. Eftir það hvarf greinin af dagskrá allt til ársins 2016 í Ríó, þar sem keppt var í golfi á nýjan leik.

Miðað við vinsældir golfíþróttarinnar kunna einhverjir að undrast þessa löngu bið. Hvers vegna hefur svo útbreidd og vinsæl keppnisgrein verið undanskilin á þessari mestu íþróttahátíð mannkyns?

**Þjóðleg tómstundariðja?**

Skýringin á þessu er margþætt. Í fyrsta lagi var golf lengi vel að mestu bundið við hinn engilsaxneska menningarheim. Golfvellir voru algengir á Bretlandseyjum og í Norður-Ameríku, en sjaldséðari víðast annars staðar.

Kylfingar urðu líka snemma atvinnuíþróttamenn sem lengi vafðist fyrir Ólympíuhreyfingunni. Vissulega kom til greina að bjóða upp á keppni áhugakylfinga, en hætt var við að hún stæðist engan samanburð við keppni þeirra bestu og vekti lítinn áhuga áhorfenda.

Þrátt fyrir þessi vandamál, var margoft hreyft við hugmyndinni um að keppa í golfi á Ólympíuleikum á þeim 112 árum sem liðu á milli leikanna í St. Louis og Ríó. Í eitt skiptið mátti minnstu muna að kylfingar yrðu meðal fullgildra Ólympíukeppenda. Það var í Berlín árið 1936.

Í raun er stórmerkilegt að skipuleggjendur Berlínarleikanna hafi svo mikið sem íhugað að bæta golfi á keppnisskrána, því sáralítil hefð var fyrir íþróttinni í landinu. Um 1925 töldust golfvellir í gjörvöllu Þýskalandi ekki nema um tuttugu talsins og voru þeir að langmestu leyti reknir fyrir ferðamenn eða útlendinga sem búsettir voru í landinu.

Valdataka þýskra nasista árið 1933 gaf golfáhugamönnum enga sérstaka ástæðu til bjartsýni. Í hugum Hitlers og félaga (að svo miklu leyti sem þeir höfðu nokkra skoðun á golfi) var um að ræða breskt yfirstéttarsport og því andstætt þýskri menningu og siðum. Við það bættist að gyðingar voru áberandi í hinu fámenna þýska golfsamfélagi, en nasistar hófust þegar handa við að reka þá úr hvers kyns félagasamtökum, þar á meðal úr íþróttahreyfingunni.

Afstaða nasista til íþróttamála var mótsagnakennd. Þeir lögðu mikla áherslu á líkamsþjálfun ungmenna, bæði til að skapa öfluga hermenn og hraustar mæður til að styrkja germanska kynstofninn. Til að ná þessum markmiðum höfðu þýskir íþróttafræðingar mesta trú á leikfimi og fimleikum. Einstaklingsgreinar, svo sem í frjálsum íþróttum, voru vel séðar. Jafnframt kunnu nasistar að meta hópíþróttir sem reyndu á samhæfingu, svo sem reiptog og fimleikasýningar þar sem stórir hópar framkvæmdu samhæfðar æfingar.

Keppnisíþróttir og þá einkum þær sem upprunnar voru í Bretlandi mættu mun meiri tortryggni meðal nasista. Átti sú afstaða sér djúpar rætur innan þýsku íþróttahreyfingarinnar, þar sem margir töldu það einkennismerki fagurra íþrótta að byggjast á samvinnu fremur en samkeppni.

En á sama tíma gerðu einstaklingar í forystu Nasistaflokksins sér grein fyrir áróðursmætti íþrótta. Annars vegar að velgengni á íþróttasviðinu gæti með einhverjum hætti staðfest líkamlega og andlega yfirburði Þjóðverja gagnvart öðrum þjóðum en ekki síður gætu íþróttirnar orðið framlenging á utanríkisþjónustu landsins og aflað Þriðja ríkinu alþjóðlegrar viðurkenningar.

**Íþróttir sem áróðurstæki**

Ákvörðunin um að Ólympíuleikarnir 1936 yrðu haldnir í Berlín hafði verið tekin áður en Hitler og félagar komust til valda og undirbúningur miðaðist við fremur hófstillta leika, sem miðasala ætti að standa straum af. Fátt bendir til að Adolf Hitler hafi haft minnsta áhuga á leikunum eða íþróttum almennt, en áróðursmálaráðherranum Göbbels tókst að sannfæra hann um að gera þá að stórkostlegri skrautsýningu.

> GOLF VÆRI ANNAÐ OG MEIRA EN SÉRVISKULEG TÓMSTUNDAIÐJA BRETA.

Skipuleggjendur leikanna fengu óheftan aðgang að fjárhirslum þýska ríkisins til að gera allt sem glæsilegast úr garði.

Keppikeflið varð að auka umsvifin með fjölgun keppenda og jafnvel upptöku nýrra greina. Ein birtingarmynd þessa var þátttaka íslensks sundknattleiksflokks á Ólympíuleikunum. Sundknattleikur var þá sem nú jaðaríþrótt á Íslandi og hefði keppnisför þessi aldrei komið til álita nema vegna rausnarlegra ferðastyrkja þýsku mótshaldaranna.

Um svipað leyti og Göbbels var að sannfæra Foringjann um áróðursgildi Ólympíuleikanna, tókst öðrum manni að ná eyrum hans með íþróttauppbyggingu í huga. Sá hét Karl Henkell, glaumgosi með golfdellu, sem stýrði bæði þýska golfsambandinu og golfklúbbnum í Wiesbaden, elsta golfklúbbi landsins sem ekki var sérstaklega ætlaður útlendingum.

Henkell þessi var nánast óþekktur, en hafði öflugt tengslanet. Hann var mágur Joachims von Ribbentrop, sem Hitler hafði gert að sérstökum ráðgjafa sínum á sviði utanríkismála og síðar utanríkisráðherra. Í gegnum Ribbentrop tókst Henkell að sannfæra Hitler um að golf væri annað og meira en sérviskuleg tómstundaiðja Breta, heldur íþróttagrein sem vert væri að breiða út og halda að þýskum almenningi.

Þessi beinu persónulegu tengsl komu því til leiðar að stjórn nasista gaf út yfirlýsingu á árinu 1934, þar sem golf var útnefnt sem sérstök þjóðaríþrótt og eindregið hvatt til iðkunar hennar. Á næstu árum nærri tvöfaldaðist fjöldi golfvalla í landinu, en vissulega höfðu þeir verið mjög fáir fyrir. Kapp var lagt á að kveikja áhuga nýrra iðkenda og miklu fé var varið í kaup á búnaði og til þjálfunar.

Karl Henkell fylltist eldmóði vegna hins nýtilkomna stuðnings stjórnvalda. Honum dugði ekki að koma golfinu á kortið í Þýskalandi, heldur vildi hann gera þýska golfsambandið gildandi á alþjóðavettvangi. Hann fékk þá hugmynd að hafa öflugt golfmót sem hluta af Ólympíuleikunum. Keppt skyldi í ferðamannabænum Baden-Baden, þar sem besta golfvöll Þýskalands var að finna. Ekki yrði um einstaklingskeppni að ræða heldur skyldi hver þátttökuþjóð tefla fram tveggja manna liði.

**Móðgaður Hitler?**

Hugmyndin fékk ekki góðar undirtektir hjá Ólympíunefndinni.

Niðurstaðan varð sú að efnt var til alþjóðlegrar golfkeppni hálfum mánuði eftir að Berlínarólympíuleikunum lauk. Golfsambönd nokkurra landa sendu fulltrúa sína til leiks. Sem fyrr sagði kepptu þeir í tveggja manna liðum þar sem farnir voru tveir átján holu hringir eða 72 holur í allt. Þótt mótið teldist ekki hluti Ólympíuleikanna var ákveðið að hafa í heiðri áhugamannareglur þeirra. Keppendurnir voru því ekki úr hópi frægustu og öflugustu kylfinga.

Öllum að óvörum höfðu þýsku keppendurnir nauma forystu eftir fyrri dag keppninnar. Segir sagan að Ribbentrop hafi þá í flýti hringt í Foringjann, sagt honum að stórsigur væri í uppsiglingu og hvatt hann til að mæta og afhenda sigurlaunin. Mun Hitler hafa lagt af stað, en látið snúa við bíl sínum þegar fréttist að ensku keppendurnir hafi endað sem sigurvegarar.

Sagan er skemmtileg, þótt hún hafi lítinn stuðning af heimildum. Ekkert í skráðri dagskrá Hitlers bendir til að hann hafi farið í óvæntan bíltúr þennan dag og raunar minnir frásögnin grunsamlega mikið á svipaðar flökkusögur af því hvað Hitler var tapsár á Ólympíuleikunum. En eftir stendur að þýskir nasistar misstu fljótlega áhugann á golfi.

ERTU LÖNGU HÆTT/UR AÐ REYKJA EN SITUR UPPI MEÐ SKEMMDIRNAR!




Supreme Demantshúðslípun + Intraceuticals
“Hollywood-meðferð”

Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur

Tilboð í október

Snyrtistofan Hafblik

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrt@snyrt.is • www.snyrt.is




HEFST ÞRIÐJUDAGINN 10. OKTÓBER
KLUKKAN 20:35

# Fósturbörn

Af hverju geta á fjórða hundrað barna ekki búið heima hjá mömmu og pabba og hvað verður þá um þau? Í vetur mun **Sindri Sindrason** kynna sér alla anga fósturkerfisins, hitta börn sem verið hafa í fóstri, fósturforeldra og blóðforeldra sem misst hafa forræði yfir börnum sínum.

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 1817

# Er tilnefnd til alþjóðlegra verðlauna

**Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu, er tilnefnd í þremur flokkum hjá hinum alþjóðlegu heiðursverðlaunum kvenna í atvinnulífi, Stevie Awards. Flokkarnir eru Umbótamaður ársins, Stjórnandi ársins og Kona ársins.**

Þessar fréttir fékk ég bara í gær (fyrradag) og er að reyna að átta mig á þeim. Þær komu mér ánægjulega á óvart," segir Inga Hlín Pálsdóttir um tilnefningar sem hún hefur hlotið í þremur flokkum til Stevie Awards verðlaunanna, sem ætluð eru framúrskarandi konum í atvinnulífinu á heimsvísu og verða afhent í New York 17. nóvember.

Hún stýrir markaðsmálum á sviði ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu sem er samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda.

Flokkarnir sem hún er tilnefnd í hjá Stevie Awards eru: Umbótamaður ársins, Stjórnandi ársins og Kona ársins. „En ég er ekki búin að fá verðlaunin," tekur hún fram.

Kveðst þó pottþétt fara út til New York. „Það eru margir búnir að hringja og bjóðast til að vera +1 með mér! En ég er ekki komin svo langt að hugsa um þann þátt."

Hverju þakkar hún þennan heiður? „Rúna Magnúsdóttir heitir konan sem tilnefndi mig. Ef ég las rétt í gær þá eru 170 dómarar sem fara í gegnum alla sem þykja hæfir í þetta ferli og velja svo úr þeim. Þetta er ekki netkosning."


**„Það eru margir búnir að hringja í mig og bjóðast til að vera +1 með mér í ferðinni til New York um miðjan nóvember en ég er ekki komin svo langt að hugsa um þann þátt," segir Inga Hlín hlæjandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Inga kveðst hafa byrjað hjá Útflutningsráði fyrir ellefu árum og hjá Íslandsstofu fyrir sjö árum. „Inspired by Iceland er raunverulega mitt fyrsta markaðsverkefni og ég hef stýrt því og þróað það. Við notum það vörumerki í allri markaðssetningu erlendis fyrir ferðaþjónustuna og það verður bara sterkara og sterkara. Á mánudaginn kynnum við nýja vegferð í því verkefni."

En Inga Hlín kveðst langt í frá eiga heiðurinn ein. „Við erum að vinna með hundruðum fyrirtækja og áherslurnar eru afsprengi mikillar samvinnu og samtals. Ég tala mikið erlendis og þar þykir samstarfið hér á landi sérstakt og að við vinnum undir einu merki þykir merkilegt. Aðrar þjóðir öfunda okkur af því fyrirkomulagi."

Engin íslensk kona hefur komist svona langt í Stevie Awards en hin danska Janne Sigurðsson hlaut gullverðlaun Stevie sem forstjóri ársins 2012. Hún var þá forstjóri Fjarðaáls á Reyðarfirði.

gun@frettabladid.is

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

†

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,



**Málhildur Þóra Angantýsdóttir**
sjúkraliði,
Kristnibraut 33,

sem lést 1. október, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 13. október klukkan 11.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Angantýr Sigurðsson** — **Erla Björk Gunnarsdóttir**
**Hallvarður Sigurðsson** — **Anna Margrét Ingólfsdóttir**
**Elín Fríða Sigurðardóttir** — **Davíð Þór Óskarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,



**Sigurgeir Sigurðsson**
fv. bæjarstjóri
Miðbraut 29, Seltjarnarnesi,

sem lést að heimili sínu þriðjudaginn 3. október, verður jarðsunginn frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 13. október kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á sjóð til styrktar æskulýðs- og forvarnarstarfi íþróttafélagsins Gróttu.
Reiknnr. 0512-26-202252, kt. 700371-0779.

**Margrét Sigurgeirsdóttir** — **Héðinn Valdimarsson**
**Sigurður Ingi Sigurgeirsson** — **Lóa Hjaltested**
**Þór Sigurgeirsson** — **María Björk Óskarsdóttir**
**Hörður Sigurgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin.
Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,



**Olgeir Olgeirsson**
vélstjóri,

lést fimmtudaginn 5. október á hjúkrunarheimilinu Eir.
Útförin fer fram í Grafarvogskirkju, fimmtudaginn 12. október kl. 15.00.

**Nanna Lára Pedersen**
**Reynir Olgeirsson** — **Karlína Friðgeirsdóttir**
**Níels Sigurður Olgeirsson** — **Ragnheiður Valdimarsdóttir**
**Sigrún Olgeirsdóttir** — **Ásgeir Árnason**
**Bryndís Olgeirsdóttir** — **Þorvaldur Hermannsson**
**Salvör Lára Olgeirsdóttir** — **Þorsteinn Hilmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,



**Halldóra Guðmundsdóttir**
hjúkrunarfræðingur,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ aðfaranótt 2. október. Útförin fer fram frá Seljakirkju þann 11. október kl. 13.00.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Atli Gunnar Jónsson**
**Anna María Jónsdóttir** — **Guðlaugur Kr. Sigurðsson**
**Kristjón Jónsson** — **Díana Hrönn Sigurfinnsdóttir**
**ömmu- og langömmubörnin.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

†

Ástkær mamma, ammó og
langamma okkar,



**Svanhildur Petra Þorbjörnsdóttir**
Sléttahrauni 32, Hafnarfirði,

lést á Landakoti 30.09. sl. Útförin fer fram í Hafnarfjarðarkirkju 19.10. kl. 13.00.

**Birna Arinbjarnardóttir**
**Edda Arinbjarnardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

Bestu þakkir fyrir auðsýnda samúð
við andlát og útför föður okkar,



**Páls Ragnars Sigurðssonar**

sem lést 24. ágúst síðastliðinn.
Við viljum sérstaklega þakka starfsfólki líknardeildar Landspítalans fyrir frábæra umönnun og andlegan stuðning í gegnum ferlið.
Lifi hann í minningu okkar.

**Stefanía Pálsdóttir**
**Ólafur Pálsson**
**Arna Pálsdóttir**

# Frumsamin lög í afmælinu

**Burtflognir Skagfirðingar safnast saman í sal Ferðafélags Íslands í Mörkinni í kvöld því að átthagafélag þeirra í Reykjavík er áttrætt. Þar verður kynntur diskurinn Kveðja heim.**

Efnt verður til tónlistarveislu í húsnæði Ferðafélags Íslands í Mörkinni í kvöld klukkan 20, í tilefni áttatíu ára afmælis Skagfirðingafélagsins í Reykjavík. „Skagfirðingar hafa alla tíð tengt sig við hestamennsku og tónlist svo okkur þótti liggja beinast við að óska eftir frumsömdum dægurlagaperlum sem afmælisgjöf til félagsins,“ segir Auður Sigríður Hreinsdóttir, formaður þess. Viðbrögðin létu ekki á sér standa, fjöldi af lögum barst inn á borð dómefndar sem valdi þau tíu bestu. Þau eru nú komin á geisladisk sem nefnist Kveðja heim.

Auðvitað verða nýju lögin flutt í afmælisveislunni. „Þetta verður óskaplega gaman,“ segir Auður. „Öll lögin eiga það sameiginlegt að tengjast Skagafirði á einhvern hátt enda er markmið félagsins að viðhalda og efla menningu og listir brottfluttra.“ Hún segir Skagfirðingafélagið hafa heilmikla þýðingu fyrir þá sem fluttir eru í burtu, til dæmis hafi þorrablótin undanfarin ár verið vel sótt. „Það er greinilegt að fólk hefur gaman af að hitta aðra Skagfirðinga, stundum eftir margra ára aðskilnað, þá upphefst heilmikið skraf þegar það fer að rekja ættirnar saman,“ segir hún glaðlega.

Félagið var stofnað 7. október árið 1937. Auður segir það hafa lagst í dvala um stund en árið 2007 hafi hún, ásamt góðum hópi, endurvakið það við góðar undirtektir. „Við erum svo nútímavædd að við erum í góðu sambandi á Facebook. Þar erum við með 900 manna hóp á öllum aldri,“ segir hún og á von á miklu fjöri í Mörkinni í kvöld.

gun@frettabladid.is



**„Það er greinilegt að fólk hefur gaman af að hitta aðra Skagfirðinga, stundum eftir margra ára aðskilnað,“ segir Auður.** FRÉTTABLAÐIÐ/LAUFEY ELÍASDÓTTIR

**Við erum svo nútímavædd að við erum í góðu sambandi á Facebook. Þar erum við með 900 manna hóp á öllum aldri.**

---



✝

Ástkær móðir,
tengdamóðir og amma,

**Sesselja Jóna Líndal Karlsdóttir**
**(Dista)**

lést á dvalarheimilinu Höfða sunnudaginn 1. okt. sl. Útförin fer fram í Akraneskirkju föstudaginn 13. október kl. 13.00.

**Árni Aðalsteinsson** — **Ólöf Samúelsdóttir**
**Rúna Líndal Aðalsteinsdóttir** — **Svanur Hauksson**
**Gísli Þór Aðalsteinsson** — **Hallfríður Jóna Jónsdóttir**
**Lilja Líndal Aðalsteinsdóttir** — **Guðni Hannesson**
**ömmubörnin.**

---



✝

Elsku hjartans dóttir okkar,
barnabarn, systir og mágkona,

**Ingunn Birta Hinriksdóttir**
Garðsenda 21, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans mánudaginn 2. október sl.
Hún verður jarðsungin frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 12. október kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík.

**Erna Norðdahl** — **Edward Finnsson**
**Hinrik Þórhallsson**
**Ingunn Norðdahl**
**Daníel Hinriksson**
**Bragi Þór Hinriksson** — **Jóhanna Guðlaug Frímann**
**Þórhallur Örn Hinriksson** — **Helga Ósk Hannesdóttir**
**Kristín Hulda**
**Hinriksdóttir Wendel** — **Tobias Wendel**
**Gunnar Árni Hinriksson**
**Haukur Hinriksson** — **Lára Margrét Möller**
**Hinrik Hinriksson** — **Laufey Lilja Ágústsdóttir**
**Helga Fanney Edwardsdóttir**
**María Edwardsdóttir** — **Ólafur Rögnvaldsson**
**Hjálmar Edwardsson**
**Tómas Edwardsson** — **Jóhanna Símonardóttir**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Húnboga Þorsteinsonar**

Sérstakar þakkir til hjúkrunarþjónustunnar Karitas og starfsfólks Landspítala háskólasjúkrahúss fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

**Erla Ingadóttir**
**Þorsteinn Húnbogason**
**Védís Húnbogadóttir** — **Snorri Bergmann**
**barnabörn og langafabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar yndislegu móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Helgu Jónu Jensdóttur**
Hrafnistu Hafnarfirði,
áður til heimilis að Lyngbergi 39b,
Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Ölduhrauns á Hrafnistu fyrir einstaka umönnun.

**Hrafnhildur Óskarsdóttir** — **Jens Þórisson**
**Hafdís Óskarsdóttir** — **Khalil Semlali**
**Helena Óskarsdóttir** — **Robert Scobie**
**Helga Óskarsdóttir** — **Christof Wehmeier**
**Valdimar Óskarsson** — **Lovísa Traustadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Úlfars Björnssonar**
frá Skagaströnd,
Skúlagötu 20, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Droplaugarstaða og deildar K-1 á Landakoti fyrir góða umönnun, hlýju og alúð í garð Úlfars og fjölskyldunnar.

**Hanna Signý Georgsdóttir**
**Haraldur Úlfarsson** — **Nom Phonlap**
**Birna Úlfarsdóttir**
**Alda Úlfarsdóttir** — **Björn Úlfarsson**
**Sigurður Úlfarsson** — **Inga Jóna Þórisdóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

---



✝

Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns, föður, fósturföður, tengdaföður, bróður og afa,

**Erlendar Guðmundssonar**
fyrrv. flugstjóra Icelandair.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítala og Heimahlynningar fyrir einstaka umönnun og alúð.

**Ingunn Erna Stefánsdóttir**
**Kristín Vala Erlendsdóttir** — **Karl Thoroddsen**
**Guðmundur K. Erlendsson** — **Þóra H. Þorgeirsdóttir**
**Gunnlaugur P. Erlendsson** — **Carsten Duvander**
**Halla Sólveig Þorgeirsdóttir** — **Björn Ó. Gunnarsson**
**Stefán Árni Þorgeirsson** — **Tristan E. Gribbin**
**Auður Rán Þorgeirsdóttir** — **Hermann Karlsson**
**Kristín Guðmundsdóttir**
**barnabörn.**

---



✝

Ástkær sonur okkar, bróðir,
mágur og barnabarn,

**Jón Einar Randversson**
Holtsgötu 14, Reykjanesbæ,

er látinn.

**Randver Richter** — **Heiðrún Friðbjörnsdóttir**
**Svala Kristín Pálsdóttir** — **Aðalsteinn Jörgensen**
**Rannveig K. Richter** — **Heba Maren Sigurpálsdóttir**
**Karen Ösp Randversdóttir**
**ömmur og afi.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Sigríðar H. Bjarnadóttur**
Sléttuvegi 31, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks K1 á Landakotsspítala.

**Guðlaug Lýðsdóttir** — **Bjarni Guðmundsson**
**Þröstur Lýðsson** — **Klara Sigurðardóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Jórunnar Helgu Sveindóttur**
frá Brautarholti, Haganesvík.
Túnbrekku 2, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Skógarbæjar fyrir umhyggju og alúð við umönnun og vinsemd við okkur öll.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Magnús Örn Óskarsson**

---



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts okkar ástkæra

**Þórðar Eyfjörð Halldórssonar**
Hrauntúni 12, Keflavík.

**Sólveig Stefánsdóttir**
**Jökull Halldór Þórðarson**
**Hanna Björg Sveinbjörnsdóttir**
**Sveinbjörn Halldórsson** — **Ásdís Ingadóttir**
**Kristín Björg Sveinbjörnsdóttir** — **Bjarni Helgason**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir, afi, langafi og bróðir,

**Alexander G. Guðmundsson**
Sóltúni 3, áður Grænuhlíð 23,
Vestmannaeyjum,

lést á hjartadeild Landspítalans 12. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og vináttu.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Hjördís Kristín Guðmundsdóttir**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**LÍFEÐLISFRÆÐI**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| V | I | L | L | U | L | J | Ó | S | | B | | S | | Ö | | Á | | S | |
| A | | O | | M | | A | | K | A | R | L | A | K | L | Ó | S | E | T | T |
| R | I | F | S | B | E | R | J | A | | Ú | | M | | H | | A | | U | |
| N | | T | | Y | | Ð | | F | Ö | Ð | U | R | H | Ú | S | A | N | N | A |
| A | Ð | A | L | L | O | K | A | R | | A | | Ý | | S | | R | | G | |
| G | | U | | T | | J | | E | Y | R | U | M | | A | | S | | U | |
| L | Á | G | H | I | T | A | N | N | | S | | D | A | N | S | K | A | S | T |
| I | | A | | N | | R | | N | E | T | L | U | | N | | O | | Á | |
| N | | N | | G | | N | | I | | Ó | | M | Ó | A | S | T | A | R | A |
| N | Í | S | K | U | N | A | | N | | L | | | T | | U | | | | F |
| | S | | A | | E | | Ó | G | N | A | R | H | R | A | Ð | A | N | U | M |
| Á | B | Y | R | G | I | S | T | | Á | | Ó | | Ú | | U | | Ý | | Æ |
| | R | | L | | S | | Í | S | H | Ú | S | | V | | R | | L | | L |
| S | J | Ó | M | E | T | I | Ð | | V | | T | R | E | G | L | E | I | K | I |
| | Ó | | A | | A | | A | | A | | U | | R | | E | | Ð | | S |
| S | T | Ö | Ð | U | F | Æ | R | S | L | U | R | | Ð | | I | | I | | D |
Robin vinnur verkin úr viði og sækir innblástur til náttúrunnar, úr sýnilegri sem og oft ósýnilegri fegurð. Fegurðina sem er ósýnileg í fyrstu sækir hann með vinnu á rennibekk sem veitir innsýn í einkenni og æðar viðfangsefnisins. Á sýningunni verða skálar og önnur verk sem Robin hefur unnið úr nýskornum (blautum) viði sem fær við þurrkun nýja lögun. Þannig ræður náttúran ferðinni og útkomunni og á alltaf síðasta orðið.

**Hvað?** Þá er ástæða til að hlæja – útgáfukaffi
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Hannesarholti, Grundarstíg
Út er komin bókin Þá er ástæða til að hlæja – Æviminningar Halldórs Haraldssonar píanóleikara, eftir Jónas Sen, en vinir Halldórs eru útgefendur bókarinnar.

**Hvað?** Letur og list – Opnun
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Listasal Mosfellsbæjar
Þorvaldur Jónasson, myndmenntaog skriftarkennari, sýnir leturgerðir sem segja sögu leturs/kalligrafíu allt frá Kristsburði til nútímans. Hjónin Guðlaug Friðriksdóttir og Ragnar G. Einarsson bókbindarar sýna ýmis áhöld og efnivið til bókbandsgerðar. Saman mynda þessi tvö innlegg áhugaverða sýningu um þá list sem felst í bókagerð af gamla skólanum.

**Hvað?** Opnun á nýrri jarðfræðisýningu í Náttúrufræðistofu Kópavogs
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Náttúrufræðistofu Kópavogs

**Hvað?** Opnun á sýningunni Staðsetningar
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Gerðarsafni, Kópavogi
Opnun á sýningunni Staðsetningar í Gerðarsafni. Málverk eftir Einar Garibalda og Kristján Steingrím verða sýnd.

**Hvað?** Erró snýr aftur og Guðmunduverðlaunin afhent
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Hafnarhúsinu
Borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson, opnar sýningu á verkum Errós, Því meira, því fegurra, í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi. Við sama tækifæri afhendir borgarstjóri viðurkenningu úr Listasjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur. Sjóðnum er ætlað að efla og styrkja listsköpun kvenna.

**Hvað?** Sýningaropnun: pollur – spegill eftir Margréti H. Blöndal
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Skaftfelli, Seyðisfirði
Í dag verður opnuð einkasýning Margrétar H. Blöndal, sem ber heitið pollur – spegill, í sýningarsal Skaftfells. Þetta í fyrsta skipti sem Margrét dvelur og sýnir á Seyðisfirði.



# Tulipop-teiknimyndasería á YouTube

Hönnunarfyrirtækið Tulipop setti í loftið nýja YouTube-rás í gær með stuttum teiknimyndum byggðum á ævintýraheiminum sem fyrirtækið hefur hannað.

Það er þekktur handritshöfundur í heimi teiknimyndanna sem skrifar þættina í samvinnu við Signýju Kolbeinsdóttur, yfirhönnuð Tulipop og skapara Tulipop-heimsins, en hann heitir Tobi Wilson og er einn helsti handritshöfundur þáttaraðarinnar The Amazing World of Gumball – gríðarlega vinsællar seríu sem er sýnd á Cartoon Network.

**ÞETTA ER STÓR DAGUR FYRIR OKKUR Í TULIPOP.**

Ólafur Darri Ólafsson leikari talar fyrir persónuna Fred í þáttunum. Það er Herdís Stefánsdóttir sem sér um tónlistina ásamt James Newberry.

Það eru komnir þrír þættir inn á YouTube-rásina, en fleiri munu bætast við á næstu vikum. Þættirnir gerast á eyjunni Tulipop, sem er lifandi og síbreytileg ævintýraeyja með engin bein tengsl við raunveruleikann þó að hún sé að miklu leyti innblásin af Íslandi – þar er að finna heita hveri, eldfjöll og ísjaka. Í þáttunum er fylgst með kómískum ævintýrum Tulipopp-aranna, sem eru yndislegir en meingallaðir – svona eins og fólk er flest.

Framkvæmdastjóri Tulipop, Helga Árnadóttir segir: „Þetta er stór dagur fyrir okkur í Tulipop og við erum alsæl með að geta nú leyft Tulipop-aðdáendum að kynnast skringilegum persónum ævintýraheimsins betur í gegnum teiknimyndir sem við vonum að muni gleðja krakka á öllum aldri.“

– sþh



Signý Kolbeinsdóttir yfirhönnuður og Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri.



Glowie, Aron Can, JóiPé og Króli og Vök hita upp fyrir Airwaves á Kexi hosteli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hvað? Hvenær? Hvar? Sunnudagur

hvar@frettabladid.is

### 8. OKTÓBER 2017

#### Tónlist

**Hvað?** Sveiflukvartettinn
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hótel Höfn, Höfn í Hornafirði
Sveiflukvartettinn er létt-djassaður kammerkvartett sem heldur tvenna tónleika á Austurlandi um helgina. Á efnisskránni er Svíta fyrir flautu og djasspíanótríó eftir Claude Bolling og einnig verk eftir Händel og Bach sem flutt eru með djasslegu yfirbragði. Efnisskráin er til þess fallin að draga athygli að því hvað barokktónlist og djass eiga margt sameiginlegt. Kvartettinn er skipaður Snorra Birgissyni á píanó, Gunnari Hrafnssyni bassaleikara, Óskari Kjartanssyni trommuleikara og Guðrúnu Birgisdóttur flautuleikara. Fyrri tónleikar hópsins eru í kirkjunni á Djúpavogi klukkan 20 á laugardagskvöld. Seinni tónleikarnir eru á Hótel Höfn á sunnudaginn.

#### Viðburðir

**Hvað?** Leiðsögn um sýninguna Leiðangur
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Kjarvalsstöðum
Leiðsögn um sýninguna Leiðangur með Önnu Líndal og Ólöfu K. Sigurðardóttur, sýningarstjóra og safnstjóra Listasafns Reykjavíkur.









# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** Mæja býfluga
**08.00** Stóri og litli
**08.15** Með afa
**08.25** Nilli Hólmgeirsson
**08.40** Dagur Diðrik
**09.05** Dóra og vinir
**09.30** K3
**09.40** Gulla og grænjaxlarnir
**09.50** Tommi og Jenni
**10.10** Ævintýri Tinna
**10.35** Beware the Batman
**11.00** Ellen
**11.40** Grey's Anatomy
**12.20** Víglínan
**13.05** Bold and the Beautiful
**13.25** Bold and the Beautiful
**13.45** Bold and the Beautiful
**14.05** Bold and the Beautiful
**14.30** Bold and the Beautiful
**14.55** Friends
**15.20** Landhelgisgæslan
**15.50** Kórar Íslands
**17.05** Bomban
**18.00** Sjáðu
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.05** Lottó
**19.10** Top 20 Funniest
**19.50** To Walk Invisible
**21.55** Inside Man Stjörnum hlaðin spennumynd frá Spike Lee með Denzel Washington, Clive Owen og Jodie Foster í aðalhlutverkum. Þegar hið fullkomna bankarán mistekst breytist það í hættulega gíslatöku þar sem reynir mjög á útsjónasemi sérfræðins lögreglunnar í gíslatökumálum, sem leikinn er af Washington.
**00.00** Behaving Badly
**01.35** Jesse Stone. Lost In Paradise
**03.05** The Shallows
**04.30** Don't Breathe
**06.00** Vice Principals

## STÖÐ 2 SPORT

**07.30** Grindavík - Þór Þ.
**09.10** Domino's körfuboltakvöld 2017/2018
**10.40** Georgía - Wales
**12.20** Spánn - Albanía
**14.05** Tyrkland - Ísland
**15.50** Bosnía - Belgía
**18.05** HM Markasyrpa
**18.35** Búlgaría – Frakkland Bein útsending
**20.45** HM Markasyrpa
**21.10** Búrið
**21.40** Skallagrímur - Snæfell
**00.10** UFC Unleashed 2017
**00.55** Búrið
**01.30** UFC Countdown 2017
**02.00** UFC 216. Ferguson vs Lee(UFC Live Events 2017) Bein útsending

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.15** Tyrkland - Ísland
**08.55** Írland - Moldóva
**10.35** Króatía - Finnland
**12.15** HM Markasyrpa
**12.40** Grindavík - Þór Þ.
**14.20** Domino's körfuboltakvöld 2017/2018
**15.50** Svíþjóð – Lúxemborg Bein útsending
**18.05** Premier League World 2017/2018
**18.35** Hvíta-Rússland - Holland Bein útsending
**20.45** Formúla 1 2017 - Tímataka
**22.10** Færeyjar - Lettland
**23.50** Andorra - Portúgal
**01.30** Bosnía - Belgía
**04.30** Formúla 1 2017 - Keppni

## STÖÐ 3

**17.00** One Born Every Minute US
**17.45** New Girl
**18.10** The League
**18.35** The New Adventures of Old Christine
**19.00** Modern Family
**19.25** Brother vs. Brother
**20.10** Significant Mother
**20.35** Smallville
**21.20** NCIS Los Angeles
**22.05** The Capones
**22.30** Band of Brothers
**23.30** American Dad
**00.00** Bob's Burgers
**00.25** The League
**00.50** The New Adventures of Old Christine
**01.15** Modern Family
**01.40** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**08.00** Strumparnir
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Tindur
**09.11** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**09.25** K3
**09.38** Mæja býfluga
**09.47** Stóri og Litli
**10.00** Könnuðurinn Dóra
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Strumparnir
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Tindur
**13.13** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**13.27** K3
**13.40** Mæja býfluga
**13.49** Stóri og Litli
**14.02** Könnuðurinn Dóra
**14.26** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.49** Doddi litli og Eyrnastór
**15.02** Áfram Diego, áfram!
**15.26** Svampur Sveinsson
**15.51** Lalli
**15.57** Rasmus Klumpur og félagar
**16.02** Strumparnir
**16.27** Hvellur keppnisbíll
**16.39** Ævintýraferðin
**16.51** Gulla og grænjaxlarnir
**17.02** Tindur
**17.15** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**17.29** K3
**17.42** Mæja býfluga
**17.51** Stóri og Litli
**18.04** Könnuðurinn Dóra
**18.28** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.51** Doddi litli og Eyrnastór
**19.04** Smáheimar. Dalur týndu mauranna

## GOLFSTÖÐIN

**08.10** Golfing World 2017
**09.00** Safeway Open
**12.00** Alfred Dunhill Links Championship
**16.15** Golfing World 2017
**17.05** Omega European Masters
**18.30** Safeway Open
**21.30** Safeway Open
**00.30** Alfred Dunhill Links Championship

## STÖÐ 2 BÍÓ

**07.50** War Room
**09.50** Make Your Move
**11.40** The Portrait of a Lady
**14.00** Me and Earl and the Dying Girl
**15.45** War Room
**17.45** Make Your Move
**19.35** The Portrait of a Lady Áhrifamikil og rómantísk mynd frá 1996 með Nicole Kidman og John Malkovich. Isabel Archer er á undan sinni samtíð og storkar ríkjandi gildum. Hún fer í ferðalag um Evrópu og lendir þar í klónum á Madame Merle og Gilbert Osmond sem ákveða að hagnast á þessari ungu og saklausu konu.
**22.00** Mechanic. Resurrection Spennutryllir frá 2016 með Jason Statham, Jessicu Alba og Tommy Lee Jones. Hættulegasti leigumorðingi í heimi, Arthur Bishop, hélt að sér hefði tekist að breyta um lífsstíl og segja skilið við líf leigumorðingjans, þegar hættulegasti óvinur hans rænir kærustunni hans. Núna neyðist hann til að ferðast um allan heim til að ljúka þremur erfiðum verkefnum.
**23.40** Burnt
**01.20** Brick Mansions
**02.50** Mechanic. Resurrection

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**10.20** Útsvar
**11.25** Hundalíf
**12.10** Sagan bak við smellinn
**12.40** Lifrarsjúkdómar á Íslandi
**13.10** Bækur og staðir
**13.20** Landakort
**13.25** Lorraine Pascale kemur til bjargar
**13.55** Njósnarar Vísindakirkjunnar
**14.55** Gyðingaljóðaflokkur eftir Sjostakovitsj
**15.45** Rusl á matseðlinum
**16.40** Nábýli við sníkjudýr
**17.30** Landakort
**17.35** Bækur og staðir
**17.40** Bækur og staðir
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.35** Krakkafréttir vikunnar
**18.54** Lottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Lífið heldur áfram
**20.45** Laus við gaurinn á 10 dögum
**22.40** Bíóást
**00.20** For those in Peril

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** King of Queens
**08.45** King of Queens
**09.05** How I Met Your Mother
**09.30** How I Met Your Mother
**09.50** American Housewife
**10.15** Parks & Recreation
**10.35** The Great Indoors
**11.00** The Voice USA
**12.30** The Bachelorette
**14.00** Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course
**14.30** The Muppets
**14.55** Rules of Engagement
**15.20** The Odd Couple
**15.45** Everybody Loves Raymond
**16.10** King of Queens
**16.35** How I Met Your Mother
**17.00** Big Hero 6
**18.45** Glee
**19.30** The Voice USA
**20.15** The Invention of Lying
**22.00** Silence of the Lambs
**00.00** Take Me Home Tonight
**01.40** Precious

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


VEISTU HVER ÉG VAR?
Hressir viðmælendur á línunni og 80s tónlist er númer 1, 2 og 3 hjá Sigga Hlö.
ALLA LAUGARDAGA MILLI 16:00 OG 18:30.
SJÓNVARP
BYLGJAN.IS
ÚTVAPPIÐ
FM 98.9
BYLGJAN
989




**KÓRAR ÍSLANDS**
KL. 19:10
Skemmtilegur þáttur í beinni útsendingu þar sem kórar keppa um hylli dómara og í lok þáttaraðarinnar mun einn kór standa uppi sem sigurvegari og hljóta titilinn Kór Íslands 2017. Kynnir keppninnar er Friðrik Dór Jónsson og dómnefndina skipa þau Ari Bragi Kárason, Kristjana Stefánsdóttir og Bryndís Jakobsdóttir.

Spennandi
**Sunnudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**




**LOCH NESS**
KL. 20:25
Magnaðir breskir spennuþættir sem fjalla um rannsóknarlögreglukonuna Annie Redford sem lendir í kröppum dansi þegar hennar fyrsta mál reynist viðureign við raðmorðingja.

**THE SINNER**
KL. 21:10
Ung móðir reynir að komast að því af hverju hún beitir ítrekuðu ofbeldi án þess að hafa hugmynd um hvers vegna. Getur verið að leyndarmál fortíðar eigi eftir að koma upp á yfirborðið? Hörkuspennandi sakamálasería sem enginn má missa af með Jessicu Biel í aðalhlutverki.



**X COMPANY**
KL. 21:55
Hörkuspennandi þættir um hóp ungra njósnara í seinni heimsstyrjöldinni sem allir eru með sérstaka hæfileika sem nýtast í stríðinu.



**60 MINUTES**
KL. 22:40
Vandaður þáttur í vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is


# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Strumparnir**
**07.25 Waybuloo**
**07.45 Ævintýraferðin**
**07.55 Heiða**
**08.20 Kormákur**
**08.30 Pingu**
**08.35 Grettir**
**08.50 Ljóti andarunginn og ég**
**09.15 Skógardýrið Húgó**
**09.40 Tommi og Jenni**
**10.05 Lukku láki**
**10.30 Ninja-skjaldbökurnar**
**10.55 Friends**
**11.20 Ellen**
**12.00 Nágrannar**
**12.20 Nágrannar**
**12.40 Nágrannar**
**13.00 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.45 The X Factor 2017**
**14.50 The Secret Life of a 4 Year Olds**
**15.40 Masterchef USA**
**16.30 Hið blómlega bú**
**17.05 Gulli byggir**
**17.40 60 Minutes** Vandaður þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Sportpakkinn**
**19.10 Kórar Íslands**
**20.25 Loch Ness**
**21.15 The Sinner**
**22.00 X Company**
**22.45 60 Minutes**
**23.30 Vice** Ferskur fréttaþáttur frá HBO þar sem rýnt er ofan í kjölinn á ýmsum hitamálum um víða veröld.
**00.05 The Brave**
**00.50 The Deuce**
**01.50 Broadchurch**
**02.35 Broadchurch**
**03.25 100 Code**
**04.10 Entertainment**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.30 Skallagrímur - Snæfell**
**09.10 Andorra - Portúgal**
**10.50 Svíþjóð - Lúxemborg**
**12.30 HM Markasyrpa**
**12.55 Formúla 1 2017 - Keppni**
**15.20 NFL Gameday 17/18**
**Hápunktarnir í NFL deildinni.**
**15.50 Litháen - England**
**Bein útsending**
**18.05 Gary Neville's Soccerbox** Fyrrverandi knattspyrnumaðurinn Gary Neville fær til sín gamlar kempur í spjall um fótbolta.
**18.35 Þýskaland - Aserbaidsjan**
**Bein útsending**
**20.45 HM Markasyrpa**
**21.10 Slóvenía - Skotland**
**22.50 Noregur - Norður-Írland**
**00.30 Litháen - England**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.25 Bosnía - Belgía**
**09.05 HM Markasyrpa**
**09.30 Tyrkland - Ísland**
**11.10 Færeyjar - Lettland**
**12.50 Búlgaría - Frakkland**
**14.30 Hvíta-Rússland - Holland**
**16.10 Skallagrímur - Snæfell**
**17.50 Stjarnan - Valur**
**Bein útsending**
**19.30 Danmörk - Rúmenía**
**21.10 UFC 216. Ferguson vs Lee**
**23.35 Tékkland - San Marínó**

## STÖÐ 3

**16.05 Mayday**
**16.50 New Girl**
**17.15 The Last Man on Earth**
**17.40 Ground Floor**
**18.10 The League**
**18.35 The New Adventures of Old Christine**
**19.00 Modern Family**
**19.25 Mildred Pierce**
**20.25 Little Britain USA**
**20.55 Rome**
**21.50 Generation Kill**
**23.00 The League**
**23.25 The New Adventures of Old Christine**
**23.50 Modern Family**
**00.15 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00 Tindur**
**07.11 Óskastund með Skoppu og Skítlu**
**07.25 K3**
**07.38 Mæja býfluga**
**07.47 Stóri og Litli**
**08.00 Könnuðurinn Dóra**
**08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**08.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveinsson**
**09.49 Lalli**
**09.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**10.00 Strumparnir**
**10.25 Hvellur keppnisbíll**
**10.37 Ævintýraferðin**
**10.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**11.00 Tindur**
**11.13 Óskastund með Skoppu og Skítlu**
**11.27 K3**
**11.40 Mæja býfluga**
**11.49 Stóri og Litli**
**12.02 Könnuðurinn Dóra**
**12.26 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**12.49 Doddi litli og Eyrnastór**
**13.02 Áfram Diego, áfram!**
**13.26 Svampur Sveinsson**
**13.51 Lalli**
**13.57 Rasmus Klumpur og félagar**
**14.02 Strumparnir**
**14.27 Hvellur keppnisbíll**
**14.39 Ævintýraferðin**
**14.51 Gulla og grænjaxlarnir**
**15.02 Tindur**
**15.15 Óskastund með Skoppu og Skítlu**
**15.29 K3**
**15.42 Mæja býfluga**
**15.51 Stóri og Litli**
**16.04 Könnuðurinn Dóra**
**16.28 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.51 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.04 Áfram Diego, áfram!**
**17.28 Svampur Sveinsson**
**17.53 Lalli**
**17.59 Rasmus Klumpur og félagar**
**18.04 Strumparnir**
**18.29 Hvellur keppnisbíll**
**18.41 Ævintýraferðin**
**18.53 Gulla og grænjaxlarnir**
**19.04 Loksins Heim**

## GOLFSTÖÐIN

**07.30 Alfred Dunhill Links Championship**
**11.30 Alfred Dunhill Links Championship**
**Bein útsending**
**16.30 Presidents Cup 2017**
**18.30 Safeway Open**
**21.30 Safeway Open**
**00.30 Alfred Dunhill Links Championship**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**07.25 Tootsie**
**09.20 Experimenter**
**11.00 Hitch**
**12.55 Grey Gardens**
**14.40 Tootsie**
**16.35 Experimenter**
**18.15 Hitch** Gamanmynd með Will Smith. Í myndinni leikur hann kvennabósann og stefnumótasérfræðinginn Hitch sem tekur að sér að ráðleggja kynbræðrum sínum hvernig eigi að bera sig að á stefnumótum. En svo kemur að því að hann hittir stelpu sem engin af hans skotheldu brögðum virka á. Til að flækja málin þá er hún blaðakona sem er að vinna frétt um nýjasta viðskiptavin hans.
**20.15 Grey Gardens** Áhrifamikil mynd sem byggð er á sannsögulegum atburðum um tvær sérkennilegar frænkur Jackie Kennedy. Myndin hlaut sex Golden Globe-verðaun og tvenn Emmy-verðlaun árið 2010 og skartar leikonunum Drew Barrymore og Jessicu Lange í aðalhlutverkum.
**22.00 Sisters**
**00.00 Decoding Annie Parker**
**01.40 The Good Lie**
**03.30 Sisters**

## RÚV

**07.00 KrakkaRÚV**
**10.10 Krakkafréttir vikunnar**
**10.30 Menningin**
**11.00 Silfrið**
**12.10 Hótel Tindastóll**
**12.45 Hásetar**
**13.05 Kiljan**
**13.40 Alheimurinn**
**14.25 Hundalíf**
**15.10 Með fulla vbsa af grjóti**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Basl er búskapur**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.40 Landinn 888**
**20.10 Alþingiskosningar 2017**
**22.10 Poldark**
**23.15 Che Guevara**
**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.20 King of Queens**
**08.45 King of Queens**
**09.05 How I Met Your Mother**
**09.30 How I Met Your Mother**
**09.50 Superstore**
**10.15 Speechless**
**10.35 The Office**
**11.00 The Voice USA**
**11.45 My Big Fat Greek Wedding**
**13.25 Playing House**
**13.50 Top Chef.**
**15.20 The Muppets**
**15.45 Rules of Engagement**
**16.10 The Odd Couple**
**16.35 Everybody Loves Raymond**
**17.00 King of Queens**
**17.25 How I Met Your Mother**
**17.50 Ný sýn**
**18.25 The Biggest Loser**
**19.25 Top Gear**
**20.15 Doubt**
**21.00 Law & Order. Special Victims Unit**
**21.45 Elementary**
**22.30 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**23.15 The Exorcist**
**00.00 Damien**
**00.45 The Good Fight**
**01.30 Taken**
**02.15 Happyish.**
**02.45 Law & Order. Special Victims Unit**
**03.30 Elementary**
**04.15 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**05.00 The Exorcist**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

Þú getur!
Forvarna- og fræðslusjóður

*Til eflingar geðheilsu og gegn fordómum*

# STYRKTARTÓNLEIKAR

## 10. október

# Karlakór Kópavogs

## Kristján Jóhannsson

### Bústaðakirkja kl: 20.00

Stjórnandi:
Garðar Cortes

Einsöngvari:
Kristján Jóhannsson

Píanóleikari:
Hólmfríður Sigurðardóttir

Raddþjálfun:
Ólöf Kolbrún Harðardóttir

Veittir verða námsstyrkir og hvatningaverðlaun ÞÚ GETUR!

*Lagalisti*

**Þakkarbæn, Funiculi-Funicula, Árnesþing, Brennið þið vitar, Hraustir menn, Fuglinn í fjörunni, Fjallið Skjaldbreiður, Í bröllopsgården, Ingaló, O Signore, Per te d'imennso, Ástarkveðja, Húrrakórinn, Þei þei og ró ró, Úr útsæ rísa Íslandsfjöll, Smávinir fagrir, Skarphéðinn í brennunni.**



Miðasala á
midi.is og við innganginn
Kr. 5000.-

**www.thugetur.is**




Netgíró
Betri leið til að versla

# NÝTT BLAÐ

**LJÓS, PERUR, PARKET INNRÉTTINGAR OFL.**

GILDIR TIL 16. OKTÓBER

**Flettu blaðinu á byko.is**

## 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLU PARKETI

## 20% AFSLÁTTUR AF SONAX®

## 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MATAR- OG KAFFISTELLUM

IAQ Pro

**MYGLUSVEPPAPRÓF**

**3.995kr.**

41132003

Alexeter's IAQ Pro greiningarprófið er einfalt í notkun og gefur nákvæmar niðurstöður á 5 mínútum. Það greinir margar tegundir myglusveppa sem líklegt er að hafi slæm áhrif á heilsu fólks þegar þær vaxa innanhúss.

Tekur 5 mín

## LEYNIST MYGLA HJÁ ÞÉR?

**OVIXIR** 750ml

**1.495kr.**

41166004

Sótthreinsandi hreinsiefni. Oxivir drepur bakteríur, vírusa, myglusveppi og bakteríuspora. Staðfest með viðurkenndum prófunum. Auk öflugrar sótthreinsiverkunar er Oxivir mjög gott hreinsiefni sem nota má á flesta yfirborðsfleti, bæði harða og mjúka. Notist með varúð á fleti sem eru viðkvæmir fyrir sýru, s.s. marmara.

## 20% AFSLÁTTUR AF REGN- OG VINNUFATNAÐI

## 20% AFSLÁTTUR AF ICOPAL ÞAKRENNUM

icopal

## FÁÐU AÐSTOÐ SÉRFRÆÐINGS

Guðný Helgadóttir, frá umboðsaðila **OSRAM** á Íslandi, aðstoðar viðskiptavini við val á perum í BYKO Breidd **laugardaginn 7. október milli 12 og 16.**

OSRAM

Auðvelt að versla á byko.is

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

www.byko.is

# JKE DESIGN

ELDHÚS | BAÐ | FATASKÁPAR

**JKE Design** er danskt vörumerki sem býður upp á einstaklega breiða línu í innréttingum í hæsta gæðaflokki.

Innréttingarnar frá **JKE** hafa verið mjög vinsælar allt frá því þær komu fyrst á markaðinn árið 1970.

**JKE** er með dreifingaraðila í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og nú á Íslandi.

Hólf & Gólf - BYKO BREIDD



Þrívíddarmyndir af rýminu þínu










# Skandinavískur stíll á Selfossi

**Guðbjörg Ester Einarsdóttir** starfar sem lögregluþjónn en í frítíma sínum hefur hún gaman af því að spá í innanhússhönnun. Heimili Guðbjargar og unnusta hennar er ansi flott en þeim hefur tekist að koma sér vel fyrir í nýju húsi sem þau keyptu í sumar.



Guðbjörg Ester er 27 ára Selfyssingur sem hefur brennandi áhuga á innanhússhönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Guðbjörg lýsir stílnum á heimilinu sem skandinavískum með mínímalískum blæ.

Við Árni Felix Gíslason, unnusti minn, fluttum í nýtt hús í maí. Við erum búin að vera að dunda okkur við að koma okkur fyrir og gera allt fínt síðustu mánuði,“ segir lögregluþjónninn Guðbjörg Ester Einarsdóttir sem hefur ástríðu fyrir innanhússhönnun.

Guðbjörg er dugleg við að breyta til á heimilinu með því að færa til hluti og raða húsgögnum og stofustássi upp á nýtt. „Ég er alltaf með nýjar pælingar og nýjar hugmyndir sem mig langar að framkvæma. Það þarf ekki alltaf að kaupa eitthvað nýtt til að breyta, það er nóg að finna nýjan stað fyrir hlutina og þá kemur nýr blær á heimilið.“

Skandinavískur stíll einkennir heimili Guðbjargar og Árna enda versla þau mikið í IKEA. „Ég kaupi nánast öll húsgögn í sænska risanum IKEA. Þær vörur hafa reynst mér mjög vel, þær eru fallegar og alls ekki of dýrar. Epal er líka í miklu uppáhaldi hjá mér, en þangað fer ég oft til að kaupa fallega smáhluti eins og ljós, kertastjaka og þess háttar. Søstrene Grene er líka í miklu uppáhaldi hjá mér, yndislegir smáhlutir á lítinn pening.“

**ÞAÐ ÞARF EKKI ALLTAF AÐ KAUPA EITTHVAÐ NÝTT TIL AÐ BREYTA.**

Guðbjörg er virk á Instagram en þar deilir hún gjarnan myndum af heimili þeirra Árna. Hún vonast til að myndirnar veiti öðrum fagurkerum innblástur. „Þegar við Árni keyptum húsið okkar byrjaði ég að leita mér innblásturs á Instagram. Þegar við vorum búin að koma okkur fyrir í húsinu byrjaði ég að taka myndir og deila þeim á minni Instagram-síðu og er búin að fá góðar undirtektir síðan þá. Það er það skemmtilega við þetta – að veita öðrum innblástur. Svo er þetta líka mjög góð leið til að halda húsinu alltaf hreinu,“ segir hún og hlær.

gudnyhronn@365.is





Flest húsgögn heimilisins koma úr IKEA. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK



Guðbjörg breytir reglulega uppröðuninni á húsgögnum og stofustássi heimilisins.



Louis Poulsen-ljósið fyrir ofan eldhúsborðið er í uppáhaldi hjá Guðbjörgu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK







Svefnherbergið er ansi smart en þar er svarthvítt þema.


500 börn
á aldrinum
10-15 ára
hafa sótt ókeypis matreiðslu-
námskeið í boði Krónunnar.
Snarlið
Snarlið.is
Fjöldi myndbanda
fyrir börn og unglinga.
Snarlið 3
SCENE
TAKE
Takk!
fyrir frábærar móttökur
á Snarlinu!
KRÓNAN

# Afþreying innipúkans næstu mánuði



Haustið er gengið í garð og brátt fer að snjóa, það þýðir að þjóðin breytist í innipúka sem fara helst ekki út fyrir hússins dyr nema gjörsamlega tilneyddir. Hér verður farið yfir brot af þeirri afþreyingu sem verður í boði á meðan.

## FYRIR TÖLVUNÖRDIÐ

Lífið fékk sjálfan Leikja-Samma af Vísi lánaðan til að henda upp lista yfir þá fimm leiki sem hann er hvað spenntastur fyrir það sem eftir lifir árs og á því næsta.

**SOUTH PARK: THE FRACTURED BUT WHOLE**
Hlutverkaleikur sem gerist í South Park heiminum og Sammi er sérstaklega spenntur fyrir.

**ASSASSIN'S CREED**
Nýr Assassin's Creed leikur sem enn hefur ekki hlotið titil mun koma út á næsta ári.

**MIDDLE-EARTH: SHADOW OF WAR**
Hlutverkaleikur sem gerist í Lord of the Rings heiminum og er framhald af Shadow of Mordor. Leikurinn kemur út á morgun!



**FAR CRY 5**
Nýjasti leikurinn í Far Cry seríunni kemur út snemma á næsta ári. Leikmaðurinn fer í hlutverk lögreglumanns sem berst við dómsdagssöfnuð í Montana.

**STAR WARS BATTLEFRONT 2**
Hasar og byssó í Star Wars heiminum hljómar alltaf vel.

**Matt Stone og Trey Parker eru höfundar South Park þáttanna sem nú eru orðnir nokkuð frambærilegir tölvuleikir.**




## FYRIR SJÓNVARPSGLÁPIÐ

**STAR TREK: DISCOVERY**
Nýjasta Star Trek serían er dottin í gang og eru gagnrýnendur almennt nokkuð hrifnir. Þættirnir gerast áður en Kirk og félagar könnuðu geiminn á sínum tíma og fjallar um vandræðin sem Klingonarnir eru alltaf að baka Stjörnuflotanum.

**THE DEUCE**
Enn einn hágæðaþáttur frá HBO sem hóf göngu sína fyrir ekki mjög löngu, skrifaður af David Simon (The Wire, Treme) og skartar Maggie Gyllenhaal og James Franco (í tveimur hlutverkum). Í þetta sinn skoðar David Simon heim vændis í New York á áttunda og níunda áratugnum.

**THE ORVILLE**
Nýr þáttur eftir Seth MacFarlane (Family Guy) sem er eins konar ástarbréf hans til Star Trek. Um er að ræða grín með dramatísku ívafi.

**DYNASTY**
Endurgerð á hinum vinsælu þáttum frá níunda áratugnum sem fjölluðu um drama á milli moldríkra fjölskyldna – líklegt er að þessir nýju þættir verði um svipaða hluti. Þættirnir hefjast síðar í mánuðinum.

**CURB YOUR ENTHUSIASM**
Ný sería af Curb … er hafin og lofar góðu. Larry David er væntanlega í essinu sínu sem hann sjálfur.



Þessir Trekkarar eru örugglega nokkuð ánægðir með að fá nýja Star Trek seríu á dagskrá.



**Líf Williams Moulton Marston, höfundar Wonder Woman, er til umfjöllunar í kvikmyndinni Professor Marston and the Wonder Women.**

## FYRIR ÞÁ SEM HÆTTA SÉR Í KVIKMYNDAHÚSIN

**PROFESSOR MARSTON & THE WONDER WOMEN**
Kvikmynd um manninn bakvið Wonder Woman og líf hans. Sæmileg ekki-ofurhetjumynd sem verður frumsýnd síðar í mánuðinum.

**SUBURBICON**
Coen-bræður skrifa og sjálfur George Clooney leikstýrir. Matt Damon og Julianne Moore í aðalhlutverkum. Myndin gerist á sjötta áratugnum og er víst afar myrk. Þetta bara hlýtur að vera gott.

**LAST FLAG FLYING**
Richard Linklater leikstýrir Bryan Cranston, Steve Carell og Laurence Fishburne í mynd um hermenn úr Víetnamstríðinu sem þurfa að grafa son eins þeirra.

**MURDER ON THE ORIENT EXPRESS**
Gamla góða Agatha Christie. Þessi bók hefur nú verið kvikmynduð áður – árið 1974 og hlaut Ingrid Bergman Óskarinn fyrir leik sinn í henni. Nú verður hún endurgerð með stjörnum í hverju horni: Michelle Pfeiffer, Johnny Depp, Daisy Ridley, Judi Dench, Penélope Cruz, Willem Dafoe, Josh Gad …

**THREE BILLBOARDS OUTSIDE EBBING, MISSOURI**
Martin McDonagh, leikstjóri In Bruges og Seven Psychopaths, þeirra frábæru mynda, kemur hér með nýja mynd sem hefur fengið góðar viðtökur á kvikmyndahátíðum að undanförnu. Spennandi.



SPORTS DIRECT
NÝ SENDING Í HVERRI VIKU
FÍGÚRU UNGBARNASETT
MEGA VALUE 5.990 KR.
PUMA BÓMULLARBUXUR
EINNIG TIL FYRIR BÖRN OG KONUR
MEGA VALUE 5.590 KR.
PUMA HETTUPEYSA
EINNIG TIL FYRIR BÖRN OG KONUR
MEGA VALUE 7.990 KR.
PUMA STRIGASKÓR
TIL Í STÆRÐUM 40,5-46
MEGA VALUE 12.490 KR.
KARRIMOR HLAUPASKÓR
TIL Í STÆRÐUM 41-45
MEGA VALUE 11.490 KR.
ASICS KVENNAHLAUPASKÓR
TIL Í STÆRÐUM 37,5-41,5
MEGA VALUE 11.890 KR.
ADIDAS BARNAGALLI
EINNIG FLEIRI TEGUNDIR TIL
MEGA VALUE 7.590KR.
ADIDAS ÆFINGARTREYJA
EINNIG TIL Í BARNASTÆRÐUM
MEGA VALUE 7.390 KR.
ADIDAS INNANHÚSSKÓR
TIL Í STÆRÐUM 40,7-46
MEGA VALUE 8.990 - 10.890 KR.
EVERLAST HETTUPEYSA
MEGA VALUE 4.390 KR.
EVERLAST BÓMULLARBUXUR
MEGA VALUE 3.190 KR.
NIKE TAJUN BARNASKÓR
TIL Í STÆRÐU TIL Í STÆRÐUM 27,5-34 M 28-34
MEGA VALUE 6.390 KR.
GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTAR- OG PRENTVILLUR.
SPORTS DIRECT
Skógarlind 2
Opnunartími
Mán-mið: 10-19
Fim: 10-21
Fös: 10-20
Lau-Sun: 10-18
LONSDALE LONDON
karrimor
PUMA
Slazenger
adidas
SPORT DIRECT
Hin Fullkomna Gjöf
Gildir í verslunum Sportsdirect á íslandi!
SPORTS DIRECT
GJAFAKORT

# Lífið í vikunni

01.10.17-07.10.17

## HEKLAÐI SKÍRNARKJÓL DÓTTURINNAR



Hinn 23 ára Kjartan Jónsson byrjaði að hekla og prjóna af kappi árið 2013 þegar kann komst að því að hann og unnusta hans ættu von á barni. Hann hefur heklað og prjónað ýmislegt síðan þá en í uppáhaldi hjá honum er skírnarkjóllinn sem hann heklaði á dóttur sína.



## SELUR ROLLS ROYCE BÍLINN

Jósef Kristjánsson ætar að selja Rolls Royce bifreið sína því hann hefur víst ekki lengur tíma til að sinna sunnudagsbíltúrunum. Bíllinn er frá 1971 og slær í gegn í umferðinni enda fegurri bíl vart að sjá á götum Reykjavíkur. Ásett verð er 4,5 milljónir.

## EIN SKÆRASTA STJARNA JAPANS TIL LANDSINS



Yoshiki úr hljómsveitinni X Japan, verður viðstaddur frumsýningu heimildarmyndarinnar We Are X í Bíói Paradís síðar í mánuðinum. Myndin fjallar að mestu um Yoshiki, sem er stórstjarna í Japan, og ævi hans. Saga Yoshiki einkennist af gleði en líka mikill sorg en faðir hans framdi sjálfsmorð þegar Yoshiki var 10 ára. Einnig glímir hann við mikinn astma.

## CELL7 ER KOMIN AFTUR



Tónlistarkonan Cell7, sem var meðal annars í hinni goðsagnakenndu rappsveit Subterranean, er komin aftur fram á sjónarsviðið með nýtt efni. „Ég byrjaði að vinna að henni á síðasta ári – ég var ólétt þá og tók mér eiginlega svona fæðingarorlof. Það var svolitið strembið að vera með hálfan heila, ósofin og ólétt að vinna að rappplötu,“ segir hún spurð út í nýju plötuna.


Við eigum afmæli og nú er veisla

DORMA
Láttu drauminn rætast






POLO
hægindastóll

Afmælis
50%
AFSLÁTTUR

Afmælis-
stóllinn

Brúnt PU-leður Stærð: 80x90 H: 105 cm.

Fullt verð: 39.900 kr.

Aðeins 19.950 kr.




Okkar frábæru SPA handklæði eru ofin úr 100% tyrkneskri bómull. Sérstök aðferð við gerð handklæðanna gerir það að verkum að þau þerra einstaklega vel og veita þér þá mýkt sem þú átt skilið.

LÚXUS HANDKLÆÐI
á ótrúlegu verði

| Gerð | Stærð | Litir | Fullt verð | Afmælis verð |
|---|---|---|---|---|
| Spa þvottapoki | 15x21 | 5 litir | 195 kr. | 156 kr. |
| Spa þvottastykki | 30x30 | 5 litir | 195 kr. | 156 kr. |
| Spa handklæði | 40x60 | 5 litir | 595 kr. | 476 kr. |
| Spa handklæði | 50x100 | 5 litir | 895 kr. | 716 kr. |
| Spa handklæði | 70x140 | 5 litir | 1.695 kr. | 1.356 kr. |
| Spa handklæði | 90x170 | 5 litir | 2.795 kr. | 2.236 kr. |
| Spa baðmotta | 50x70 | 5 litir | 990 kr. | 792 kr. |

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast




Kate Hudson fékk sér fjölmarga tapasrétti og margarítur.

# Borðaði á Burro og dansaði á Discobar

Stórleikkonan Kate Hudson er stödd hér á landi til að taka upp auglýsingu fyrir snyrtivöruframleiðandann La Mer. Hún sletti úr klaufunum með dansi og drykk á fimmtudag í miðbæ Reykjavíkur.



Kate Hudson smakkaði nánast allar guðaveigar sem í boði eru á veitingastaðnum Burro ásamt hópi af íslensku kvikmyndagerðafólki. Hópurinn smakkaði alls konar rétti en Burro býður upp á úrval tapasrétta frá köldum túnfisk-tiradito að grillaðri nautalund með chimichurri og allt þar á milli.

Eftir matarupplifunina var haldið á efri hæðina þar sem þau fengu sér fáeinar margarítur og dönsuðu inn í nóttina sæl og glöð, södd og ánægð.

Hudson er hér á landi til að taka upp auglýsingu fyrir snyrtivöruframleiðandann La Mer en það eru krem sem ekki er á allra færi að kaupa. Hægt er að fá krem frá framleiðandanum á rúmar 90 þúsund krónur. Kremið þykir Rolls Royce í snyrtivöruheiminum og því þarf ekki að koma á óvart að La Mer leiti til Hudson sem andlits fyrirtækisins.

Hudson er fædd árið 1979 og er dóttir Bills Hudson og Goldie Hawn. Hún hefur fetað sig hægt og rólega upp metorðastigann í Hollywood eftir að hún sló í gegn sem Penny Lane í Almost Famous. Þar var hún tilnefnd bæði til Golden Globe og Óskarsverðlauna. Síðan hefur hún lítið gert annað en að leika í frábærum myndum eins og How to Lose a Guy in 10 Days, The Skeleton Key, You, Me and Dupree, Wish I Was Here og Deepwater Horizon.

Hún bætist þar með á langan lista Íslandsvina sem hafa heimsótt landið þetta árið en stjörnurnar í Hollywood hafa verið duglegar að koma hér við líkt og undanfarin ár.

**benedikt-boas@365.is**

## EFTIRMINNILEG HLUTVERK HUDSON

**Almost Famous** - Penny Lane
**How to Lose a Guy in 10 Days** - Andie Anderson
**Raising Helen** - Helen Harris
**You, Me and Dupree** - Molly Peterson
**Bride Wars** - Liv Lerner
**Kung Fu Panda 3** - Mei Mei
**Deepwater Horizon** - Felicia Williams



**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# S Ó F A D A G A R

























habitat SÍÐAN 1964

TEKK COMPANY

**TEKK COMPANY OG HABITAT**
**SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI**
**SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-FÖS 10-18**
**LAU 11-17 OG SUN 13-17**
**VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS**


HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
LADY litur mánaðarins
2782 DECO PINK
Einstaklega góður rósartónn. Passlega gylltur og dempaður, virkar ótrúlega vel með gráum, grænum og töfrandi rauðum tónum.
LADY
PREMIUM PAINT & COLORS
Blöndum alla liti
LADY Pure Color
Algjörlega mött veggmálning
Lady Pure Color frá Jotun er algjörlega mött málning, einstök litaupplifun. Ein vinsælasta málningin okkar í dag. Þekur vel og er mjög slitsterk.
JOTUN
LADY
PURE COLOR
supermatt
VEGG
25%
afsláttur
af ALLRI LADY
málningu frá JOTUN
Arnar Már Þorsteinsson
vörustjóri málningar.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
Gerðu fínt fyrir jólin
Tilboðsveisla
í október í Húsasmiðjunni
Allt PARKET
25-40%
afsláttur
blómaval
Erika og Calluna
Ný sending, margir litir
3 stk. veljið sjálf
990kr
Pottaplöntur
30-50%
afsláttur
Útsölunni lýkur um helgina




# Glæsilegur sýningarsalur

fyrir eldhús og bað í Skútuvogi



25% afsláttur

TILBOÐ

LAUFEN

**31.490 kr**

~~41.975 kr~~

**Vegghengt salerni**
Laufen Kartell veggskál. Seta seld sér.
7920016



GROHE

GOTT VERÐ

**19.490 kr**

**Eldhústæki**
Grohe eldhústæki með hárri sveiflu.
7910810



GROHE

GOTT VERÐ

**5.790 kr**

**Strutusett**
Grohe sturtusett.
7910827



33% afsláttur

NEO TOOLS

**Verkfærasápur**
NEO á hjólum með handfangi og dúkur á borði. Hægt að læsa. 6 skúffur.
5024494

**29.995 kr**

~~44.995 kr~~



35% afsláttur

**2.922 kr**

~~4.495 kr~~

**Verkfærataska**
NEO, 21"
5024826

STANLEY



30% afsláttur

**3.745 kr**

~~4.995 kr~~

**Bora- og bitasett**
Stanley, 100 stk.
5246112




27% afsláttur

STANLEY

**25.995 kr**

~~35.565 kr~~

**Hleðsluborvél,**
**18 v + 50 fylgihlutir**
2 stk., 2.0Ah Li-ion rafhlöður, hersla 50Nm, högg.
5151100




30% afsláttur

HITACHI
Inspire the Next

**22.995 kr**

~~32.995 kr~~

**Hleðsluborvél + 54 aukahlutir**
2x10,8V li-ion rafhlöður, hersla 35Nm, led ljós, þyngd 1 kg.
5246785

**Vinsælasta ljósið í Húsasmiðjunni**



PHILIPS

**Philips loftljós**
Mohair loftljós, hvítteða svart, 1x60W.
6165882-3

**15.795 kr**

## Ljós og perur

Fáðu ráðgjöf í dag

Á laugardag veita sérfræðingar frá Philips ráðgjöf við val á perum og ljósum í Húsasmiðjunni Skútuvogi frá kl. 12-16.

**Byggjum á betra verði**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja
ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Sirrýjar Hallgrímsdóttur



# Pólitísk réttarhöld

Flokkarnir eru í óðaönn að birta framboðslista sína. Þar kennir margra grasa eins og vanalega, reyndir stjórnmálamenn kveðja og nýir kveðja sér hljóðs, allt eftir kúnstarinnar reglum. Það er alltaf spennandi að fylgjast með nýju frambjóðendunum, hvernig standa þeir sig, hvað þeir hafa til málanna að leggja? Samfylkingin fór þá leið að velja Helgu Völu Helgadóttur til að leiða annað Reykjavíkurkjördæmanna. Og hún steig sín fyrstu skref í pólitíkinni í gær. Og þvílíkt skref.

**Allir sem kynntu sér sjö þúsundustu „frétt" Stundarinnar á þessu ári um Bjarna Benediktsson sáu að sú frétt var sama marki brennd og allar hinar á undan. Þráhyggja í fréttabúningi og ekkert nýtt þar. Reyndir stjórnmálamenn gættu sín flestir á því að tjá sig sem minnst og Bjarni svaraði þannig fyrir málið að ekkert stendur eftir af „fréttaflutningnum". En Helga Vala, leiðtogi Samfylkingarinnar í Reykjavík, ákvað að krefjast opinberrar rannsóknar. Þetta er hin nýja Samfylking, krafa um rannsóknarrétt yfir pólitískum andstæðingum er fyrsta viðbragðið. En kannski er nýja Samfylkingin ekkert ósvipuð þeirri gömlu. Það var jú gamla Samfylkingin ásamt VG sem leiddi ákvörðun um að halda pólitísk réttarhöld yfir Geir Haarde og mun sú skömm fylgja þeim flokkum lengi. Fram undan er niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu og verður fróðlegt að sjá hvert viðbragð þeirra sem ákærðu Geir á þingi verður, falli dómur Geir í vil. Mun það fólk sitja áfram á þingi ef það verður bert að því að hafa brotið mannréttindi? En krafan um réttarhöld yfir pólitískum andstæðingum er þekkt fyrirbæri í sögunni og Helga Vala aldeilis ekki í ónýtum félagsskap þar.**







